# FRÉTTABLAÐIÐ

298. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 21. DESEMBER 2015

**Fjölskyldumynd í frostinu** Miðbærinn iðar af lífi á aðventunni. Fjöldi fólks lagði leið sína á Ingólfssvell til að leika listir sínar á skautum og bragða á heitu kakói og ristuðum möndlum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Fögnum öll ljósinu, segir Guðmundur Andri. 18-26

**SPORT** Fullkomið tímabil hjá Jóni Arnóri og félögum. 28-30

**MENNING** Elísabet Jökulsdóttir selur jólabókina í Melabúðinni. 38-40

**LÍFIÐ** Hljómsveitin Misþyrming í níunda sæti á lista Noisey. 44-48

**PLÚS 3 SÉRBLÖÐ ● FASTEIGNIR ● FÓLK ● NETVERSLUN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Lögreglumaður vill lögbann á vændissíður

**Lögreglan vill auka eftirlit með vændi og vefsíðum sem auglýsa vændi. Rannsóknarlögreglumaður og sérfræðingur í mansali vill lögbann á vændissíður.**

**SAKAMÁL** „Lögreglan vill auka eftirlit með vændi og vefsíðum sem auglýsa vændi," segir Snorri Birgisson, rannsóknarlögreglumaður hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sem hefur haft samband við konur og karla sem hafa boðið sig til sölu á vefsíðum, veitt þeim ráðgjöf og kynnt þeim þau úrræði sem þeim standa til boða.

Nýverið var greint frá því í fréttum Stöðvar 2 að tæplega hundrað konur sem segjast vera staðsettar á Íslandi eru skráðar á alþjóðlega vefsíðu fyrir fylgdarþjónustu. Á síðunni kemur fram að auðvelt sé að verða sér úti um fylgdarkonu í Reykjavík. Snorri segir síðurnar fleiri.

„Við höfum reynt að ná til þeirra karla og kvenna sem hafa boðið sig til sölu á þessum síðum. Þótt margar konur séu skráðar á þessum síðum þá eru aðeins átta til tólf konur sem við vitum að eru virkar hverju sinni og einn karlmaður, síðurnar eru fleiri en ein.

Varðandi það að ná til þeirra sem stunda vændi þá eiga málin ekki að snúast um hve marga kaupendur hægt er að kæra. Þessi mál eiga að snúast fyrst og fremst um að ná til þolenda og veita þeim aðstoð. Engin 12 ára stúlka eða strákur ákveður þegar staðið er fyrir framan spegil að vændi verði ævistarfið. Þetta eru í sumum tilfellum aðstæður sem hafa skapast fyrir þann sem selur sig vegna utanaðkomandi ógnar," segir hann.

Snorri veltir því upp hvort ekki sé hægt að setja lögbann á síður sem auglýsa vændi. „Við höfum lokað síðum sem selja ólöglegt erlent niðurhal, getum við ekki líka lokað síðum sem auglýsa vændi og manneskjur til sölu?

Ég velti því fyrir mér af hverju það hefur ekki verið sett fram lögbannskrafa á síður sem þessar, rétt eins og gert var með síðuna deildu.net."

Snorri vísar í kröfu STEF, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, um lögbann á síðuna deildu.net árið 2014. Krafan varð til þess að íslenskum fjarskiptafyrirtækjum var gert að loka á vefsíður vegna höfundarréttar.

> **Við höfum lokað síðum sem selja ólöglegt erlent niðurhal, getum við ekki líka lokað síðum sem auglýsa vændi og manneskjur til sölu?**

Snorri Birgisson, rannsóknarlögreglumaður

„Ég myndi vilja sjá lögbann verða að veruleika, það er komið ákveðið fordæmi í þessum efnum."

Snorri segir dæmi um að þau sem bjóða þjónustu sína hér á landi í gegnum vefsíðurnar hafi viðurkennt að fá aðeins hluta ágóðans af sölu á kynlífi, þannig séu þau með stöðu þolenda mansals þótt þau hafi ekki óskað eftir aðstoð vegna þess. Lögreglan hafi rannsakað slík mál en ekki tekist að sanna mansal. **– kbg**

## Hefur ekki ráð á frumkvæði

**STJÓRNSÝSLA** Engin frumkvæðisathugun hefur verið gerð hjá umboðsmanni Alþingis á árinu því álag og fjárveitingar gera embættinu ekki kleift að sinna þeim.

„Ég tel þessa stöðu ekki ásættanlega miðað við núgildandi lög sem og þær ábendingar sem ég fæ og þær upplýsingar sem koma fram við athuganir á kvörtunum. Þá hefur heldur ekki gefist tækifæri til að ljúka sem skyldi eldri frumkvæðismálum og kvörtunum sem áformað hefur verið að ljúka í tengslum við þau," segir í ársskýrslu umboðsmanns Alþingis.

Frumkvæðisathuganir eru verkfæri umboðsmanns til að hafa eftirlit með stjórnvöldum án þess að kvörtun berist embættinu fyrst. Oftar en ekki er þá vísað til fjölmiðlaumfjöllunar. Lekamálið svokallaða er meðal athugana af þessu tagi. **– snæ / sjá síðu 8**

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Sími
512 4900
landmark.is
LANDMARK

## Veður




Austankaldi og dálítil snjókoma eða él, en slydda við suðurströndina. Frost víða 0 til 5 stig, en frostlaust syðst. SJÁ SÍÐU 36

**Útflutningsbætur að fullu afnumdar 2023 fyrir þróunarríki.**
MYND/GUNNAR SALVARSSON

# Þróunarmál í brennidepli

**UTANRÍKISMÁL** Á ráðherrafundi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem lauk á laugardag í Kenía voru samþykktar ívilnandi ákvarðanir til hagsbóta fyrir þróunarríki á sviði vöru- og þjónustuviðskipta. Þetta kemur fram á vef utanríkisráðuneytisins.

Þá var samþykkt bann við útflutningsbótum fyrir landbúnaðarvörur. I ðnríkjum ber að afnema að mestu útflutningsbætur á landbúnaðarvörur strax en þróunarríki fá aðlögunartíma til 2023. Ísland hefur þegar afnumið slíkar bætur. **– ngy**

# Hafna samkynja hjónaböndum

**SLÓVENÍA** Yfirgnæfandi meirihluti Slóvena hafnaði lögum sem hefðu gert samkynja pörum kleift að gifta sig í þjóðaratkvæðagreiðslu í dag. Útgönguspár gefa til kynna að 63 prósent kjósenda hafi hafnað lögunum en 37 viljað samþykkja þau. Talið er ólíklegt að tölurnar sveiflist svo nokkru nemi eftir því sem fleiri atkvæði verða talin.

Slóvenska þingið heimilaði samkynja hjónabönd í mars á þessu ári en hópar íhaldsmanna, sem studdir voru af kaþólsku kirkjunni, fóru fram á að þjóðaratkvæðagreiðslu um málið.

Þrátt fyrir að Slóvenía sé almennt talið eitt frjálslyndasta ríki fyrrum Sovétríkjanna eru réttindi hinsegin fólks enn töluvert bitbein þar ef marka má frétt Time um málið. **- sój**

# „Ríkið okkar drepur helling af fólki líka“

**BANDARÍKIN** Donald Trump hefur skorað á fjölmiðla í Bandaríkjunum að færa sér sönnunargögn þess efnis að Vladimír Pútín Rússlandsforseti hafi einhvern tímann fyrirskipað morð á blaðamönnum.

Hann lofaði í gær fjölmiðlafrelsið sem ríkti í Rússlandi og hét því að vinna náið með Pútín yrði hann kjörinn forseti.

Aðspurður hvort hann ætti ekki að fordæma morð á fjölmiðlamönnum sagði hann: „Ríkið okkar drepur helling af fólki líka.“

Fjölmiðlamenn hafa meðal annars bent á morðið á rannsóknarblaðamanninum Önnu Politkovskaya árið 2006 en margir telja að rússnesk stjórnvöld hafi þar átt í hlut. **– srs**


LED ljós fyrir grillið

Nú er ekkert mál að grilla allt árið
Öflugt ljós með 10 LED ljósum
Festist á handfang grillsins
360 gráðu snúningur

3.990
FULLT VERÐ 4.990

Opið alla daga til jóla
www.grillbudin.is

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400


# Beðið eftir rétta trénu

**Stórt og fallegt jólatré er fyrir mörgum ómissandi þáttur jólanna. Þessi stúlka fær eflaust að njóta þess að opna jólapakkana á aðfangadag undan einu trjánna sem voru á sölu hjá Flugbjörgunarsveitinni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Uppgefinn á áratuga snjómokstri í Garðabæ

**Kristján Jóhannesson, hálfníræður íbúi við Móaflöt í Garðabæ, sendi erindi til bæjarstjórans vegna þess að snjóruðningi er ýtt fyrir innkeyrslu hans. Kristján hefur mokað snjónum burt í tugi ára. Bæjarráðið tók undir athugasemdir hans.**

**SAMFÉLAG** „Þetta hefur verið alveg hreint ömurlegt. Ég hef í gegnum árin þurft að moka okkur hjónin út en nú get ég það bara ekki lengur enda orðinn 84 ára gamall og slæmur í bakinu,“ segir Kristján Jóhannesson sem býr við Móaflöt í Garðabæ.

Á dögunum sendi Kristján erindi til bæjarstjórans í Garðabæ og gerði athugasemdir við að snjóruðningi af götu hans væri ýtt fyrir innkeyrslur með þeim afleiðingum að oft er erfitt fyrir íbúa að komast frá húsum sínum, sérstaklega eldri borgara.

„Við krefjumst þess að verklagi verði breytt og að framvegis verði hreinsað frá okkar innkeyrslu og allra annarra við götuna. Sýnið okkur það að þið hafið ekkert á móti því að eldri borgarar búi eins lengi heima hjá sér og hægt er. Ef ekki verður á þessu breyting verðum við að óska eftir heimilishjálp til að moka burt ruðninginn ykkar,“ segir í bréfi Kristjáns til bæjarstjórans.

Að sögn Kristjáns hefur hann búið við þessar aðstæður í um þrjátíu ár.

„Það er alveg skammarlegt að þegar bærinn mokar götuna þá þurfi allir íbúar sem eru með innkeyrslu sunnan megin í götunni að moka sig út,“ segir Kristján og bætir við að á dögunum hafi hann lent í því að sitja fastur í skafli við heimili sitt eftir snjóruðning.

„Sem betur fer fékk ég aðstoð nágranna minna því annars hefði ég bara ekkert komist út. Ég hringdi líka um daginn á bæjarskrifstofuna og bað þá að koma og aðstoða okkur hjónin að moka til þess að við kæmumst út en fékk þá neikvætt var. Mér var sagt að þau gætu ekki lofað neinu og svo komu þau aldrei,“ segir Kristján.

**Kristján Jóhannesson segist vera slæmur í bakinu og ekki ráða lengur við að moka burt snjóruðningi sem lokar hús hans á Móaflöt af frá götunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Mér var sagt að þau gætu ekki lofað neinu og svo komu þau aldrei.**
>
> Kristján Jóhannesson, sem býr við Móaflöt í Garðabæ

Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar á dögunum og kom þar fram að ráðið tæki undir sjónarmið Kristjáns og fól ráðið bæjarstjóra að svara bréfinu.

„Við hjónin höfum reyndar ekkert heyrt frá þeim en okkur þykja það verulega góðar fréttir að þau séu sammála okkur.“

**nadine@frettabladid.is**

# FRÁBÆR TILBOÐ!

**21.12 OPIÐ TIL 22**
**22.12 OPIÐ TIL 22**
**23.12 OPIÐ TIL 23**

## 20-70% AFSLÁTTUR
*af öllum inni- og úti-seríum*

KRONBORG® OF DENMARK

PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

VALITOR KORTALÁN ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

Netgíró

## 5.000 AFSLÁTTUR
*af sæng*

**LÚXUS GÆSADÚNSÆNG**

**SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:**
**24.990**




**KRONBORG STORFJELLET GÆSADÚNSÆNG**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. **29.990** nú **24.990** X- löng: 135 x 220 sm. **34.990** nú **29.990** Tvíbreið: 200 x 220 sm. **49.990** nú **44.990** Vnr. 4112550, 4112551, 4112585

## 20-70% AFSLÁTTUR
*af öllu jóla-skrauti*

## ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR
*af barnasængur-verum*

## 20% AFSLÁTTUR
*af öllum jóla-kertum*

## 25% AFSLÁTTUR
*af ALF og ARE römmum*

## 50% AFSLÁTTUR
*af öllum jóla-köppum*

**2 STK. LÍTIL ÚTIKERTI**
**195**
**2 STK.**

**ÚTIKERTI**
Mikið úrval af útikertum.
Frábær verð! Vnr. 730213, 600019, 600036, 713415, 714401, 711648

## 30% AFSLÁTTUR
*af öllum dúkum, diskamottum og dúllum*

**RÚMFATALAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**TILBOÐIN GILDA TIL 24.12.15**

# Nýttu heimildina til að opna vopnakassa lögreglubíla í Reykjavík

**LÖGREGLUMÁL** „Þessi heimild var veitt á laugardag," segir Ásgeir Þór Ásgeirsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, um það að almennir lögregluþjónar hafi verið vopnum búnir á vettvangi á Kjalarnesi á laugardag.

Tilkynning barst lögreglu um mann á sjötugsaldri sem væri með skotvopn og sýndi af sér ógnandi framkomu á heimili sínu. Fréttablaðið greindi frá því í lok síðasta mánaðar að um miðjan desember yrði stefnt að því að skammbyssum yrði komið fyrir í sérstökum vopnakassa í lögreglubílum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrsta sinn.

Að sögn Ásgeirs Þórs voru allar verklagsreglur í kringum breytingarnar tilbúnar í síðustu viku og þriggja ára verkefni lokið. Vopnakössum hefur verið komið fyrir í nokkrum lögreglubílum á höfuðborgarsvæðinu.

Lögregluþjónar munu ekki koma til með að hafa aðgang að skammbyssunum nema þar til bær yfirmaður láti þeim í té aðgangskóða að vopnakassanum eftir að hann hefur verið upplýstur um málavexti.

Allar verklagsreglur í kringum breytingar á vopnamálum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu voru frágengnar í síðustu viku.

Yfirmaður mun þá meta nauðsyn þess í hverju tilviki fyrir sig.

„Í þessu tilviki var það aðstoðaryfirlögregluþjónn sem var bær yfirmaður til að veita hana. Ef verkefnið þolir ekki bið þá getur hann sjálfur tekið ákvörðun, annars þarf hann að bera ákvörðun undir yfirmann sinn," segir Ásgeir.

Kristján Ólafur Guðnason aðstoðaryfirlögregluþjónn, sem veitti umrædda heimild, segir að á laugardag hafi komið upp aðstæður þar sem verklagið hafi átt við og að eftir því hafi verið farið. **– ngy**

## Tvískipt útskrift hjá Tækniskólanum

**MENNTAMÁL** Tækniskólinn var með tvöfalda útskrift á laugardaginn og útskrifuðust 257 nemendur. Þetta var fyrsta útskrift skólans eftir sameiningu Tækniskólans og Iðnskólans í Hafnarfirði. Athöfnin fór fram í Silfurbergi í Hörpu og til að þurfa ekki að takmarka fjölda gesta var athöfninni skipt í tvennt.

Dúx skólans er Óli Grétar Skarphéðinsson af skipstjórnarbraut, með einkunnina 9,52. Semidúx er Vilhelm Þór Lundgrenn af tölvubraut með einkunnina 9,47.

Í fyrsta sinn í sögu skólans útskrifaði Flugskóli Íslands konu af flugvirkjabraut. Hún heitir Elsa Hrafnhildur Bjarnadóttir. **– ngy**

## Skjálfti í Bárðarbungu

**BÁRÐARBUNGA** Jarðskjálfti 3,5 að stærð varð í norðausturhluta Bárðarbunguöskju aðfaranótt sunnudags. Skjálftinn varð klukkan 02.32 og nokkrum mínútum síðar, klukkan 02.27, varð annar skjálfti 3,1 að stærð. Í kjölfarið urðu nokkrir minni skjálftar en skjálftar eru algengir á svæðinu. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Bárðarbunga er megineldstöð undir Vatnajökli. Jarðhræringar hófust í Bárðarbungu þann 16. ágúst á síðasta ári og í kjölfarið hófst eldgos í Holuhrauni sem stóð yfir í sex mánuði og er eldgosið mesta hraungos sem orðið hefur á Íslandi í 230 ár. Hraunið sem kom upp í gosinu þekur 85 ferkílómetra lands. **– gló**

# Albönsku fjölskyldurnar tvær með tvöfaldan ríkisborgararétt

Fjölskyldurnar fengu ríkisborgararétt á laugardaginn. Albanía býður upp á tvöfalt ríkisfang og því þurfa þær ekki að afsala sér albönskum ríkisborgararétti. Væntanlegar til landsins þann 10. janúar næstkomandi.

**SAMFÉLAG** Tvær fjögurra manna albanskar fjölskyldur fengu á laugardaginn ríkisborgararétt hér á landi.

Mál fjölskyldnanna tveggja vöktu gríðarlega athygli eftir að þeim var vísað úr landi fyrr í mánuðinum, ekki síst fyrir þær sakir að í báðum fjölskyldunum eru langveik börn. Hinn þriggja ára gamli Kevi sem þjáist af slímseigjusjúkdómi og hinn átta mánaða gamli Arjan sem fæddist með hjartagalla.

Fjölskyldurnar tvær sóttu um ríkisborgararétt síðastliðinn þriðjudag og á laugardaginn var ljóst að úr yrði þegar allsherjar- og menntamálanefnd lagði til að þeim yrði veittur ríkisborgararéttur.

Alls var 49 einstaklingum veittur ríkisborgararéttur en nefndinni bárust 64 umsóknir og tók Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður allsherjarnefndar Alþingis, fram við málflutninginn á laugardag að ákvarðanir Alþingis um veitingu ríkisborgararéttar væru ekki fordæmisgefandi.

Arndís Anna Guðmundsdóttir, réttargæslumaður Pepaj-fjölskyldunnar sem er fjölskylda Kevis, segir málið vissulega óvanalegt en fagnar niðurstöðunni. Venja sé að slík mál fari í gegnum Útlendingastofnun og ráðuneyti en Alþingi hafi þó heimild til þess að horfa fram hjá þeim skilyrðum. Í flestum tilvikum þarf fólk að bíða í nokkur ár áður en það á kost á að sækja um ríkisborgararétt.

Hún segir fjölskyldurnar að vissu leyti heppnar þar sem Albanía bjóði upp á tvöfalt ríkisfang, ef svo væri ekki þyrftu fjölskyldurnar að afsala sér ríkisborgararétti sínum í Albaníu.

„Þau eru heppin, við skulum orða það þannig. Albanía heimilar tvöfalt ríkisfang en það á auðvitað ekkert við um alla," segir hún og nefnir sem dæmi að Sýrland bjóði ekki upp á tvöfalt ríkisfang.

Arjan Lalaj ásamt systur sinni en hann er með meðfæddan hjartagalla. MYND/STÖÐ2

> Þau eru heppin, við skulum orða það þannig. Albanía heimilar tvöfalt ríkisfang en það á auðvitað ekkert við um alla.
>
> Arndís Anna Guðmundsdóttir, réttargæslumaður Pepaj-fjölskyldunnar

Arndís segir ríkisborgararéttinn farsælan endi á máli fjölskyldnanna þó að hann sé að mörgu leyti sérstakur og ekki sjálfgefið að fara í slíkt ferli. „Fólk kemur hingað og sækir um dvalarleyfi en ekki um ríkisborgararétt. Munurinn er gríðarlega mikill," segir hún.

Hermann Ragnarsson, vinur fjölskyldnanna og vinnuveitandi annars fjölskylduföðurins, opnaði styrktarreikning þar sem stefnt er að því að safna fyrir ferðakostnaði og ýmsu sem fjölskyldurnar kemur til með að vanhaga um á meðan þær koma sér fyrir hér á landi á nýjan leik en stefnt er að því að þær komi hingað til lands í janúar.

„Planið er þann 10. janúar en ef allt verður tilbúið fyrr þá flýtum við því," segir Hermann en hann vinnur auk þess að því að finna húsnæði fyrir fjölskyldurnar að búa í.

Fjölskyldunum var á laugardaginn tilkynnt í gegnum Skype að umsókn þeirra hefði verið samþykkt og segir Hermann það hafa verið frábæra stund. Túlkur las upp bréf fyrir Pepaj-fjölskylduna og grétu foreldrar Kevis af gleði við fréttirnar og sögðu þær bestu jólagjöfina sem sonurinn hefði getað fengið. **gydaloa@frettabladid.is**

# Verða reglulega fyrir hatursglæpum

**SAMFÉLAG** Samkynhneigt fólk á Íslandi verður reglulega fyrir hatursglæpum og áreiti vegna kynhneigðar sinnar. Þetta segir framkvæmdastjóri Samtakanna '78, en aðfaranótt sunnudags veittust fjórir menn um tvítugt að samkynhneigðu pari í miðbænum.

Jóhann Örn Bergmann Benediktsson greindi í gær frá því að umrætt kvöld hefðu hann og kærasti hans orðið fyrir aðkasti vegna kynhneigðar sinnar þegar fjórir menn um tvítugt veittust að þeim. Jóhann Örn lýsir atvikum þannig að hann og kærasti hans hafi verið á gangi eftir Lækjargötu fyrrinótt þegar ókvæðisorðum á borð við „faggaóged" og „hommaviðbjóður" var hrópað að þeim.

Auður Magndís Auðardóttir, framkvæmdastjóri Samtakanna '78, segir reynslu Jóhanns síður en svo einsdæmi. Atvik af þessum toga komi upp reglulega. Hún telur skýrt að um hatursglæp sé að ræða.

„Samkvæmt löggjöfinni á Íslandi þá er árás á persónu sem beinist gegn henni vegna kynhneigðar mjög klárlega flokkuð sem hatursglæpur. Þarna í þessu tilfelli er mjög skýrt að orðin sem eru látin fylgja árásinni eru vegna kynhneigðar," segir Auður.

Framkvæmdastjóri Samtakanna '78. MYND/JÖKULL JÓHANNESSON

> „Faggaóged" og „hommaviðbjóður" var hrópað að kærustupari í Lækjargötu í fyrrinótt.

Þrátt fyrir það sé ekki mikið um að fólk tilkynni slíkt ofbeldi til lögreglu. Þó að mikið hafi unnist séu fordómar víða. Því sé nauðsynlegt að gefa hvergi eftir í fræðslu, sérstaklega hjá börnum. **– þþ**

Geysir Skólavörðustíg 7 & 16, Haukadal og Akureyri. Sími 519 6000 — geysir.com

Borgarbúar í Idlib telja Rússa ábyrga fyrir árásunum en Rússar staðfesta það ekki. MYND/EPA

# Felldu 43 í árásum í Idlib

**SÝRLAND** Að minnsta kosti fjörutíu og þrír létust í nokkrum loftárásum á borgina Idlib í Sýrlandi í gær. Frá þessu er greint á vef BBC. Borgarbúar halda því fram að Rússar séu ábyrgir fyrir árásunum en Rússar hafa sjálfir ekki staðfest að svo sé. Skotið var á markað í borginni, á heimili fólks og á opinberar byggingar.

Rússar hófu loftárásir í Sýrlandi í september til að styðja við baráttu stjórnarhersins í landinu gegn uppreisnaröflum. Að sögn Rússa eru skotmörk þeirra einungis hryðjuverkamenn, sem flestir tengjast hryðjuverkasamtökunum ISIS. Samtök sem vilja Assad Sýrlandsforseta burt segja hins vegar að árásir Rússa hafi flestar beinst að uppreisnarmönnum sem njóta stuðnings Vesturlanda. Að sögn samtakanna særðust að minnsta kosti 170 manns í árásunum. **– ngy**

## Allt á floti á Filippseyjum

Stúlka með regnhlíf veður í gegnum flóðvatn á götu í úthverfi Maníla eftir heilmikla hitabeltisstorma sem gengu yfir Filippseyjar um helgina. 45 manns létust í óveðrinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Leituðu að bréfi Tongs

Anote Tong, forseti Kíribatí, ritaði bréf til allra þjóðarleiðtoga og bað þá um stuðning til að sett yrði alþjóðlegt bann við nýjum kolanámum. Í forsætisráðuneytinu kannast enginn við erindi Tongs og því hefur þess vegna ekki verið svarað.

**STJÓRNMÁL** „Við höfum gert leit að þessu í forsætisráðuneytinu og við finnum ekki bréfið frá Tong. Það hefur ekki borist hingað í ráðuneytið. Það er svo einfalt. Þannig er bara staðan. Við höfum ekki slíkt bréf undir höndum," segir Sigurður Már Jónsson, upplýsingafulltrúi ríkisstjórnarinnar, spurður hvort ráðuneytinu hafi borist erindi Anote Tongs, forseta Kíribatí, sem hann sendi öllum þjóðarleiðtogum um að sett yrði alþjóðlegt bann við nýjum kolanámum í heiminum í ljósi loftlagsbreytinga.

Anote Tong talaði um fljótandi eyjar, gríðarstóra sjávarveggi og aðrar aðgerðir til að bjarga eyríkinu frá afleiðingum hækkandi sjávarborðs. Forseti Kíribatí-eyja sagði að næðu menn ekki samkomulagi um hámarkshitun 1,5 gráður myndi Kíribatí sökkva í sæ.

Í bréfi Tongs til þjóðarleiðtoga færir hann þeim blessun sína, „Kam na bane ni Mauri", sem mætti útleggja sem „megi okkur alltaf heilsast vel".

Hann biður um stuðning í baráttu eyjaskeggja gegn loftlagsbreytingum með því að leggjast gegn byggingu nýrra kolanáma á alheimsvísu.

Tong hefur miklar áhyggjur af því að Kíribatí muni sökkva í sæ vegna loftlagsbreytinga og segir aðkallandi að bregðast strax við og biður því um stuðning þjóðarleiðtoga.

„Bygging hverrar nýrrar kolanámu grefur undan hverju því samkomulagi sem við náum í París," segir hann í bréfinu.

Anote Tong, forseti Kíribatí, sendi þjóðarleiðtogum bréf og bað þá um stuðning. Bréfið hefur ekki borist Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra og því getur hann ekki svarað því. MYND/VALGARÐUR

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, hefur lagt fram fyrirspurn til Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra um afstöðu hans til kröfu Kíribatí og spyr hvort krafa Kíribatí verði studd af Íslands hálfu.

„Það er bagalegt ef ráðuneytinu hefur ekki borist bréfið því samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk var að það hefði verið sent öllum þjóðarleiðtogum. Í ljósi loftslagsráðstefnunnar í París og þess samkomulags sem var undirritað þar er gríðarlega mikilvægt að þjóðir heims fari að taka afstöðu til nýrra verkefna á sviði jarðefnaeldsneytis. Þetta skiptir auðvitað miklu máli fyrir þessar þjóðir, eyríkin sem eiga á hættu að hverfa undir vatn. Ég hefði talið að Ísland með sína endurnýjanlegu orkugjafa ætti að vera í forystu í svona málum á alþjóðavettvangi, þess vegna lagði ég fram fyrirspurnina."

„Við munum svara fyrirspurn Katrínar en eins og ég sagði áður, þá hefur okkur ekki borist þetta erindi frá Tong," ítrekar Sigurður Már. Fréttablaðið spurðist einnig fyrir á skrifstofu forseta Íslands, hvort bréfið hefði borist þangað, en svo var ekki.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir

**Samsung Level Box** að verðmæti **20.000 kr.** fylgir

**Samsung Galaxy S6 Edge** 32GB

**109.990 kr.** stgr.

64GB **129.990 kr.**

**1 GB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir

**Samsung Galaxy S6** 32GB

**94.990 kr.** stgr.

64GB **119.990 kr.**

**500 MB** netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir

**Samsung Galaxy S5 Neo** 16GB

**69.990 kr.** stgr.

**250 MB** netnotkun eða **500 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir

**Samsung Galaxy J5** 8GB

**34.990 kr.** stgr.

Leiga á skautum fyrir 2 fylgir öllum **Samsung símum**

# Í jólaskapi með Nova!

**250 MB** netnotkun eða **500 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir

**Samsung Galaxy J1** 4GB

**19.990 kr.** stgr.

**UrbanEars** heyrnartól

**9.490 kr.** stgr.

Fáanleg í fimmtán litum

Tilboð

**Polar M400** GPS sportúr

**17.990 kr.** stgr.

**JBL Go** ferðahátalari

**4.990 kr.** stgr.

**Bíókort** 5x í bíó

**3.790 kr.** stgr.

**Bose** hátalari

**23.990 kr.** stgr.

**Nova stuðpinni**

**1.890 kr.** stgr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Námsárangur í grunnskóla Vestmannaeyja sagður óásættanlegur

**SKÓLAMÁL** Fræðsluráð Vestmannaeyja segir ósættanlegt að nemendur í grunnskóla bæjarins séu undir landsmeðaltali í samræmdum prófum.

Samkvæmt gögnum sem lögð voru fyrir fræðsluráðið í nóvember eru nemendur í 4. og 7. bekk Grunnskóla Vestmannaeyja undir landsmeðaltali í samræmdum prófum. Tölurnar eru settar fram á kvarðanum 0–60.

„Í 4. bekk var normaldreifða einkunnin í íslensku 27,7 og 29,7 í stærðfræði. Í 7. bekk var einkunnin í íslensku 28,4 og 27,6 í stærðfræði. Í 10. bekk var einkunnin 29 í íslensku, 28,2 í stærðfræði og 26 í ensku," kemur fram í fundargerð fræðsluráðsins sem hóf athugun á málinu. Meðal annars voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa fyrri ára og þær bornar saman við árangur í öðrum skólum og árangur í GRV undanfarin ár.

„Fræðsluráð er meðvitað um að það tekur tíma að bæta skólamenningu og árangur. Á seinustu misserum hefur verið ráðist í aðgerðir sem vafalaust eiga eftir að skila betri árangri í samræmdum mælingum og skólastarfi almennt. Eftir sem áður telur fræðsluráð ljóst að leita beri allra leiða til að bæta árangur GRV og að það sé óásættanlegt að nemendur í Vestmannaeyjum séu undir landsmeðaltali í samræmdum mælingum," segir fræðsluráðið.

Gera á óháða úttekt á ástæðum þess að grunnskólabörn í Vestmannaeyjum eru undir landsmeðaltali á samræmdum prófum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Af þessum ástæðum segir fræðsluráðið æskilegt að óháður aðili geri faglega úttekt á skólastarfinu í byrjun næsta árs og skili niðurstöðum fyrir vorið. Jafnframt er skólaskrifstofu bæjarins falið að vinna áfram að málinu. – gar

Fjárlagafrumvarpið var afgreitt á laugardagskvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/BALDUR

## Segir mistök hafa tafið fjárlög

**ALÞINGI** Tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á fjárlögum komu of seint inn í þingið og gögn voru of seint lögð fram.

Þetta segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra. Hann kveðst telja að endurskoða þurfi verklag við fjárlagagerðina í þinginu. Ekki sé eðlilegt að umræðan um fjárlagafrumvarpið taki jafn langan tíma og raun ber vitni.

Fjárlagafrumvarpið var afgreitt að lokinni þriðju umræðu á sjöunda tímanum á laugardagskvöldið og þingstörfum lauk svo á áttunda tímanum og eru þingmenn nú farnir í jólafrí. Bjarni sagði undir þriðju umræðu um fjárlagafrumvarpið að ákveðin mistök hefðu verið gerð sem varð til þess að fjárlagavinnan dróst jafn mikið á langinn og raunin varð. – bo

## Barn á Svalbarða lést eftir snjóflóð

**SVALBARÐI** Barn sem slasaðist alvarlega í snjóflóði sem féll í höfuðstað Svalbarða á laugardaginn lést í gær á sjúkrahúsi í Tromsö. Frá þessu er greint á Svalbarðapóstinum. Þar er haft eftir Leif Magne Helgasen, sóknarpresti í Svalbarðakirkju, að snjóflóðið sé mikill harmleikur.

Hann segir sorg einkenna andrúmsloftið á svæðinu. Ekki er talið að hitt barnið sem slasaðist í snjóflóðinu sé í lífshætta. Þá lést 42 ára gamall maður í flóðinu. – ngy

# Fjárskortur stendur frumkvæði umboðsmanns fyrir þrifum

Umboðsmaður Alþingis hefur ekki getað hafið frumkvæðisrannsókn á árinu sem er að líða vegna fjárskorts og anna. Mikilvægasta eftirlitsstofnun ríkisins að mati Bjargar Thorarensen, lagaprófessors í Háskóla Íslands.

**STJÓRNSÝSLA** Engin frumkvæðisathugun hefur farið fram hjá Umboðsmanni Alþingis á árinu því álag og fjárveitingar gera embættinu ekki kleift að sinna þeim. Þetta kemur fram í nýjustu ársskýrslu embættisins.

„Ég tel þessa stöðu ekki ásættanlega miðað við núgildandi lög sem og þær ábendingar sem ég fæ og þær upplýsingar sem koma fram við athuganir á kvörtunum. Þá hefur heldur ekki gefist tækifæri til að ljúka sem skyldi eldri frumkvæðismálum og kvörtunum sem áformað hefur verið að ljúka í tengslum við þau," segir í skýrslunni.

Frumkvæðisathuganir eru verkfæri umboðsmanns til að hafa eftirlit með stjórnvöldum án þess að kvörtun berist embættinu fyrst. Oftar en ekki er vísað til fjölmiðlaumfjöllunar þegar frumkvæðisathugun hefst.

Umboðsmaður Alþingis hefur brugðist við vandanum með svokölluðum forathugunarmálum. Þá er óskað eftir upplýsingum frá stjórnvöldum og lagt mat á hvort tilefni sé til að taka tiltekið málefni til athugunar. Þetta hefur sautján sinnum verið gert á þessu ári, nú síðast þegar óskað var eftir upplýsingum um málsmeðferð og rannsókn Útlendingastofnunar á umsóknum um mannúðarleyfi af heilbrigðisástæðum.

Forathugunin á útlendingamálum hófst vegna brottflutnings tveggja albanskra fjölskyldna en tveir langveikir drengir, þriggja ára og átta mánaða, höfðu notið heilbrigðisþjónustu hér á landi. Sem dæmi um aðra forathugun sem hefur átt sér stað á árinu er beiðni um upplýsingar um möguleika aðstandenda til að leggja fram kvörtun hjá landlækni yfir mistökum eða vanrækslu sem þeir telja hafa leitt til andláts sjúklings.

> Þetta er mikilvægasta stofnunin sem hefur eftirlit með framkvæmdavaldinu og stjórnsýslu á vegum stjórnvalda.
>
> Björg Thorarensen lagaprófessor

**15**

**frumkvæðisrannsóknir hófust árið 2009.**

**2**

**frumkvæðisrannsóknir hófust á árinu 2014.**

„Í stað þess að ákveðin atriði detti niður þá er frekar vakin athygli stjórnvalda á þeim og þau leggja þá mat á hvort þau taki sjálf boltann eða hvort umboðsmaður þarf að fara í málið," segir Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis.

„Þetta er mikilvægasta stofnunin sem hefur eftirlit með framkvæmdavaldinu og stjórnsýslu á vegum stjórnvalda," segir Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Hún játar því að að vissu leyti sé óheppilegt að stjórnvöld sjái um fjárveitingu til embættisins en segir að einhver þurfi að gera það. Fjárveitingarvaldið verði ekki tekið af Alþingi. snaeros@frettabladid.is

Tryggvi Gunnarsson hefur verið umboðsmaður Alþingis frá árinu 1998. Hann tók upp forathuganir til að bregðast við fjárskortinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Athyglisverðar frumkvæðisathuganir

**Lekamálið**
Umboðsmaður Alþingis hóf rannsókn á samskiptum Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, þáverandi innanríkisráðherra, og Stefáns Eiríkssonar, þáverandi lögreglustjóra, vegna lekamálsins svokallaða. Forathugun hófst í kjölfar fréttaflutnings DV af því að ráðherra hefði átt í samskiptum við lögreglustjórann um meðferð trúnaðarupplýsinga úr ráðuneytinu á sama tíma og lögreglurannsókn var í gangi.

**Fíkniefnaleit í framhaldsskólum**
Fjölmiðlar greindu frá því að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði hafið fíkniefnaleit í Tækniskólanum í Reykjavík árið 2010. Umboðsmaður leitaði svara við því af hvaða tilefni leitin var gerð og á hvaða lagagrundvelli. Niðurstaða umboðsmanns var að leit lögreglunnar hefði ekki stuðst við lagaheimild og beindi þeim tilmælum til lögreglustjórans að þau sjónarmið sem rakin voru í álitinu yrði höfð í huga í framtíðarstörfum lögreglunnar.

**Mannanafnanefnd á villigötum**
Árið 2010 komst umboðsmaður að því að oft væri misbrestur á því að rökstuddir úrskurðir mannanafnanefndar væru birtir opinberlega. Bætt var úr birtingunni snarlega.

# AÐEINS Í DAG!

# ALLAR ERLENDAR BÆKUR

# 25% AFSLÁTTUR

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

**5%** afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gildir aðeins 21. desmber. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Mjög ósáttir Kanarífarar millilentu í Helsinki með tuttugu Finna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslendingar sem áttu bókað beint flug með Primera Air frá Kanaríeyjum til Íslands í fyrradag eru verulegar ósáttir eftir að þeir þurftu að sætta sig við að fljúga fyrst til Finnlands. Flugferðin fór þar með úr rúmum sex klukkustundum í tæpar tólf.

Þegar Íslendingarnir komu á Gran Canaria-flugvöllinn í borginni Las Palmas í fyrradag var þeim tilkynnt að millilent yrði í Helsinki í Finnlandi því Primera Air ætlaði að koma um tuttugu manna hópi Finna þangað.

Voru íslensku farþegarnir að vonum verulega ósáttir við að heyra þetta samkvæmt heimildum Vísis enda áttu þeir bókað beint flug með Primera Air til Íslands. Voru margir þeirra á báðum áttum með að fara í flugið, þá sérstaklega eldri borgarar sem treystu sér varla í svo langt flug.

Hræðilegt, segir farþegi í flugi Primera Air frá Kanarí. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Flug frá Las Palmas til Helsinki er íviið lengra en frá Las Palmas til Keflavíkur, skeikar þar um fimmtán mínútum við bestu aðstæður, og því ljóst að þetta var töluverð röskun á þeim áætlunum sem Íslendingarnir höfðu gert ráð fyrir þegar þeir bókuðu ferðina.

Við lendinguna í Helsinki var þeim síðan tilkynnt að einhver töf yrði þar til flugvélin gæti farið aftur í loftið því bilun hefði orðið í loftræstikerfinu. Fengu þeir ekki að fara frá borði á meðan. „Þetta var alveg hræðilegt flug," sagði einn farþeganna sem vildi ekki láta nafns síns getið.

Vélin fór frá Las Palmas klukkan 16.40 í fyrradag og var áætlað að hún myndi lenda á Keflavíkurflugvelli klukkan 21.20 um kvöldið. Raunin varð önnur og lenti hún ekki fyrr en klukkan 04.21 í Keflavík í fyrrinótt. **– bo**

Af virkum fyrirtækjum eru 23.718 með færri en fimm starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Virk fyrirtæki eru alls 26.801

**HAGSTOFAN** Árið 2014 var 26.801 virkt fyrirtæki á Íslandi með tæplega 111 þúsund starfsmenn. Rekstrartekjur þessara fyrirtækja námu rúmlega 3.300 milljörðum króna. Þetta kemur fram á vefsíðu Hagstofu Íslands sem birtir í fyrsta skipti tölfræði um skipulag og rekstur fyrirtækja.

Af virkum fyrirtækjum eru 23.718 með færri en fimm starfsmenn og alls 25.180 með færri en tíu starfsmenn. Hjá fyrirtækjum með færri en tíu starfsmenn starfa samtals 32.150 og rekstrartekjur þessara fyrirtækja námu tæpum 708 milljörðum króna árið 2014. **– ngy**

# Starfsumhverfi sprotafyrirtækja standist alþjóðlegan samanburð

**Í nýrri aðgerðaáætlun í þágu sprotafyrirtækja er lagt til að innleiða skattalega hvata til ráðningar erlendra sérfræðinga, setja undanþágu á að leggja til stofnfé og einfalda skil ársreikninga minni fyrirtækjanna.**

**SKATTAMÁL** Í nýrri aðgerðaáætlun í þágu sprotafyrirtækja, undir heitinu Frumkvæði og framfarir, er lagt til að innleiða skattalega hvata vegna ráðningar erlendra sérfræðinga, mögulega með skattaafslætti af tekjuskatti.

Þetta kom fram í kynningu Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, á fimmtudag. Áætlunin miðar að því að starfsumhverfi fyrir frumkvöðla, sprotafyrirtæki og nýsköpunarstarf á Íslandi standist allan alþjóðlegan samanburð.

Samkvæmt upplýsingum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu tíðkast skattalegir hvatar vegna ráðningar erlendra sérfræðinga annars staðar á Norðurlöndunum. Því væri auðvelt að vinna samanburð á leiðum sem farnar hafa verið til að laða sérhæft starfsfólk til íslenskra fyrirtækja.

Útfærsla liggur ekki fyrir en algengt er að um tímabundinn afslátt af tekjuskatti sé að ræða. Þá verður skattlagning kaupréttar og umbreytanlegra skuldabréfa endurskoðuð. Breytingum á skattaumhverfi á að vera lokið ekki síðar en á vorþingi 2017.

Kannaðir verða kostir þess að bjóða upp á að hefja rekstur frumkvöðlafyrirtækja með stofnun frumkvöðlafélaga eins og þekkist meðal annars í Danmörku. Um væri að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum þess, þar sem ekki þyrfti að leggja til stofnfé í upphafi og ekki þyrfti að greiða skráningargjald. Þetta myndi ekki hafa áhrif á eignarrétt á viðkomandi félagi.

Óheimilt yrði að greiða félagsmönnum arð úr félaginu þar til því hefði verið lagt til stofnfé. Félagið yrði þó hægt að skrá á virðisauka- og launagreiðendaskrá. Með einföldum hætti yrði hægt að breyta slíku félagi í einkahlutafélag. Tillögum um málið verður skilað fyrir 1. júní næstkomandi.

Unnið hefur verið að frumvarpi til að einfalda skil ársreikninga svo draga megi úr umsýslukostnaði lítilla og meðalstórra félaga og bæta viðskiptaumhverfi þeirra. Lagt verður til að svokölluðum örfélögum, félögum með takmarkaða ábyrgð sem við uppgjörsdag fara ekki fram úr að minnsta kosti tveimur af eftirfarandi þremur viðmiðum; þrjú ársverk, 20 milljónir í eignir og 40 milljónir í hreina veltu, verði gert kleift að nýta skattframtal til ársreikningaskila.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, vill að starfsumhverfi sprotafyrirtækja á Íslandi standist alþjóðlegan samanburð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í reynd liggur hluti þeirra upplýsinga sem nú er farið fram á að birtist í ársreikningi lítilla félaga þegar fyrir á skattframtali viðkomandi félags og er því einfalt að sækja þær þangað. Kjósi forsvarsmenn fyrirtækis að nýta sér þennan möguleika þurfa þeir einungis að haka við einn reit á skattframtalinu og kerfið sér um að útbúa sjálfvirkt ársreikning. Áætlað er að þetta verði komið til framkvæmda vegna reikningsársins 2017. **saeunn@frettabladid.is**




# Fólki á framfærslu sveitarfélaga fækkar vegna betra atvinnuástands í landinu

**FÉLAGSMÁL** Fólki sem þiggur fjárhagsaðstoð fækkar í stærstu sveitarfélögum landsins. Aðalsteinn Sigfússon, sviðsstjóri velferðarsviðs í Kópavogi, segir að á þessu ári hafi útgreidd fjárhagsaðstoð minnkað um átta prósent. Fækkun á einstaklingum sem nýta fjárhagsaðstoðina sé talsverð umfram það.

Guðrún Sigurðardóttir, hjá fjölskyldudeild Akureyrar, segir að þróunin þar sé jafnframt sú að viðtakendum hafi fækkað. Séu fyrstu níu mánuðir þessa árs bornir saman við sama tímabil árið 2014 sé fækkunin um 55. Þeir voru 359 árið 2014 en fara í 304 eftir fyrstu níu mánuði þessa árs.

Ástæða bættrar stöðu er minnkandi atvinnuleysi. „Fjárhagsaðstoðin hefur alltaf haft mikla fylgni við atvinnuástandið þannig að mér finnst líklegt að það sé stóra skýringin," segir Guðrún Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Fjölskyldudeildar hjá Akureyrabæ. Hún segir að lögð sé mikil áhersla á að koma fólki í vinnu.

Guðrún segir ýmis virkniúrræði starfrækt fyrir fólk sem er atvinnulaust. „Við erum með fjölsmiðju fyrir unga fólkið og starfsendurhæfingu Norðurlands fyrir fólk á öllum aldri," segir Guðrún. Að auki sé sveitarfélagið í miklu samstarfi við Vinnumálastofnun.

135 einstaklingar fengu fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarbæ í nóvember síðastliðnum.

Byggingaframkvæmdir í Kórahverfi. Atvinnuástandið á Íslandi hefur snarbatnað á örfáum árum og er núna einungis um 2,7 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Samkvæmt upplýsingum frá Rannveigu Einarsdóttur, sviðsstjóra Fjölskyldudeildar Hafnarfjarðarbæjar, lækkaði fjárhæð framfærslustyrks um 18 prósent á tímabilinu september til nóvember miðað við sama tímabil í fyrra. Þeim sem fá framfærslu fækkaði um 26 prósent á þessu sama tímabili.

Eins og Fréttablaðið greindi frá á föstudag hefur þeim sem nota fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá Reykjavíkurborg fækkað um 10,9 prósent í ár. Þeir voru 3.080 á tímabilinu janúar til október 2014 en fækkaði niður í 2.745 á sama tímabili í ár.

„Það sem er sérstakt fagnaðarefni er að ungu fólki er að fækka mjög mikið hjá okkur og það er að komast í vinnu," sagði Kristjana Gunnarsdóttir, sviðsstjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Hún sagði að þróunina mætti fyrst og fremst skýra með því að möguleikar á atvinnumarkaði hefðu aukist og dregið úr atvinnuleysi.

Þegar tölur frá Vinnumálastofnun eru skoðaðar sést að atvinnuleysi hefur minnkað snarlega á tveimur árum. Í nóvember var það skráð 2,7 prósent. Í nóvember í fyrra var það hins vegar 3,3 prósent og 4,1 prósent í nóvember 2013. **– jhh**

**DIDRIKSONS** IMALA SNJÓGALLI
Ýmsir litir
**17.990 KR.**

**DIDRIKSONS** AMITOLA SNJÓBUXUR
Ýmsir litir
**10.900 KR.**

**DIDRIKSONS** NOKOSI BARNAÚLPUR
**14.990 KR.**

**DIDRIKSONS** SHELTER PARKA ÚLPA
Herra- og dömustærðir
**29.990 KR.**

**DIDRIKSONS** VENTURE SNJÓBUXUR
**17.990 KR.**

**COLUMBIA** CARSON PASS DÖMUÚLPA
**49.990 KR.**

**DIDRIKSONS** SIGVARD PARKA HERRAÚLPA
**39.990 KR.**

**DIDRIKSONS** FREJA DÖMUÚLPA
**39.990 KR.**

**COLUMBIA** LAY´D DOWN DÖMUÚLPA
**49.990 KR.**

**DIDRIKSONS** YED HERRAÚLPA
**29.990 KR.**

PIPAR\TBWA • SÍA

**REYKJAVÍK** • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 **AKUREYRI** • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630

Munið gjafabréfin!

## Afgreiðslutímar í desember

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mán. 21. des. | 10–22 | Aðfangadagur | 10–12 |
| Þri. 22. des. | 10–22 | Jóladagur | Lokað |
| Þorláksmessa | 10–23 | | |

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

# Nauðgari látinn laus

**INDLAND** Einn gerenda í hópnauðgun sem átti sér stað árið 2012 í Nýju Delí var látinn laus úr fangelsi í gær.

Maðurinn var undir lögaldri þegar hann tók ásamt nokkrum öðrum karlmönnum þátt í hópnauðgun á 23 ára konu í strætisvagni í borginni í desember árið 2012. Konan lést nokkrum dögum síðar á sjúkrahúsi í Singapúr.

Hann var dæmdur sem barn árið 2013 og hefur afplánað vist sína og er í dag yfir lögaldri.

Reynt var að hnekkja lausn hans fyrir dómstólum en sú tilraun tókst ekki.

Fjöldi fólks hefur reiðst yfir lausn mannsins og fjöldi mótmælti í Nýju Delí í gær. Maðurinn er undir eftirliti þar sem talið er að öryggi hans sé ógnað.

Fjöldi fólks mótmælti því að maðurinn var látinn laus. NORDICPHOTOS/AFP

Fimm aðrir voru dæmdir til dauða vegna glæpsins. Einn þeirra lést í fangelsi og fjórir hafa áfrýjað dauðarefsingunni. – srs

25%
afsláttur af öllum erlendum bókum
AÐEINS Í DAG!
Penninn Eymundsson

Afslátturinn gildir 21. desember. 5% Vildarafsláttur bætist við þennan afslátt fyrir Vildarvini.


# Pólitísk kollsteypa eftir þingkosningar á Spáni

**Kjósendur á Spáni hafna gömlu valdaflokkunum sem fengu innan við helming atkvæða. Ríkisstjórnin er fallin samkvæmt útgönguspám. Enginn flokkur náði hreinum meirihluta og ljóst er að stjórnarmyndunarviðræður verða erfiðar.**

**SPÁNN** Ríkisstjórn Spánar er fallin eftir að Spánverjar gengu að kjörborðinu í gær. Þjóðarflokkurinn, flokkur Marianos Rajoy forsætisráðherra, náði hreinum meirihluta í neðri deild spænska þingsins árið 2011 en hefur nú misst meirihlutann. Þjóðarflokkurinn er þó stærstur allra flokka með 26,8 prósent atkvæða og gæti freistað þess að mynda minnihlutastjórn. Þetta kom fram í útgönguspám en gert er ráð fyrir að endanleg úrslit liggi fyrir á næstu dögum.

Enginn einn flokkur náði hreinum meirihluta og því er ljóst að flokkarnir þurfa að ná saman um samsteypustjórn. Það verður í fyrsta sinn sem samsteypustjórn er mynduð á Spáni frá því að lýðræði var komið á fót árið 1978.

Tveir flokkar fögnuðu miklum árangri í kosningunum. Vinstri flokkurinn Podemos fékk 21,7 prósent atkvæða og flokkurinn Ciudadanos fékk 15,2 prósent atkvæða. Podemos er róttækur vinstriflokkur sem hefur gagnrýnt spillingu á Spáni og óréttlæti aðhaldsaðgerða stjórnvalda og Evrópusambandsins. Podemos svipar mikið til SYRIZA í Grikklandi enda eru Pablo Iglesias, leiðtogi Podemos, og Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, mestu mátar.

Ciudadanos er frjálslyndur vinstriflokkur sem var stofnaður til að berjast gegn þjóðernishyggju í Katalóníu og berst fyrir aukinni evrópskri samvinnu.

Þá fékk Sósíalistaflokkurinn verstu útreið í sögu sinni með 20,5 prósentum atkvæða.

Efnahagsmál Spánar voru í brennidepli en ríkisstjórn Rajoys hefur staðið í erfiðum niðurskurði og skattahækkunum undanfarin ár til að tryggja afkomu Spánar eftir efnahagshrunið. Rajoy hefur sagt að ríkisstjórn hans hafi skilað góðu búi en til að mynda er 3,3 prósenta hagvexti spáð á Spáni á næsta ári.

**» Mikill samhljómur er með Podemos og SYRIZA á Grikklandi. Báðir flokkarnir hafa andmælt aðhaldsaðgerðum stjórnvalda og Evrópusambandsins.**

Þrátt fyrir að hafa komið í veg fyrir þjóðargjaldþrot er atvinnuleysi 21 prósent ásamt því að ólga vegna sjálfstæðistilburða Katalóníu er mikil. Þetta hefur vakið upp mikla óánægju innan Spánar og virðast kjósendur afhuga hinum hefðbundnu flokkum, Þjóðarflokknum og Sósíalistaflokknum.

Óvíst er hvert leiðtogarnir muni leita til að freista þess að mynda ríkisstjórn en margir telja Podemos vera eitt allsherjar spurningarmerki og til að mynda birti dagblaðið El Mundo fyrirsögnina „Hættan á óstjórn er raunveruleg“ á forsíðu sinni í gær. **stefanrafn@frettabladid.is**

## Niðurstöður samkvæmt útgönguspám

**Mariano Rajoy** Þjóðfylkingin
**Kosningar 2011:** 44,6%

**Pablo Iglesias** Podemos
**Kosningar 2011:** Tóku ekki þátt

**Pedro Sanchez** Sósíalistaflokkurinn
**Kosningar 2011:** 28,8%

**Albert Rivera** Ciudadanos
**Kosningar 2011:** Tóku ekki þátt

# Gervisprengja um borð í Boeing 777

**FRAKKLAND** Boeing 777 flugvél Air France þurfti að nauðlenda í Keníu á leið sinni frá Máritaníu til Frakklands í gær.

Ástæða nauðlendingarinnar var að dularfullur pakki fannst á salerni flugvélarinnar. Grunur lék á að þar væri sprengja á ferð.

Við nánari athugun komust sprengjuleitarsveitir að því að sprengjan væri ekki ekta heldur var hún búin til úr pappa og skeiðklukku.

Farþegi uppgötvaði pakkann og tilkynnti áhöfn flugvélarinnar um hann.

Sex farþegar voru færðir til yfirheyrslu vegna málsins. Ekki er vitað hver ber ábyrgð á pakkanum en málið verður kært til lögreglu.

Sex farþegar voru teknir til yfirheyrslu. NORDICPHOTOS/AFP

459 farþegar voru um borð og 14 áhafnarmeðlimir og engan sakaði þegar fólkið fór frá borði.

Forstjóri Air France segir enga vankanta hafa verið á öryggismálum í Máritaníu enda engin raunveruleg sprengiefni að finna. Ljóst er að pakkanum var komið fyrir á salerni vélarinnar á meðan hún var á flugi. – srs

# HAGKAUPS HAMBORGARHRYGGUR

*Saltminni hryggur!*

**Hagkaups Hamborgarhryggur**
Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt strömgum gæðastöðlum Hagkaups.

HAGKAUP MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN

## Hið eina sanna!

**Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip**
Undanfarin áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

## Minna salt, sama bragð!

**Hagkaups hangikjötið**
Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan, Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# Allir sófar á **TAXFREE*** tilboði til jóla

**DORMA OPIÐ til kl. 20⁰⁰ í kvöld**

## Boggie
3ja sæta sófi

Slitsterkt áklæði. Grár, appelsínugulur, rauður, brúnn og blár

**Fullt verð 99.900 kr.**

Taxfree **80.565 kr.**

## Florida
hornsófi með tungu

Dökkt og ljósgrátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 239.900 kr.**

Taxfree **189.900 kr.**

## River svefnsófi
með tungu

Rúmfatageymsla í tungu. Grænt, blátt rautt og grátt áklæði. Hægri og vinstri tunga.

**Fullt verð: 159.900 kr.**

Taxfree **128.952 kr.**

## Regina
3ja sæta sófi

Stóll í klassískum stíl. Dökk- og ljósgrátt áklæði og viðarfætur.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Taxfree **56.371 kr.**

* **Taxfree tilboðið gildir bara á sófum og jafngildir 19,35% afslætti.** Taxfreetilboðið gildir ekki ofan á önnur tilboð t.d. jólatilboð. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður viðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma.

**Holtagörðum**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100

**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

**www.dorma.is**

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Hafðu það notalegt um jólin

## Komdu í Dorma

**SHAPE CLASSIC**
heilsukoddi

Dormaverð **5.900 kr.**

**SHAPE STANDARD**
heilsukoddi

**30% AFSLÁTTUR**

**Fullt verð: 5.900 kr.**

Jólatilboð **3.900 kr.**

PURE COMFORT
**TVENNUTILBOÐ**
fibersæng + koddi

PURE COMFORT **sæng**
**Fullt verð: 9.900 kr.**
PURE COMFORT **koddi**
**Fullt verð: 3.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 13.800 kr.**

Aðeins **8.900 kr.**

**ALLIR JÓLAILMIR 25% AFSLÁTTUR**

**Verðdæmi: Millistórt kerti í glerkrukku**
**Fullt verð: 4.290 kr.**

Aðeins **3.218 kr.**

**TVENNUTILBOÐ**
dúnsæng + koddi

**O&D dúnsæng - Stóri björn**
· 50% dúnn og 50% smáfiður
**Fullt verð: 19.900 kr.**
**+ Dúnkoddi - Stóri björn**
**Fullt verð: 5.900 kr.**

**Fullt verð samtals: 25.800 kr.**

**JÓLA-TILBOÐ**

Aðeins **19.900 kr.**

Sængurföt úr 100% bómullarsatíni frá MistralHome, þrír litir. 300 tc.

**Frábært verð og gæði**

Dormaverð **8.990 kr.**

**O&D dúnsæng**
· 90% dúnn
· 10% smáfiður

**Fullt verð: 25.900 kr.**

Jólatilboð **20.900 kr.**

Mikið úrval af vönduðum bómullarsængurfötum frá **Nordicform** á frábæru Dormaverði.

**NÝ SENDING turiform**

Dormaverð aðeins **11.990 kr.**

**Afgreiðslutími um jólin**
21. og 22. des. kl. 10-20 | 23. des. kl. 10-22 | 24. des. kl. 10-13

DORMA

Láttu drauminn rætast

# Ráðhús Kópavogs verði í miðbænum

**Arkitektastofan Zeppelin í samvinnu við bygginga- og þróunarfélagið Mannverk lagði fram tillögu á dögunum að nýju ráðhúsi í Hamraborg í Kópavogi. Einn arkitektanna vill að bærinn gefi tillögunni meiri gaum. Hún styrki enn frekar uppbyggingu miðbæjarins.**

**SAMFÉLAG** „Okkar hugmynd gengur út á það að byggja nýtt hús í Hamraborginni sem yrði ráðhús bæjarins. Hluti þess yrði þó væntanlega leigður undir aðra starfsemi, enda húsið stærra en þörf er á undir bæjarskrifstofur," segir Orri Árnason, arkitekt á arkitektastofunni Zeppelin.

Tillöguna að uppbyggingu miðbæjar Kópavogs hefur Zeppelin unnið ásamt nokkrum fjárfestum. Vinnan var unnin í framhaldi af auglýsingu Kópavogsbæjar um sölu á skrifstofum bæjarins og þróun miðbæjarsvæðisins.

Starfshópur um húsnæðismál bæjarskrifstofu Kópavogs hefur ekki komist að samkomulagi um framtíðarlausn og er klofinn í afstöðu sinni. Meðlimir hópsins geta ekki sammælst um hvort flytja eigi skrifstofur í annan hvorn af turnunum tveimur við Smáralind eða ráðast í endurbætur á núverandi húsnæði.

„Ráðhúsið tæki mið af bogadregnum húsum í næsta umhverfi og auðvitað einnig af Kópavogskirkju, kennileiti bæjarins. Þjónustubygging sem myndi teygja sig út frá ráðhúsinu og yfir á brúna yfir Kópavogsgjá myndi hýsa verslanir og veitingastaði og mynda skjól fyrir vindum, um leið og hún myndar ráðhústorg, ásamt tveimur byggingum sem standa sín hvorum megin brúarinnar," segir Orri og bætir við að á ráðhústorginu yrðu veitingastaðir og verslanir.

Fjórar tillögur um nýjar bæjarskrifstofur bárust Kópavogsbæ eftir að auglýst var eftir þeim. Að sögn Orra virðist sem fjórða tillagan, tillaga Zeppelin, hafi dottið út af borðinu.

„Tillöguna kynntum við á fundi þar sem einungis mættu tveir embættismenn fyrir hönd bæjarins," segir hann.

Að sögn Orra eiga bæjarskrifstofurnar heima í ráðhúsi í miðbæ Kópavogs, enda styrki slíkt fyrirkomulag allan brag og bæjarvitund.

Tillöguna að uppbyggingu miðbæjar Kópavogs hefur Zeppelin unnið ásamt nokkrum fjárfestum. MYND/ZEPPELIN

Vinnan var unnin í framhaldi af auglýsingu Kópavogsbæjar um sölu á skrifstofum bæjarins og þróun miðbæjarsvæðisins. MYND/ZEPPELIN

> **Tillöguna kynntum við á fundi þar sem einungis mættu tveir embættismenn fyrir hönd bæjarins.**
>
> Orri Árnason, arkitekt hjá Zeppelin

„Það vita allir að miðbær Kópavogs er í Hamraborginni og við viljum halda skrifstofunum á svæðinu en þróa og fegra það í leiðinni. Öllum breytingum fylgja tækifæri og er umrætt svæði í slæmu ásigkomulagi. Menn hafa lengi haft hugann við það að þarna verði flottur miðbær og lagt í það ómælt fjármagn. Í því sambandi er sjálfgefið að nefna yfirbyggingu sjálfrar gjárinnar, Gerðarsafn og Salinn. Okkar hugmynd er liður í því að styrkja enn frekar við þá uppbyggingu," segir Orri Árnason.

**nadine@frettabladid.is**

Samkvæmt tillögu Zeppelin væri þjónustubygging á svæðinu sem myndi teygja sig út frá ráðhúsinu og yfir á brúna yfir Kópavogsgjá og myndi hýsa verslanir og veitingastaði og mynda skjól fyrir vindum. Um leið myndi hún mynda ráðhústorg ásamt tveimur byggingum sem standa sín hvorum megin brúarinnar. MYND/ZEPPELIN


# Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Umsóknarfrestur til **1. febrúar 2016**

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur úthlutað 120 milljónum króna í íslenskukennslu fyrir útlendinga fyrir árið 2016. Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í þjóðskrá*, tækifæri til að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að geta orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

**Fræðsluaðilar, fyrirtæki og stofnanir** sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki eða stofnanir, sem ekki eru fræðsluaðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluaðila sem annast kennsluna fylgja umsókninni.

**Umsóknargögn er að finna á www.rannis.is og skal skilað á rafrænu formi.**

Upplýsingar um sjóðinn veitir Jón Svanur Jóhannsson, verkefnastjóri á mennta- og menningarsviði í síma 515 5820 og á jon.svanur.johannsson@rannis.is

** Hælisleitendur eru undanþegnir kröfu um skráningu í þjóðskrá meðan málefni þeirra eru til skoðunar hjá stjórnvöldum.*

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafisk hönnun


# Rektorar andvígir tillögum um samstarf

**MENNTAMÁL** Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólunum á Bifröst og á Hólum verður gert að taka upp formlegt samstarf samkvæmt tillögum starfshóps um ávinning af auknu samstarfi skólanna. Rektorar gagnrýna tillögurnar sem þeir telja þurfa að greina miklu betur.

Í skýrslu starfshópsins sem skilað var í nóvember er lagt til að skipaðir skuli tveir nýir starfshópar til að vinna hugmyndirnar frekar. Annar hópurinn verði skipaður fulltrúum háskólanna og menntamálaráðuneytisins til að finna leiðir að frekari samþættingu náms og ýmissar stoðþjónustu, svo sem tölvukerfa, bókhalds og umsjón verkefna háskólanna. Ríkið leggi vinnunni til fimmtíu milljónir króna.

Hinum hópunum, sem verði á vegum stjórnarráðsins, verði meðal annars falið að finna leiðir til að gera upp skuldir Landbúnaðarháskólans og Háskólans á Hólum við ríkissjóð sem og að endurfjármagna lán við Íbúðalánasjóð.

Uppsafnaður halli Landbúnaðarháskólans nemur 422 milljónum króna og Háskólans á Hólum 170 milljónum króna.

Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans, og Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor Háskólans á Hólum, skiluðu bæði séráliti fyrir hönd sinna skóla þar sem þau gagnrýndu að ekki lægi fyrir neitt mat á kostum og göllum tillagnanna. Slíkt þyrfti að vera gert áður en ákvörðun um aukinn samrekstur yrði tekin.

„Við viljum ekki breyta um rekstrarform bara sisvona, einn, tveir og þrír, án þess að það séu gerðar einhverjar úttektir á kostum og göllum rekstrarforma við háskóla," segir Björn.

Að sögn Björns er efling samstarfsnets opinberra skóla mun betri lausn. Í skýrslu nefndarinnar er lagt til að ríkið setji 75 milljónir króna í að efla samstarfsnetið. „Það er miklu vænlegri kostur en að fara að skipuleggja samstarf skóla eftir einhverri pólitískri forskrift."

Einnig er lagt til að háskólarnir fái samtals 182 milljóna viðbótargreiðslu á fjárlögum næsta árs svo þeir geti mætt kröfum sem gerðar séu til þeirra. Meirihluti fjárlaganefndar hefur þegar lagt til að háskólarnir fái megnið af þeirri upphæð, samtals 133 milljónir króna. Björn gagnrýnir að lagt sé til að koma á nýjum garðyrkjuskóla á Flúðum eða Reykholti í Biskupstungum til viðbótar við núverandi garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskólans á Reykjum í Ölfusi sem hafi verið fjársveltur síðustu ár. Hugmyndirnar hafi aldrei verið ræddar innan starfshópsins né heldur við stjórnendur skólans á öðrum vettvangi.

„Við áttum okkur ekki á hvað formennirnir eru að hugsa. Þetta er bara ekki unnin tillaga að neinu leyti. Eins og sakir standa með okkar garðyrkjuskóla núna þá er hann mjög illa settur með ástand bygginga og annað," segir Björn.

Formenn nefndarinnar voru Ásmundur Einar Daðason, þingmaður Framsóknarflokksins, og Haraldur Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. **– ih**

Í skýrslu starfshóps er rekstur nemendagarða sagður ósjálfbær miðað við núverandi skuldastöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við áttum okkur ekki á hvað formennirnir eru að hugsa. Þetta er bara ekki unnin tillaga að neinu leyti.**
>
> Björn Þorsteinsson, rektor Landbúnaðarháskólans

# ÞAÐ STYTTIST Í ÁRAMÓTAGLEÐINA

## GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS

# 20% AFSLÁTTUR
## AF LJÓSUM OG VALDRI SMÁVÖRU

the PIER

**JÓLAOPNUN VERSLANA**

| SMÁRATORG | | KORPUTORG | | GLERÁRTORG | |
|---|---|---|---|---|---|
| 21. DES | 11.00–22.00 | 21. DES | 11.00–22.00 | 21. DES | 11.00–22.00 |
| 22. DES | 11.00–22.00 | 22. DES | 11.00–22.00 | 22. DES | 11.00–22.00 |
| 23. DES | 11.00–23.00 | 23. DES | 11.00–22.00 | 23. DES | 11.00–23.00 |
| 24. DES | 09.00–13.00 | 24. DES | 09.00–12.00 | 24. DES | 10.00–12.00 |

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • www.pier.is

# Ískaldar jólakveðjur

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það voru ískaldar jólakveðjur sem aldraðir og öryrkjar fengu frá stjórnarmeirihlutanum á Alþingi í síðustu viku. Ekki einn einasti stjórnarþingmaður hafði til þess hjartalag að standa með þeim sem mest þurfa á því að halda. Þeim sem margir búa við lökust kjörin á Íslandi.

Öllu hugrakkari var meirihlutinn þegar kosið var um hans eigin buddu og afturvirkar kjarabætur fuku í gegnum þingið án vandkvæða enda stutt til jóla með öllum þeim útgjöldum sem því fylgja.

Það er þó hætt við að slíkt valdi mörgum í röðum aldraðra og öryrkja lítilli kæti enda buddan víða svo gott sem tóm á þeim bæjum. Bjarni Benediktsson taldi þó stjórnina hafa gert vel við þennan hóp með leiðréttu frítekjumarki og leiðréttum grunnlífeyri. Þetta gagnast þeim sem eru á vinnumarkaði eða búa við góðan lífeyrissjóð en ekki þeim sem lökust hafa kjörin. Bjarni virðist gleyma því en muna að verður er verkamaður launa sinna. Vandinn er hins vegar sá að lágmarkslaun á Íslandi eru svo smánarlega lág að það er ekki dragandi fram á þeim lífið. Þar með ratar þessi réttlæting til heimahaganna þar sem fjölmargir búa við óviðunandi kjör og þurfa ítrekað að leita á náðir hjálparstofnana fyrir sig og sína til þess að draga fram lífið.

Við þetta bætist svo sú einfalda staðreynd að margir lífeyrisþegar og öryrkjar hafa unnið alla sína ævi af kappi og heiðarleika en búa engu að síður ekki við viðunandi lífeyrissjóð. Að auki má geta þess að við eigum ekki öll kost á því að vinna og þar getur fjölmargt komið til. Fötlun, veikindi og áföll er nefnilega ekki val.

Þannig getur til að mynda verið komið fyrir sumum af skjólstæðingum Ásmundar Friðrikssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins og formanns Þroskahjálpar á Suðurnesjum, en allt kom fyrir ekki. Ásmundur hafði ekki hugrekki til þess að ganga gegn vilja stjórnarmeirihlutans og með sannfæringu sinni eins og hann hafði áður fullyrt að hann ætlaði sér. Nei, Ásmundur kaus að sitja hjá, láta hagsmuni félagsmanna Þroskahjálpar á Suðurnesjum lönd og leið en fullyrða þess í stað um bót og betrun árið 2018.

Það verður forvitnilegt að sjá hvort formaður Þroskahjálpar á Suðurnesjum verður þingmaður árið 2018. Nú, ef svo verður, þá er umhugsunarefni hvort Ásmundur verði enn formaður Þroskahjálpar ef hann heldur áfram á þingi. Það er að minnsta kosti greinilega erfitt að vera beggja vegna borðsins og því skást að sitja hjá undir borðinu á meðan ósköpin ganga yfir.

En eftir stendur að þessi ríkisstjórn ætlar ekki að láta minnast sín fyrir stórhug og gott hjartalag í garð þeirra þegna sem mest þurfa á því að halda. Nei, það er greinilega eitthvað allt annað en boðskapurinn sem jólahátíðinni er ætlað að færa okkur í vikunni sem þar er efst á blaði. Gleðilega hátíð!

**En eftir stendur að þessi ríkisstjórn ætlar ekki að láta minnast sín fyrir stórhug og gott hjartalag í garð þeirra þegna sem mest þurfa á því að halda.**

Halldór

## Frá degi til dags

**Hafnarvitleysan**

**Fjölmargir eru afar ósáttir við að aðgerðin við að fjarlægja gamla hafnargarðinn skuli kosta 500 milljónir. Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra, gerir þetta að umtalsefni á Facebook-síðu sinni. „Landstólpi borgar þessa vinnu. Fyrirtækið mun hugsanlega reyna að sækja bætur fyrir dómstólum, en Minjastofnun hefur bent á að því hafi mátt vera ljóst að slíkar minjar gæti verið að finna á svæðinu," segir Jóhannes og hefur hárrétt fyrir sér en ekki er hægt að fullyrða að verkið kosti ríkið 500 milljónir, sama hversu umdeilt verkefnið þykir.**

**Arfleifð Einars**

**„Ég get ekki neitað því að það hafa verið mér nokkur vonbrigði að við höfum ekki náð að haga þingstörfum í samræmi við starfsáætlun Alþingis," sagði Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, við þingslit á laugardaginn. Nærri allir stjórnmálamenn eru sammála um að þingsköpin séu úr sér gengin og bjóði hreinlega upp á súra stemmingu á Alþingi. Á næsta ári hlýtur að skapast svigrúm til að breyta þingsköpunum og þar með hefðunum. Nú er lag fyrir Einar að sameina stjórnmálaöflin um betri stjórnmálamenningu. Það gæti verið hans síðasta afrek í embætti forseta en óvíst er hvort hann muni gegna því hlutverki áfram eftir þingkosningar 2017.**

stefanrafn@frettabladid.is

# Friðarganga fyrir alla eða kirkjuheimsókn fyrir suma?

Bjarni Jónsson
framkvæmdastjóri Siðmenntar

Prestarnir Arna Sigurðardóttir og Guðrún Karls Helgudóttir skrifa grein í Fréttablaðið þann 17. desember og eru kirkjuheimsóknir skólabarna umræðuefnið. Þær hvetja öll trúar- og lífsskoðunarfélög til að bjóða skólabörnum í heimsókn til sín á hátíðum viðkomandi safnaða.

Ég tek heilshugar undir hvatningu þeirra. Ég tel mikilvægt fyrir öll börn að kynnast trúarbragðasögu sem kennd er í skólum. Ég tel hins vegar ekki að slíkar heimsóknir eigi að fara fram á skólatíma og eru ástæður margar.

Opinberir skólar eru griðastaður barna okkar þar sem foreldrar eiga að vera öruggir um að fram fari kennsla en ekki innræting. Hlutverk og verkefni trúfélaga er að boða trú í hvaða formi sem það er gert. Þar skilur að skóla og trúfélög.

Það sem prestar virðast eiga erfitt með að skilja er að með því að skipuleggja heimsóknir skóla í kirkjur er verið að ganga á rétt foreldra til að ala barn sitt í þeirri trúar- eða lífsskoðun sem það kýs. Annað sem virðist stundum gleymast er að í skólunum eru börn foreldra sem eru trúlaus en einnig börn innflytjenda sem eru af allt annarri trú eða jafnvel engri.

Með því að skikka heilu skólana í heimsókn í kirkjur er verið að aðgreina nemendur eftir lífsskoðun. En það eru töluvert margir foreldrar sem eiga mjög erfitt með að stíga fram og andmæla. Þau eru hrædd um að börn þeirra verði fyrir aðkasti samnemenda eða starfsfólks skólans. Okkur hjá Siðmennt berst töluvert af slíkum kvörtunum á hverju ári.

Ég tek því heilshugar undir áskorun prestanna um kirkjuferðir. Þau trúfélög sem vilja ná til barna bjóði foreldrum þeirra að sækja kirkjur utan skólatíma. Þá er tryggt að heimsóknin valdi ekki endalausri neikvæðri umræðu, óþarfa rifrildi og sundrungu á meðal foreldra og starfsfólks, því það eru ekki allir starfsmenn sáttir.

Förum að fallegu fordæmi skólastjórnenda í Langholtsskóla sem skipulögðu friðargöngu fyrir alla en hættu við kirkjuheimsókn fyrir suma.

**Með því að skikka heilu skólana í heimsókn í kirkjur er verið að aðgreina nemendur eftir lífsskoðun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Og svo koma jólin

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Sú var tíð að á Íslandi ríkti trúræði. Kallaveldi: þeir ríktu yfir fólkinu hver af öðrum, kall af kalli, koll af kolli. Efst trónaði guð almáttugur en í neðra sat skrattinn um sálirnar, ríkti yfir hvatasviðinu og speglaði uppreisnargirnina.

Hin lúthersk-evangelíska kirkja hafði um aldir einkarétt á prentverki í landinu. Það jafngildir því að ráða yfir öllum fjölmiðlum og stjórna internetinu nú á dögum. Prestar höfðu hönd í bagga með lestrarkennslu og uppfræðslu barna. Börnin lærðu að lesa á kverið sem var samsafn af guðsorðatextum; fermingin var svo nokkurs konar próf í lestri og þekkingu þar sem allt snerist um Biblíufræði; stæðist maður fermingu var maður útskrifaður í guðsótta. Mestöll þekkingarmiðlun átti sér um aldir stað gegnum kirkjuna sem miðlaði fastmótaðri heimsmynd sinni. En um leið bundu lærðir menn forna og heiðna visku í flókið rím og eddumennt sem kirkjunni tókst aldrei að ná tökum á.

### „Ó syndin arga ...“

Trúin gegnsýrði daglegt líf. Fólk fór með bænir þegar það fór á fætur, klæddi sig, mataðist, gekk til verka sinna, tók á sig náðir; sjófarendur fóru með sjóferðarbæn, sláttumenn sláttubæn, alls staðar var guð hafður með í ráðum.

Lífið var samfellt hreinsunarstarf: innrætingin snerist um eilífa og óafmáanlega sök; það var saknæmt að vera til. Maðurinn fæddist syndugur vegna erfðasyndarinnar og átti öllum stundum að bæta fyrir það frumbrot sitt að hafa etið af skilningstré góðs og ills. Reglulega fór fram húslestur þar sem húsbóndinn las úr predikunum sem biskupar höfðu sérstaklega samið fyrir slík tilefni. Félagslíf fólks utan heimilis fór líka að mestu fram á forsendum kirkjunnar – við messur á sunnudögum og stórhátíðum. Sálmar voru sungnir og lesnir. Kirkjan og trúin umlukti allt. Yrði einhverjum á að taka aðra trú eða jafnvel boða hana – eins og Eiríkur frá Brúnum mátti reyna svo seint sem á seinni hluta 19. aldar – sætti viðkomandi útskúfun og kárínum af hendi yfirvalda.

Hræðslan var grunnkennd tilverunnar. Orð eins og „guðsótti“ og „guðhræðsla“ þóttu lýsa æskilegu hugarástandi. Þetta var ósveigjanleg bókstafstrú og það var hamrað á henni. Sannleikurinn var einn og ótvíræður. Sá sem féllst á hann var hólpinn – ef ekki varstu glötuð sál. Þetta var trúræði. Samt þreifst til hliðar við rétttrúnaðinn trú á stokka og steina, huldufólk, tröll, sjávarvættir, skrýmsli á borð við Þorgeirsbola sem ég er enn að bíða eftir fyrstu hryllingsmyndinni um. Hið óstýriláta og óhlýðna hugarflug finnur sér alltaf farveg.

Við lifum nú í sekúlaríseruðu samfélagi. Kirkjan breyttist smám saman, ný guðfræði leit dagsins ljós, prestar tóku að leggja út af orði Biblíunnar á nýjan hátt, leggja áherslu á kærleika fremur en heift, fyrirgefningu fremur en dóm. Efinn á sér sinn stað, spurningarmerkinu var hleypt inn í frásögnina. Þetta er opinn texti en ekki lengur lokaður. Kirkjan hefur nú allt aðra nærveru í samfélaginu en forðum tíð; prestar líta almennt á sig sem þjóna á vegum guðs fremur en herra yfir sálarlífi alþýðufólks. Kirkjan er samfélag, vettvangur fyrir samverustundir á trúarlegum grunni í fremur víðum skilningi. Þar er unnið líknarstarf, reynt að styðja og styrkja, líkna og hugga fremur en að hræða, dæma og kúga til hlýðni.

> **Við eigum að fara varlega í að boða trú – og afboða hana. Viss öfl nærast á kúltúrstríðum og reyna að magna sig og völd sín með því að beina pólitík í þann farveg fremur en að leyfa henni að snúast um skiptingu gæða.**

Kirkjan á samt þessa sögu. Og sagan kennir okkur hversu mikilsvert það er fyrir okkur að búa í opnu samfélagi þar sem við tökumst á og ræðum saman um hugmyndir og sannleika en fáum hann ekki skenktan að ofan eins og hvern annan lýsisskammt í skeið.

### Boð og afboð

Trúræðistíminn er ekki rifjaður upp til að draga fram hversu rangt hugmyndakerfi kristin trú sé og að við eigum að afneita henni og fordæma hverja þá manneskju sem trúir því að Kristur hafi fæðst og lifað og dáið til þess að hver sá sem á hann trúir öðlist eilíft líf – og hvað þá hitt að rangt sé að elska drottin guð sinn af öllu hjarta og náunga sinn eins og sjálfan sig. Ógnin felst í hinu: einokun hugmyndanna, innrætingu lokaðs hugmyndakerfis; hvort sem það kerfi er kennt við vísindi, þjóðfélagsskipan eins og sósíalisma eða kapítalisma; upphafningu þjóðernis; trúarbrögð eins og kristni, íslam eða gyðingdóm. Ógnin kemur frá bókstafstrúarmönnum hvers kyns hugmyndakerfa sem túlka bókstafinn einstrengingslega til að öðlast vald yfir öðru fólki. Okkur á að standa stuggur af þeim sem aldrei skjátlast miklu fremur en hinum sveimandi huga leitandi sálar sem vill finna sér stað í lífsundrinu.

Og svo koma jólin. Við erum kristin og ókristin, heiðin og hindúar, búddistar, múslimar, andatrúar eða andtrúar, eða fólk sem einsetur sér að trúa ótal ósennilegum hlutum bara til að gefa lífinu lit. Öll fögnum við ljósinu, af sömu þörf en með ólíkar sögur á vörum. Það er gott. Við eigum að fara varlega í að boða trú – og afboða hana. Viss öfl nærast á kúltúrstríðum og reyna að magna sig og völd sín með því að beina pólitík í þann farveg fremur en að leyfa henni að snúast um skiptingu gæða.

En við höldum sem sé jól. Það gerum við til að fagna sólhvörfum. Sagan um barnið í jötunni fangar á fagran hátt hvernig lífsaflið sigrar ævinlega, hversu meinvill sem við liggjum í myrkrunum um vetrar miðja nótt.

Flug fyrir 2 með öllum notuðum Mercedes-Benz

Mercedes-Benz B-Class nýtur mikilla vinsælda, enda framúrskarandi kostur. Öllum notuðum B-Class **fylgja vetrardekk** og þeir hafa staðist **þjónustuskoðun** fyrir veturinn.

Að auki fylgir **flug fyrir tvo með WOW Air** öllum notuðum Mercedes-Benz í eigu Öskju í desember. Tilboðið gildir fyrir bifreiðar að verðmæti 1,5 milljónir eða meira.

Mercedes-Benz
The best or nothing.

**B 180 árgerð 2013, ekinn 38 þús. km, sjálfskiptur, dísil, 109 hö.**

Bakkmyndavél, árekstrarvari, krómpakki, hiti í framsætum, 16" álfelgur, inniljósapakki, sætisþægindapakki o.fl.

**Verð 4.490.000 kr.**
**Afb./mán. 42.200 kr.***

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 72 mánuði. Vextir 9,25% og árleg hlutfallstala kostnaðar 11,06%

WOW air **Flug fyrir 2** til Kaupmannahafnar, Berlínar, London eða Dublin.

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • Sími 590 2160 • www.notadir.is.
Opið virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 12–16.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

**Pioneer**

*MJ532* **heyrnartól**

Samanbrjótanleg.
Fáanleg í 4 litum.

**kr. 8.690,-**

**Pioneer** **Hljómtækjastæða**

PIX-EM-12 - 2 X 30W - CD MP3 og WMA afspilun - FM Útvarp m. 30 stöðva minni - RDS stuðningur - Tengi: USB, Audio-In, Loftnet

**kr. 23.900,-**

**Pioneer**

*PL-990* **Plötuspilari**

*Reimdrifinn - Alsjálfvirkur - Innbyggður formagnari*

**kr. 35.900,-**

**levenhuk**
Zoom&Joy

**Verð frá 3.990,-**

**Nintendo**

Þessi leikjatölva hefur slegið rækilega í gegn og var kosin leikjatölva ársins 2015 af Forbes.

**kr. 69.900,-**

**Nintendo**

**Wii U**

**Mjög gott úrval leikja**

**Verð frá kr. 4.990,-**

# Vinsælustu 48" Samsung tækin:

**SAMSUNG**

## Þessi birta, þessi skerpa og þessir litir

**Besta tækið**

**48" Samsung JU7505**
**279.900.-**

**48" Samsung JU6675**
**199.900.-**

**48" Samsung JU6415**
**189.900.-**

**SAMSUNG**

**48" Samsung JU6515**
**239.900.-**

**48" Samsung JU7005**
**229.900.-**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **ORMSSON**<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **KS**<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>SÍMI 455 4500 | **SR BYGG**<br>SIGLUFIRÐI<br>SÍMI 467 1559 | **ORMSSON**<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | **ORMSSON**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>VÍK -EGILSSTÖÐU<br>SÍMI 4712038 |

**Tefal** Pottar og pönnur fagmannsins

Tefal 25 ÁR HJÁ ORMSSON

# ORMSSON Jóla dagar

## AEG

Favola kaffivélin frá AEG á sér marga aðdáendur enda er Lavazza kaffi í hylkjunum.

kr. 29.900,-

Jólatilboð

Silk-Épil 5 háreiðingartæki. Bikini-Styler fylgir frítt með í desember.

kr. 14.900,-

## Allinox

Góðir og stórir stálpottar á fínu verði.

Stærðir: 9, 11, 13,5, 16, 19 ltr.

## BRAUN

SmartControl Sport 197s Rakvél

kr. 12.900,-

## brabantia

*TouchBin*

Þessar snjöllu ruslafötur eru sívinsælar og koma reglulega í nýjum litum.

## Gæðavörur sem gleðja og gagnast

**ZWILLING** vörurnar eru lofaðar af fagmönnum um allan heim.

## bodum

Góð skurðarbretti í fjörugum litum.

## bodum

Gæða pressukönnur sem prýði er að, í góðu úrvali.

Verð frá kr. 5.900,-

**Opið virka daga kl. 10-19**
**Laugardagur kl. 11-19**
**Sunnudagur 13-19**

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

# ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

## NIVONA

Afkastamiklar og endingagóðar kaffivélar til heimilisnota.

Jólatilboð

kr. 69.900,-

## BRAUN

Braun hárblásari *hd710*

kr. 9.990,-

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| M | **ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | **ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | **GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | **TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211 | **OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300 | **BLÓMSTURVELLIR** HELLISSANDI SÍMI 436 6655 |

# Árið 2015 séð með augum Gunnars Karlssonar

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# OPIÐ Í DAG 10-20

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

## VERIÐ VELKOMIN

STARFSFÓLK BÓNUS

BÓNUS EKKERT BRUÐL

I'M NOT
A
TERRORIST

FREEFLY VR
VR
GLERAUGU
LÚXUS 360° SÝNDARVERULEIKA-GLERAUGU FRÁ FREEFLY FYRIR NÆR ALLA SNJALLSÍMA, MEÐ MJÚKUM PÚÐUM OG HÁGÆÐA 120° LINSUM ÁSAMT ÞRÁÐLAUSUM STÝRIPINNA
19.900
8BLS
BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF ÖLLUM HEITUSTU TÖLVU-GRÆJUNUM
UPPLIFÐU!
360°
NÆR ÓTAKMARKAÐ ÚRVAL AF 360° 3D VR LEIKJUM, TÓNLISTARMYNDBÖNDUM, KVIKMYNDUM, ÓFL. OFL.
ÁIR Í ÚRVALI
SNJALLAR JÓLAGJAFIR
ALLAR HEITUSTU GRÆJUNAR ERU Í TÖLVUTEK:)
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST! 12 MÁNUÐI
28"VALED
27"QHD
28"UHD
4K G-SYNC SKJÁR
24"3DLED
49"SJÓNVARP
TH681
1080p 3D SKJÁVARPI
FRÁBÆR SKJÁVARPI
VEFMYNDAVÉL
7" MYNDARAMMI
3D VISION2 GLERAUGU
OPIÐ TIL JÓLA FRÁ 10-19
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
GIGABYTE TOSHIBA
Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is

# JÓLATRÉ Á FRÁBÆRU VERÐI!

*Danskur normannspinur – stór og falleg jólatré*

**DANSKUR NORMANNSÞINUR**
**150–200 cm**

**3900** kr. stk.

**ÓTRÚLEGT VERÐ!**

**EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.**
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.




## Vaxtalaus jólareikningur Netgíró*
## Þú borgar jólainnkaupin **1. febrúar 2016**

*Þú borgar enga vexti en greiðir 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald (ef upphæð er yfir 3.000 kr. annars 0 kr.) og lántökugjald 3,95%

OPIÐ 24 TÍMA

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

**Iceland**

# Hugmyndafræði hæfnieinkunna í skólum

Gylfi Jón Gylfason
sviðsstjóri á mats- og greiningarsviði Menntamálastofnunar

**Með nýjum reglum hefur verið komið á stöðluðum vitnisburði fyrir nemendur við lok grunnskóla og þar með ætti að vera komið í veg fyrir einkunnaverðbólgu sem tíðrætt hefur verið um.**

Vorið 2016 verða einkunnir nemenda sem ljúka 10. bekk grunnskóla gefnar í formi bókstafa í stað þess að vera á kvarðanum 1 – 10. Fyrirkomulag þetta á einkunnagjöf hefur staðið til frá því að ný aðalnámskrá grunnskóla var gefin út 2011. Vegna umræðu sem skapast hefur um nýjan einkunnakvarða og breytinguna frá þeim eldri, telur Menntamálastofnun brýnt að útskýra ástæðu þess og hvað ný einkunnagjöf þýðir fyrir nemendur.

### Gefur heildstæðari mynd

Til að útskýra mun á nýju og gömlu einkunnakerfi þarf að skoða nánar eldra einkunnakerfið. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 höfðu skólar frelsi til að ákveða hvernig vitnisburður nemenda var settur fram. Eingöngu var tekið fram að hann skyldi settur fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að nemendur og foreldrar gætu skilið hvað átt var við. Nota mátti tölustafi, bókstafi, orð eða aðra framsetningu. Þannig voru engin skýr viðmið um hvað stóð á bak við lokaeinkunnir úr grunnskólum og lítið sem ekkert samræmi á milli skóla.

Í nýja aðalnámskrá árið 2011 var sett ákvæði til að auka samræmi og gefa heildstæðari mynd af hæfni hvers nemanda á hverju námssviði við lok grunnskólanáms. Ákveðið var að nýi einkunnakvarðinn skyldi vera á formi bókstafanna A, B+, B, C+, C og D. Með nýjum reglum hefur verið komið á stöðluðum vitnisburði fyrir nemendur við lok grunnskóla og þar með ætti að vera komið í veg fyrir einkunnaverðbólgu sem tíðrætt hefur verið um.

Flestar þjóðir sem við berum okkur saman við hafa í námskrá ákvæði um að meta skuli hæfni nemenda. Hæfnin er sett fram stigvaxandi og metið er hversu vel nemandi sýnir hæfnina í verki en þar koma bókstafirnir til sögunnar. Til grundvallar hverjum bókstaf er lýsing sem segir til um hversu vel nemandi hefur tileinkað sér hæfnina sem stefnt er að, svokölluð matsviðmið í aðalnámskrá. Með hæfni er átt við hvernig einstaklingur notar þekkingu sína og leikni. Það er, hvað hann gerir með það sem hann veit og getur.

### Sömu hæfnilýsingar hjá öllum

Hæfni sem nemandi á að hafa tileinkað sér við lok grunnskóla er lýst í matsviðmiðum sem sett eru fram fyrir hverja námsgrein, námssvið og lykilhæfni í aðalnámskrá grunnskóla. Matsviðmiðin lýsa hæfni á bókstafakvarða sem kallast hæfnieinkunn. Grunnskólum er nú skylt að nota þennan matskvarða við brautskráningu nemenda eins og fyrr segir. Það leiðir til þess að allir skólar miða við sömu hæfnilýsingu fyrir hverja einkunn sem eykur samræmi frá því sem áður var.

Nemendur sem fá einkunnina A sýna framúrskarandi hæfni. Ekki eru sérstök matsviðmið fyrir B+ en nemandi sem fær þá einkunn hefur náð öllum eða því sem næst öllum viðmiðum fyrir B og stórum hluta þeirra viðmiða sem eru undir A. Þess má geta að B+ er ekki mitt á milli A og B heldur er það nær A í hæfni. Einkunnin B lýsir góðri hæfni og þeir sem ná þeirri einkunn geta hafið nám í framhaldsskóla á þrepi tvö. Einkunnin C+ skilgreinist með svipuðum hætti og B+ nema að nemendur þurfa að hafa náð hæfniviðmiðum fyrir C og stórum hluta hæfniviðmiða fyrir B án þess þó að uppfylla hæfniviðmið um B að öllu leyti. C lýsir sæmilegri hæfni. Þeir nemendur sem fá D hafa ekki náð hæfniviðmiðum sem lýst er í C.

# Vetrarsólstöður – Ljósið fæðist í myrkrinu

Guðrún Darshan Arnalds
jógakennari

Á hverju ári þurfum við að mæta myrkrinu og á hverju ári fylgjumst við með því hvernig ljósið fæðist á ný um leið og sólin fer aftur að hækka á lofti. Vetrarsólstöður eru 21. desember og þá er lengsta nótt ársins. Orðið sólstöður vísar til þess að sólin stendur í stað. Hún hættir að lækka á lofti og fer síðan að hækka aftur, hægt og bítandi og ljósið sigrar myrkrið. Í Stonehenge var hægt að sjá sólstöðurnar á myndrænan hátt.

Vetrarsólstöður eru kaldasti tími ársins. Í gegnum söguna hefur veturinn verið tími til að leggjast í híði, tími kyrrðar, depurðar, hungurs, svefns, myrkurs og kulda. Á vetrarsólstöðum fögnuðu mennirnir endurkomu sólarinnar sem lífgjafa. Og sem vonargjafa mitt í öllum kuldanum og myrkrinu. Í dag fögnum við fæðingu frelsarans og ljóssins í hjartanu. Í heiðni var hátíðin líka kölluð jól. Freyr var guð kærleika og frjósemi, guð árs og friðar. Óðinn átti sér mörg nöfn – þeirra á meðal jólafaðir og jólnir. Hann stendur fyrir visku og innri styrk. Hann var líka meistari hinna dauðu – drauganna.

Á vetrarsólstöðum og jólum erum við að takast á við myrkrið og tendra ljósið innra með okkur. Til þess þurfum við að horfast í augu við skuggahliðarnar okkar og draugana í lífi okkar. Mér finnst þessi tími ytra myrkurs kalla mig inn á við. Ég hugleiði daglega flesta daga ársins en á þessum árstíma verður það enn auðveldara og það er „grynnra“ á kyrrðinni – þrátt fyrir allt sem þarf að komast í verk á þessum tíma. En líka einmitt vegna alls annríkisins í lífi mínu og í kringum mig þá finnst mér það alveg nauðsynlegt að hugleiða til að halda einbeitingu í verkefnunum og til að halda sjálfri mér í jafnvægi.

### Góður tími til að skoða árið

Þetta er góður tími til að skoða árið sem er að líða, velta því upp hvað við eigum eftir óklárað – verkefni, samskipti, áramótaheit síðustu áramóta og til að undirbúa nýja árið. Tími til að ljúka því sem er hálfklárað. Þetta er líka tími til að njóta þess góða sem myrkrið færir okkur – kyrrð, friður og endurnýjun.

**Vetrarsólstöður og það að lifa með myrkrinu hefur haft áhrif á líf fólks í gegnum aldirnar, sérstaklega í gegnum listir, bókmenntir, þjóðsögur og ævintýri og trúarbrögð – og hefur fengið fólk til að búa sér til helgisiði sem snerust um að fagna sigri ljóssins og lífsins yfir myrkrinu og kuldanum.**

Ayurveda, systurvísindi jógafræðanna, kenna okkur að á þessum árstíma sé líkaminn að endurnýja sig og byggja sig upp. Góð næring er því mjög mikilvæg og hreyfing hjálpar líka til við að byggja upp heilbrigðan vef. Létt mataræði er best, en eins og við vitum þá er jólamáltíðin stundum dálítið þung í maga. Þá getur t.d. verið gott að nota krydd eins og engifer og fennel til að hjálpa meltingunni. Það er t.d. gott að skera þunna sneið af engifer fyrir matinn og setja á hana nokkra sítrónudropa og smá salt. Og tyggja svo vel. Fennelte eða að tyggja fennelfræ eftir matinn hjálpar líka meltingunni. Meltingarensím er hægt að fá í heilsubúðunum.

Á þessum árstíma getum við byggt upp styrk, hreysti og lífsorku. En þetta er líka árstími þegar gott er að fara sér hægt, njóta þess að vera heima – og taka til og gera fallegt í kringum sig.

Og tími til að taka til í huganum og tilfinningunum, að vinna úr tilfinningum og málum sem við höfum ekki gert upp og til að taka á móti vinum og fjölskyldu og njóta þess að gleðjast og vera saman. Þetta er góður tími til að dansa og eiga skemmtilegar stundir – og til þess að fara í jóga og hugleiða. Hugleiðsla hreinsar hugann og hjálpar okkur að vinna úr hlutum.

Vetrarsólstöður og það að lifa með myrkrinu hefur haft áhrif á líf fólks í gegnum aldirnar, sérstaklega í gegnum listir, bókmenntir, þjóðsögur og ævintýri og trúarbrögð – og hefur fengið fólk til að búa sér til helgisiði sem snerust um að fagna sigri ljóssins og lífsins yfir myrkrinu og kuldanum. Vetrarsólstöður, ljós og myrkur, kuldi og hiti, allsnægtir og skortur, líf og dauði. Ferðalagið þar á milli gengur hægt og krefst þolinmæði. Ferðalagið úr dái gleymskunnar yfir í allsnægtir. Meðvitundarleysi yfir í meðvitund, úr myrkri yfir í ljós – okkur er boðið að leita inn á við. Við leitum eftir ljósinu innra með okkur til að lifa af. Við sofum meira, leggjumst í híði, hægjum á okkur og bíðum.

Shakespeare sagði: „Myrkrið á sínar góðu hliðar.“ Þegar skýin hörfa og stjörnurnar og norðurljósin lýsa upp himininn þá vaknar hugurinn og við finnum vakna innra með okkur þessa þrá eftir einhverju stærra og meira. Við finnum til smæðar okkar sem einstaklingar og skynjum víddirnar innra með okkur. Megum við öll finna það hugrekki og traust sem við þurfum til að takast á við myrkrið, tengja við ljósið innra með okkur og finna leiðina heim.

# Aðskilnaður, jafnræði og þarfir

Svanur Sigurbjörnsson
áhugamaður um jafnræði

Í útreikningi byggðum á tölum frá Hagstofu Íslands fyrir árið 2012 fékk Þjóðkirkjan 230% meira en önnur trúfélög fyrir hvern skráðan meðlim 16 ára og eldri. Þessi mismunun er lögbundin í því að hún fær út í hið óendanlega greidd laun fyrir presta sína og biskupsstofu vegna jarða (sem ríkið er löngu búið að greiða andvirðið af) sem kirkjan lét af hendi og svo prósentutengdra sjóða til reksturs.

Þetta hlutfall mismununar er áfram það sama þó að réttur veraldlegra lífsskoðunarfélaga hafi verið settur upp við hlið trúfélaga árið 2013. Þjóðkirkjan er ríkiskirkja því að hún er í fyrsta lagi ekki með venjulegan kaupsölusamning við ríkið heldur með óendanleg réttindi á framfærslu af hálfu ríkisins. Í öðru lagi vegna þess að hún er með lagalega vernd og sérréttindi bundin í stjórnarskrá og lög landsins. Það er aðskilnaðurinn á þessu tvennu sem fólk á við þegar átt er við um „aðskilnað ríkis og kirkju“ en ekki þann útúrsnúning sem biskup og fleiri prestar hafa haldið frammi að nú þegar sé aðskilnaður við lýði því að kirkjan hafi sjálfræði í sínum eigin málum. Þetta algera sjálfræði þjóðkirkjunnar gerir reyndar ríkissambandið enn brenglaðra því að það heldur ekki vatni stjórnskipulega séð að stofnun geti verið á föstum framlögum ríkisins en ekki þurft að svara til ábyrgðar til þess á móti.

### Eiga að þrífast í hlutfalli við áhuga

Aðskilnaður er fyrst og fremst jafnréttis- og jafnræðismál; að öll trúfélög og lífsskoðunarfélög fái sömu réttindi og sömu meðferð af hálfu ríkisins og að engum sé mismunað. Að baki þessu máli liggur önnur ekki síður mikilvæg ákvörðun sem snýst um það hversu mikið ríkið eigi að skipta sér af þessum félögum og þá ef afskipti (eftirlit, stuðningur) eru talin æskileg, þá hversu mikið eigi ríkið að styðja félögin og hvort setja eigi skilyrði um að þau fylgi ákveðnum lágmarkshugsjónum um mannréttindi til að fá einhverja aðstoð.

Við þurfum að spyrja okkur hvort við teljum félögin inna mikilvæg og þörf störf af hendi. Félögin sjá meðal annars um útfarir og það er spurning hvort t.d. styrkja eigi vinnuna við þær því við deyjum jú öll og viljum kveðja okkar látnu á virðingarverðan máta. Um aðra starfsemi eins og „sálræna“ hjálp eftir áföll má ræða og skoða hvort réttlætanlegt sé að sérstök trú fólks gefi því rétt til að sækja trúarhjálp með launaðri aðstoð ríkisins. Til þess er fagfólk í heilbrigðisþjónustu almennt best til þess fallið eins og t.d. sálfræðingar sem enn hafa ekki fengið þann stað í heilbrigðiskerfinu sem þeirri stétt ber.

**Trúfélög og lífsskoðunarfélög eiga að þrífast í hlutfalli við hversu mikill áhugi er fyrir þeim hverju sinni, en ekki í krafti fjárframlaga úr ríkissjóði.**

Trúfélög og lífsskoðunarfélög eiga að þrífast í hlutfalli við hversu mikill áhugi er fyrir þeim hverju sinni, en ekki í krafti fjárframlaga úr ríkissjóði nema til að styðja ef til vill við þann hluta starfseminnar sem snýr að þeirri nauðsyn að fá virðingarverða útför óháð trúar- eða lífsskoðun.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

**BARRLAUST JÓLATRÉ**
**Keramikhönnuðurinn Ólöf Erla Bjarnadóttir var með barrlaust jólatré í fyrra. Á því naut skrautið sín til fulls.**
**Bls. 3**

**KÓSÍ HERBERGI** Uppáhaldsherbergi Guðrúnar er sjónvarpsholið en þegar rólegt er hjá henni finnst henni gott að leggjast upp í sófa og kúra þar yfir góðri mynd eða þáttum.

# KLUKKAN GENGUR SINN VANAGANG

**FALLEGT HEIMILI** *Sextíu ára gömul eldhúsklukka er í uppáhaldi hjá Guðrúnu Kristjánsdóttur. Hún fegrar heimili sitt með fallegum glerlistaverkum.*

Guðrún Kristjánsdóttir segist alltaf vera eitthvað að brasa heima hjá sér. Henni þykir gaman að pæla í hönnun og hvernig hún geti breytt hlutum og skoðar mikið blöð og hönnunarsíður til að fá hugmyndir og vinnur svo út frá þeim. „Ég er hrifnust af hreinum stíl. Það er mikið hvítt, svart og grátt hér heima. Ég hef gaman af því að taka gamla hluti og lappa upp á þá og gefa þeim nýtt útlit, oftast verða þeir hvítir hjá mér. Ég hef gaman af því að breyta og geri það reglulega, bæði með því að mála og skipta út hlutum inn á heimilinu og færa þá til.“

Mest seldu ofnar á Norðurlöndum

RADSON
áreiðanlegur hitagjafi

10 YEAR QUALITY GUARANTEE
10 ára ábyrgð

EN 442 EURONORM

°CLEVER
LÁGHITA MIÐSTÖÐVAROFNAR

Hjá okkur eru ofnar hitamál

Gæði fara aldrei úr tísku

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálls 14 -16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

Við kynnum nýja heimasíðu, www.isleifur.is




**KERTI OG SERÍUR ALLT ÁRIÐ**

Uppáhaldshlutur Guðrúnar er eldhúsklukkan sem afi hennar heitinn gaf henni stuttu eftir að amma hennar dó en hún er alnafna ömmu sinnar. „Ég ólst upp í sveit og mamma, pabbi, afi og amma ráku búið saman svo ég ólst upp hjá ömmu og afa líka. Frá því ég man eftir mér hékk þessi klukka í eldhúsinu hjá afa og ömmu. Hún er meira en sextíu ára gömul og gengur sinn vanagang alla daga," segir hún.

Heimili Guðrúnar er fallega skreytt en henni finnst hugguleg að vera með kerti úti um allt og daufar ljósaseríur, og eru þær uppi hjá henni allan ársins hring. Litirnir á þeim breytast bara þegar nær dregur jólum. „Ég er algjört jólabarn og skreyti húsið mitt hátt og lágt úti sem inni, enda finnst mér þetta besti tími ársins. Þegar ég vil hafa það huggulegt þá vil ég hafa allt húsið hreint og kveikja á kertum út um allt og sest svo yfir góðan þátt eða mynd með eitt rauðvínsglas en uppáhalds herbergið mitt í húsinu er sjónvarpsholið."

**SKAPANDI OG AFSLAPPANDI**

Fyrir fjórum árum fór Guðrún að prófa sig áfram í að bræða gler og í dag er hún með þrjá bræðsluofna sem hún notar mikið. Hún er með vinnustofu bæði heima hjá sér og í gamla slipphúsinu á Akureyri þar sem hún býr. „Ég stofnaði síðu á Facebook sem heitir Gler ást og hún hefur spurst hratt út og þar af leiðandi hef ég mikið meira að gera í þessu. Það er mjög skemmtilegt að vera í glerinu, það er skapandi og afslappandi, nema fyrir jólin þá getur þetta verið stressandi þar sem það er mjög mikið að gera. Sem betur fer á ég yndislega mágkonu sem hjálpar mér mjög mikið í gegnum jólatíðina," segir hún og brosir.

**UPPÁHALDS** Eldhúsklukkan frá ömmu og afa Guðrúnar er í uppáhaldi hjá henni.

# SÚKKULAÐITRUFFLUR TIL GJAFA

***Súkkulaðitrufflur eru mikið góðgæti. Fallegar í skálum en einnig til gjafa. Það er ekki mjög flókið að gera þessar.***

**280 g mjög gott dökkt súkkulaði, skorið niður**
**3 msk. ósaltað smjör**
**1/2 bolli rjómi**
**1 msk. fljótandi síróp**
**1/4 bolli koníak eða líkjör**
**1/2 bolli gott kakó**

Setjið súkkulaði og smjör í örbylgjuofn í 30 sekúndur. Hrærið og setjið aftur inn ef með þarf.

Hitið rjóma og síróp í potti á meðalhita þar til suðan fer að koma upp. Takið af hitanum og setjið súkkulaðið saman við. Látið standa í tvær mínútur. Hrærið varlega með sleif. Bætið koníaki saman við. Setjið blönduna í skál og geymið í ísskáp í að minnsta kosti eina klukkustund.

Best er að nota melónuskeið til að móta kúlur úr súkkulaðinu. Hafið hanska á höndum þegar kúlurnar eru lagaðar til. Setjið aftur í kæli í 30 mínútur.

Setjið kakó á disk og veltið kúlunum upp úr því. Það er líka hægt að þekja kúlurnar með bræddu súkkulaði. Sömuleiðis er hægt að þekja þær með mjög smátt skornum hnetum. Allt eftir smekk. Geymið í ísskáp í klukkustund en trufflurnar eru samt bestar við stofuhita.

**LJÚFFENGT** Súkkulaðitrufflur eru bæði fallegar á borði og til gjafa.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# Netverslun

21. desember 2015

**KYNNINGARBLAÐ** Heimkaup | Jólagjafahugmyndir | Öryggi | Ghostlamp |

**„Heimkaup.is er ekki sérverslun, heldur vefverslun með mörgum deildum. Við erum með raftækjadeild, leikfangadeild, snyrtivörudeild, íþróttadeild, tómstundadeild og bókadeild svo eitthvað sé nefnt," segir Friðrik Kristjánsson, markaðsstjóri Heimkaup.is.**

MYND/VILHELM

# Kauptu jólagjafirnar heima

Á Heimkaup.is er hægt að kaupa nánast allt sem hugurinn girnist. Vörur eru afgreiddar strax og er heimsending frí ef pantað er fyrir meira en fjögur þúsund krónur. Ekkert mál er að skila eða skipta vörum ef á þarf að halda.

Heimkaup.is er langstærsta íslenska vefverslunin og í raun það stór að hér á Íslandi tekur hún nú marktæka markaðshlutdeild frá erlendum vefverslunum líkt og Amazon.com og Ali Express samkvæmt upplýsingum frá Meniga. Guðmund Magnason framkvæmdastjóri segir að þetta sé fyrst og fremst vegna þess að Heimkaup.is hefur það fram yfir erlendar vefverslanir að viðskiptavinir fá vörurnar sínar samdægurs á höfuðborgarsvæðinu, hvort sem er í vinnuna eða heim. Í flestum tilfellum berast sendingar daginn eftir út á landsbyggðina. Svo er að sjálfsögðu ekkert mál að skila eða skipta vörum. Umfangið hefur tvöfaldast milli ára en fjöldi pantana hefur aldrei verið jafnmikill og nú í ár. Til að mynda bárust tæplega 5.000 pantanir á vefmánudeginum (e. Cyber Monday) nýlega.

### Afgreiðsla strax, frí heimsending

- Sérstaða verslunarinnar er mikil samanborið við aðrar vefverslanir.
- Hún býður upp á gríðarlegt vöruúrval allan ársins hring.
- Allar vörur sem eru til sölu, eða um 22.000 vörunúmer, eru til í vöruhúsinu í Kópavogi og reiðubúnar til afhendingar um leið og þær eru pantaðar.
- Vörur eru afgreiddar strax og keyrðar út sama dag og þær berast.
- Heimsending er frí ef pantað er fyrir 4.000 kr. eða meira, þetta gildir að sjálfsögðu um allt land.

### Hvað selur Heimkaup.is?

„Heimkaup.is er ekki sérverslun, heldur vefverslun með mörgum deildum," segir Friðrik Kristjánsson markaðsstjóri. „Við erum með raftækjadeild, leikfangadeild, snyrtivörudeild, íþróttadeild, tómstundadeild og bókadeild svo eitthvað sé nefnt. Það kemur mörgum á óvart sem skoða síðuna okkar hvað úrvalið er mikið en allt þetta ár hafa að meðaltali bæst við úrvalið um 44 nýjar vörur á dag. Við eigum marga fastakúnna sem kaupa hjá okkur allar snyrtivörur og hreinlætisvörur, vítamín og þess háttar sem fólk kaupir reglulega."

### Ekkert mál að skila og skipta

En vill fólk ekki sjá vöruna og jafnvel handfjatla hana áður en það slær til? „Okkar viðskiptavinir eru fljótir að komast að því að það er ekkert mál að skila eða skipta vörum ef til dæmis föt eða skór passa ekki. Við leggjum gríðarlega mikið upp úr góðri þjónustu og það er ekkert mál að fá endurgreitt eða nýja vöru. Við erum líka með tveggja ára ábyrgð á öllum okkar raftækjum og fleiri vörum. Ánægja viðskiptavinanna skiptir öllu máli," segir Friðrik. Hann bætir við að íbúar landsbyggðarinnar nýti sér þjónustuna í miklum mæli, sér í lagi þar sem þeir fái fría heimsendingu á þeim vörum sem ef til vill fást ekki í þeirra byggðarlagi.

### Jólainnkaupin klárud á klukkutíma

Jólaverslunin eru í fullum gangi á Heimkaup.is „Við eru einfaldlega með vörur sem höfða til fólks og góð tilboð á hverjum degi svo fólk getur fengið vinsælar jólagjafir á allt að helmingsafslætti suma daga. Þetta kann fólk að meta og margir gera sér lítið fyrir og klára jólagjafainnkaupin á innan við klukkutíma og nota frítímann í eitthvað annað," segir Friðrik.

**Vöruúrvalið er mikið, en um 22 þúsund vörunúmer eru í vöruhúsi Heimkaup í Kópavogi.**

### Þú færð pottþétt bílastæði heima

Desember er uppáhaldsmánuður margra. Þegar nær dregur jólum verður dagskráin oft ansi þétt, umferðin þyngist og oft fer dýrmætur tími til einskis úti í umferðinni – og oft í misjöfnu veðri. Þá er kærkomið að geta klárað jólagjafakaupin á innan við klukkutíma og fá pakkana heim.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301

VEFFANG
visir.is

UMSJÓNARMENN AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439

ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Gaman að skapa eitthvað nýtt

Markaðstorg á borð við Ghostlamp breyta því hvernig við skilgreinum netverslanir. Nú geta samfélagsmiðlastjörnur fengið greitt fyrir að auglýsa vörur fyrirtækja og fá greitt í samræmi við fylgi sitt. Spennandi hlutir eru fram undan hjá Ghostlamp í vetur og spennandi nýjungar verða kynntar á næsta ári.

Ghostlamp er ungt íslenskt markaðstorg sem tengir samfélagsmiðlastjörnur við fyrirtæki sem vilja koma sér á framfæri við fylgjendur þeirra, t.d. með því auglýsa vörur sínar eða þjónustu. Stofnandi fyrirtækisins heitir Jón Bragi Gíslason og er 24 ára gamall. Hann segist hafa stofnað Ghostlamp til að leysa öll þau ótal vandamál sem auglýsingar í dag glíma við en þær er að sögn hans hægt að gera á miklu betri hátt en hingað til. „Í okkar tilfelli þá tengjum við saman fyrirtæki og samfélagsmiðlastjörnur sem hafa yfir 1.000 fylgjendur á einhverjum samfélagsmiðli, t.d. Facebook, Twitter eða Instagram. Þar með hefur hæfileikaríkt fólk þann möguleika að fá borgað fyrir að deila uppáhaldsvörum sínum með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum. Netverslanir færa kaupendur og seljendur hverja nær öðrum og við það myndast hellingur af spennandi tækifærum. Þessi möguleiki var ekki til staðar áður og breytir í rauninni hvernig við hugsum um netverslanir.“

„Þar með hefur hæfileikaríkt fólk þann möguleika að fá borgað fyrir að deila uppáhaldsvörum sínum með fylgjendum sínum á samfélagsmiðlum," segir Jón Bragi Gíslason hjá Ghostlamp. MYND/GARÐAR PÉTURSSON

## Fleiri tækifæri

Hann útskýrir betur hvernig hugmyndin virkar. „Segjum að Nike myndi setja inn auglýsingu í Ghostlamp appið og óska eftir því að einhver samfélagsmiðlastjarna taki mynd af sér í flík frá Nike og setji á Instagram. Þegar einhver samfélagsmiðlastjarna er svo búin að samþykkja þátttöku hefur hún ákveðinn tíma til að taka myndina og birta hana á miðlinum. Þegar því er lokið setur hún hlekkinn á myndina í Ghostlamp appið til staðfestingar og fær svo borgað nokkrum dögum seinna. Upphæð greiðslu fer algjörlega eftir því hversu mikið fylgi stjarnan hefur á viðkomandi samfélagsmiðli.“

Þannig fá samfélagsmiðlastjörnur borgað fyrir að auglýsa uppáhaldsvörur sínar til fylgjenda sinna á skemmtilegan, fallegan og viðeigandi hátt að sögn Jóns Braga. „Það eru nefnilega ekki öll fyrirtæki sem hafa efni á að borga einhverjum eins og Justin Bieber fyrir að auglýsa fötin sín þó að Calvin Klein geti gert það. Hérna erum við í rauninni að taka eitthvað sem hefur hingað til einungis verið í boði fyrir stór fyrirtæki og gera það aðgengilegra fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.“

## Lagði allt undir

Varan kom á markað í byrjun þessa árs og viðbrögðin hafa verið hreint út sagt frábær að sögn Jóns Braga. „Við erum að vaxa hratt um þessar mundir. Sambærilegar þjónustur eru til nú þegar en flestar eru reyndar ekki eldri en tveggja ára. Samkeppnin hefur ekki verið mikil hingað til en er að aukast enda mjög spennandi vara.“ Í upphafi voru þeir þrír félagar sem stofnuðu fyrirtækið en í dag stendur Jón Bragi einn eftir. Hann hefur verið virkur í frumkvöðlasamfélaginu hér á landi í tvö ár. „Mér gekk aldrei vel í skóla svo ég hætti og lagði allt undir til að stofna eigið fyrirtæki. Mér finnst menntakerfið eins og það er í dag vera úrelt enda var það smíðað fyrir eldri tíma. Ég hef gaman af því að skapa eitthvað nýtt og ég trúi því að það að stofna fyrirtæki sé besta leiðin til þess að læra.“ Sá lærdómur hefur þó ekki verið áfallalaus að hans sögn. „Það hefur verið svakalegur rússíbani að koma fyrirtækinu á þann stað sem það er í dag og gengið á ýmsu. Í dag er Ghostlamp með borgandi viðskiptavini og ég er að vinna með fjárfestum í að loka fjárfestingarumferð til þess að flýta þróun og vexti. Það eru spennandi hlutir fram undan hjá Ghostlamp í vetur og við stefnum á að kynna spennandi nýjungar á næsta ári.“

# Opið allan sólarhringinn
## á www.IKEA.is

Í vefversluninni getur þú skoðað allar vörurnar okkar og fengið ítarlegar upplýsingar um þær. Svo getur þú auðvitað verslað í rólegheitum heima og fengið vörurnar sendar hvert á land sem er. Kíktu á **www.IKEA.is**

JAFNLAUNA-VOTTUN VR

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®

# Íslenskar netverslanir öruggar

Íslendingar nota í auknum mæli netið til að versla vörur og þjónustu. Talsvert er verslað við erlendar síður en einnig þykir mörgum þægilegt að versla við íslenskar netverslanir enda auðvelt að skila og skipta ef þarf. Huga þarf að ýmsu þegar verslað er á netinu og varast verður að gefa upp kortanúmer nema vefsíður séu öruggar.

Þór Sigurðsson fylgist vel með netverslunum bæði hér á landi og erlendis en hann rekur vefsíðuna Kjarni.is sem heldur utan um allar íslenskar netverslanir á Íslandi.

„Netverslun er mjög vaxandi markaður og Íslendingar versla orðið töluvert á netinu, sérstaklega af erlendum vefsíðum," segir Þór sem sjálfur hefur keypt mikið í gegnum erlendar síður en segist vera að færa sig mun meira yfir á íslensku síðurnar.

„Mér finnst munurinn í verði vera að minnka. Í mörgum tilfellum munar orðið litlu á að kaupa vöruna hér heima eða panta hana að utan enda ýmis gjöld sem geta fallið á vöruna," segir hann og bætir við að netverslanir komist ekki mikið lengur upp með að okra óeðlilega á vörum. „Fólk getur gúglað myndir sem það finnur í íslenskum netverslunum og fundið sams konar vörur á erlendum síðum á borð við Ali Express á mun minni pening. Þetta er fólk búið að fatta sem er gott, það heldur mönnum á tánum, enda hefur verð í íslenskum netverslunum farið lækkandi og lækkar vonandi enn meira um áramótin þegar vörugjöldin leggjast af."

## Lítil þróun í vefverslunum

Netverslunum á Íslandi fjölgar hægt en þétt. „Ég var að taka þetta saman um daginn og sýndist fjölgunin á skráðum netverslunum vera um 12 prósent á milli ára inni á Kjarna," segir Þór. Inntur eftir því hvort þróunin í íslenskum netverslunarkerfum sé mikil svarar hann að hún mætti vel vera meiri. „Erlendar síður eru margar hverjar með þróað afsláttakerfi, veita til dæmis afslátt þegar verslað er í tíunda sinn eða álíka. Þá eru þær með kaupaukandi kerfi, bjóða til dæmis fólki að kaupa aðrar tengdar vörur og senda prufur með keyptum snyrtivörum. Þetta hefur ekki náð fótfestu hér á landi en er þó aðeins að byrja."

Þór segir margar íslenskar netverslanir notast við Shopify kerfið. „Það er jákvætt því þeir eru sífellt að þróa kerfi sitt. Þá er einnig til Shopify app sem fólk getur haft í símanum sínum. Þannig er hægt að afgreiða sölu í gegnum síma hvar sem er."

## Margir kostir við að versla

Íslendingar nýta netverslanir á ýmsan hátt. „Sumir skoða á netinu og bera saman en fara svo á staðinn til að klára kaupin. Svo eru aðrir sem fara í búðirnar til að skoða en panta svo í gegnum netið," segir Þór og telur íslenskar netverslanir hafa marga kosti fram yfir þær erlendu.

„Varan kemur fljótt, jafnvel samdægurs. Þá er lítið mál að skipta og skila enda er sami skilaréttur sem gildir í netverslunum og venjulegum verslunum svo framarlega sem kvittanir og umbúðir eru í lagi," segir hann og bendir á að erfiðara reynist að skila hlutum sem keyptir séu af erlendum síðum.

## Margt ber að varast

Mikilvægt er að huga að öryggi þegar verslað er á netinu enda töluvert af svikamyllum í gangi. „Fólk þarf til dæmis að vara sig á gervisíðum. Þær geta litið nákvæmlega eins út og þær síður sem fólk ætlaði inn á en kannski munar ekki nema einum staf í slóðinni," segir Þór. Þegar kemur að því að greiða fyrir vöruna þarf að fylgja einni meginreglu. „Aldrei skal skrá kortanúmer nema slóðin á síðunni byrji á „https". Ef það vantar er síðan ódulkóðuð, samskiptin opin og þá er hægt að grípa inn í og lesa kortanúmerin," segir Þór og biður fólk einnig að vara sig á síðum sem eru með aukastafi fyrir framan lénið, sem dæmi www.abcamazon.com.

Þór hefur sjálfur varann á og nýtir sér tvíþátta auðkenningu. Hann lætur ávallt bankann senda sér sms í símann til að staðfesta greiðslur sem fara um kreditkortið. „Þá ertu alltaf meðvitaður um að verið sé að taka af kortinu og getur brugðist við ef um óeðlilegar greiðslur er að ræða."

## Gott öryggi á íslenskum síðum

Þór segir Íslendinga treysta íslenskum netverslunum vel. „Markaðurinn er bara þannig að ef þú verður uppvís að einhverju svindli er það fljótt að fréttast," segir hann. Þá leggi Borgun og Valitor, sem sjái um greiðslugáttir verslananna, mikið upp úr öryggi. „Áður en netverslun er opnuð eru þær teknar út af þessum fyrirtækjum og fá ekki leyfi til að nota greiðslugátt þeirra nema hlutirnir séu í lagi."

## Hægt að reikna aukakostnað

Þó að vörur af erlendum síðum séu oft töluvert ódýrari þarf að skoða vel hvað þær kosta þegar sendingarkostnaður og tollar leggjast við. „Fólk áttar sig stundum ekki á aukakostnaði. Til dæmis gerir fólk ráð fyrir því þegar það pantar af Ali Express að fríverslunarsamningurinn við Kína gildi og því leggist ekki tollur á vöruna. Hins vegar gleymist að stundum er varan send frá til dæmis Hollandi og þá bætist við tollur," segir Þór. Hann bendir fólki á að fara inn á tollur.is. „Þar er reiknivél. Þú setur inn verðmæti vörunnar, tollflokk og þá veistu hvað hún mun kosta þegar hún kemur í þínar hendur."

Þór fylgist vel með netverslunum bæði hér á landi og erlendis en hann rekur vefsíðuna Kjarni.is sem heldur utan um allar íslenskar netverslanir á Íslandi. MYND/GVA

# FASTEIGNIR.IS

51. tbl.

VÍSIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ



heimili fasteignasala – á traustum grunni

Bogi Pétursson lögg.fasteignasali | Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali | Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali | Erla Dröfn Magnúsdóttir Lögfræðingur | Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali | Brynjólfur Snorrason | Gunnlaugur A. Björnsson | Ásdís Írena Sigurðardóttir

Finndu okkur á Facebook

530 6500 **Suðurlandsbraut** 22 | **Opið** mán. – fös. frá kl. 9–17 | **www.heimili.is** 530 6500



## Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!

Bárður Tryggvason, Eigandi, Sölufulltrúi, 896 5221 | Ingólfur Geir Gissurarson, Eigandi, Framkvæmdastjóri, Lögg.fasteignasali, 896 5222 | Heiðar Friðjónsson, Sölustjóri, Löggiltur fasteignasali B.Sc, 693 3356 | Erlendur Davíðsson, Lögg. fasteignasali, Forstöðumaður útibús Ólafsvík, 897 0199 | Margrét Sigurgeirsdóttir, Skrifstofustjóri, margret@valholl.is, 588 4477

Heimir Bergmann, sölufulltrúi, 630 9000 | Pétur Steinar Jóhansson, sölufulltrúi, 893 4718 | G. Andri Guðlaugsson, lögfræðingur, sölufulltrúi, 662 2705 | Kristján S. Bjarnason, 611 4870 | Sturla Pétursson, Löggiltur fasteignasali, 899 9083 | Vilborg Gunnarsdóttir, Lögg. fasteigna - fyrirtækja og skipasali. M.Sc. 891 8660

FÉLAG FASTEIGNASALA

VALHÖLL FASTEIGNASALA

20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is


# Glæsileg hæð við Laugateig

**Fasteignamarkaðurinn kynnir vel skipulagða og glæsilega 120,8 fermetra fjögurra herbergja íbúð á efri hæð í fallegu fjórbýlishúsi við Laugateig auk þriggja sérgeymslna í kjallara og 28,8 fermetra bílskúrs.**

Falleg íbúð er til sölu við Laugateig hjá Fasteignamarkaðnum.

Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð, meðal annars eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla, settar voru nýjar stórar svalir til suðurs út af stofum o.fl. Sameign er öll mjög snyrtileg og stigahús er nýteppalagt og málað.

Á stigapalli eru lausir fataskápar. Stórt, parketlagt hol með innbyggðum fataskápum.

Eldhúsið er stórt, flísalagt og með tiltölulega nýlegum innréttingum úr kirsuberjaviði með mósaíkflísum á milli skápa. Nýr ofn, helluborð og háfur, tengi fyrir uppþvottavél og áföst borðaðstaða fyrir fimm manns. Þvottaherbergi er með glugga, flísalagt og með góðum innréttingum.

Baðherbergið er með glugga, marmara- og mósaíklagt í gólf og mósaíklagt í veggi, sturta með glerhurð, góðir skápar og ný innrétting.

Stórar samliggjandi stofur, parketlagðar og bjartar með rennihurð á milli. Úr borðstofu er útgengt á skjólsælar suðursvalir og í setustofu er fallegur útbyggður gluggi. Svefngangur er parketlagður.

**Barnaherbergi:** Rúmgott, parketlagt og með fataskápum og föstum skenk.

**Hjónaherbergi:** Stórt, parketlagt og með fataskápum á heilum vegg. Úr hjónaherbergi er útgengt á svalir til austurs um nýja svalahurð.

Í kjallara hússins eru tvær sérgeymslur. Bílskúrinn er með rafmagni, hita, rennandi vatni og rafmótor á bílskúrshurð. Húsið að utan er í góðu ástandi, sem og þak hússins.


**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

### Ástu-Sólliljugata 22-24 - 270 Mosfellsbær

Mjög glæsilegar 5 herbergja íbúð í nýju fjórbýlishúsi við Ástu-Sólliljugötu 22-24 í Mosfellsbæ. Íbúðin verður afhent ca. tilbúin til innréttinga, skv. skilalýsingu verktaka 01.02.2016. Húsið er steinsteypt fjórbýlishús á tveimur hæðum. Aðkoma er að húsinu að ofanverðu. Á efri hæð eru tvær 163,3 m2 íbúð auk 31,7 m2 bílskúrs. Á neðri hæð eru tvær 162,0 m2 íbúðir. Steyptar tröppur eru fyrir framan húsið niður að jarðhæðinni. **V. 36,5 m og 42,5 m.**

### Dvergholt 4 - 270 Mosfellsbær

259,9 m2 einbýlishús á tveimur hæðum m/aukaíbúð í kjallara og bílskúr. Á efri hæð eru fjögur svefnherbergi, stofa, eldhús, fjölskylduherbergi og baðherbergi. Í kjallara er stofa, eldhús, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og geymsla. Stigi er á milli hæða. Bílskúrinn er rúmgóður. Undir bílskúr er stór óskráð geymsla. Eignin þarfnast viðhalds. **V. 48,7 m.**

### Litlikriki 45 - 270 Mosfellsbær

59,9 m2 parhús meðinnbyggðum bílskúr. Gott skipulag. Flottar innréttingar. Glæsilegt útsýni. Fjögur svefnherbergi, þrjú baðherbergi. **V. 64,7 m.**

### Miðtún 78 - 105 Reykjavík

Mjög björt og skemmtileg lítið niðurgrafin 62,5 fm, 2ja herb. íbúð með sérinngangi. Mikið endurnýjuð. Allir gluggar, gler, ofnar og ofnalagnir, rafmagnslagnir og rafmagnstafla, einnig eldhús baðherbergi og gólfefni. **V.25,9 m.**

### Seljavegur 33 -101 Reykjavík

Laus við kaupsamning

Vel skipulögð 35,4 m2 íbúð á jarðhæð. Íbúðin skiptist í herbergi, stofu, forstofugang, baðherbergi og eldhús. Sérgeymsla í sameign. Góð staðsetning. **V. 19,7 m.**

### Hraunbær 18 - 110 Reykjavík

131 m2, 5 herbergja íbúð á 1. hæð við Hraunbæ 18 í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús, baðherbergi og forstofuhol. Íbúðarherbergi er í kj. ásamt sérgeymslu. **V. 29,8 m**

### Miðholt 1 - 270 Mosfellsbær

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00**

Falleg 92,4 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla er á hæðinni. Eignin er laus til afhendingar 1. febrúar 2016. **V. 27,6 m.**

### Strandvegur 7 - 210 Garðabær

Falleg og björt 118,4 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í lyftuhúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 49,9 m.**

Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

### Ásbúð 80 - 210 Garðabær

293,7 m2 húsnæði á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í tvíbýlishúsi við Ásbúð 80 í Garðabæ. **V. 64,9 m.**

Laus strax

Hringdu og bókaðu skoðun

### Ennishvarf 8 - 203 Kópavogur



Glæsileg 541,1 m2 eign við Ennishvarf 8 í Kópavogi. Eignin skiptist í glæsilegt 428 m2 einbýlishús á tveimur hæðum 53,1 m2 bílskúr og 60 m2 hesthús. **V. 144,0 m.**

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

2014 Framúrskarandi fyrirtæki

**Jón Guðmundsson**
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson**
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson**
Sölumaður
gisli@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson**
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski**
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson**
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir**
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

**Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.**
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## *Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

## VINDAKÓR 10 – 12, KÓPAVOGI.

### NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

- Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.
- Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.
- Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum.
- Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.
- Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.
- Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

## NAUSTAVÖR 8 -12 – KÓPAVOGI.

### NÝJAR 2JA, 3JA OG 4RA HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Um er að ræða 3ja hæða hús við Naustavör í Bryggjuhverfinu í Kópavogi. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja frá 90,3 fermetrum upp í 153,9 fermetra og eru með vönduðum íslenskum innréttingum frá Brúnási og vönduðum AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum. Sjávarútsýni er úr flestum íbúðum. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.

## *Vatnsendablettur - Kópavogi. Einstök staðsetning.*

Glæsilegt 300,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum stað alveg niður við Elliðavatn. Arkitekt er Kristinn Ragnarsson og innanhússarkitekt er Guðbjörg Magnúsdóttir. Mikil lofthæð á efri hæð. Sérsmíðaðar innréttingar í eldhúsi og borðstofu. <B>Þetta er glæsilegt og vandað hús með einstakri staðsetningu við Elliðavatnið. Lóðin er mikið til villt og hefur verið látin halda sér að mestu. Frábært tækifæri fyrir t.d. hestaáhugafólk. **Fyrir liggur heimild um byggingu hesthúss á lóðinni fyrir 6 hesta.**

**Verð 99,0 millj.**

## *Dimmuhvarf - Kópavogi. Glæsileg eign.*

Afar vandað og glæsilegt 396,7 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr. Sérsmíðaðar innréttingar eru í öllu húsinu, eldhúsi, arinstofu og herbergjum, ýmist úr hnotu eða hvítsprautaðar. Arinstofa, borðstofa, sjónvarpssvæði og eldhús eru í opnu svæði. Fimm herbergi, eitt hannað sem vinnuherbergi, 3 barnaherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi og sér baðherbergi innaf. Auk þess eru tvö önnur baðherbergi í húsinu. Lóðin hallar þannig að gengt er úr stofum á efri hæð út á mjög stóra verönd með skjólveggjum og nuddpotti. **EIGN Í SÉRFLOKKI.**

**Verð 125,0 millj.**

## *Hlíðarás - Hafnarfirði. Einbýlishús á útssýnisstað.*

Glæsilegt 289,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 45,4 fm. bílskúr. Húsið stendur á útsýnisstað við opið óbyggt svæði. Mikils útsýnis nýtur úr stofum til norðurs og útgengi er á stórar svalir með glerhandriði til norðurs og vesturs. Aukin lofthæð er á báðum hæðum og extra háar innihurðir. Gólfhiti er í húsinu. Húsið að utan er tilbúið undir málningu. Lóðin er 837,2 fermetrar að stærð, grófjöfnuð.

**Verð 86,9 millj.**

## *Súlunes – Garðabæ.*

Mjög fallegt og vandað 291,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðtöldum 64,0 fm. tvöföldum bílskúr á 1.469,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu í Garðabæ. Húsið, sem hefur verið mjög vel viðhaldið og nokkuð endurnýjað í gegnum árin er í góðu ástandi að innan sem utan. Hjónasvíta með sér baðherbergi. Alrými sem í eru parketlögð setustofa og arinstofa með fallegum arni. Mjög mikil lofthæð í stofum og fallegt útsýni til sjávar. Úr stofum er útgengi á svalir til suðausturs. Lóðin er fullfrágengin og ræktuð með stórum og skjólsælum veröndum.

**Verð 89,9 millj.**

## *Hegranes- Garðabæ.*

Mjög gott 233,9 fm. einlyft einbýlishús á 1.288,0 fm. eignarlóð á Arnarnesinu að meðtöldum 55,7 fm. bílskúr.

Tvær rúmgóðar stofur eru í húsinu og fjögur góð svefnherbergi. Stofan er með góðri lofthæð og arinn er í garðstofu. Opið eldhús með fallegri innréttingu úr kirsuberjaviði. Afgirt timburverönd með heitum potti og skjólveggjum sem umlykur húsið á tvo vegu í suður og suðaustur.

Innkeyrsla er hellulögð og með hitalögnum.

**Verð 69,9 millj.**

## *Furuás - Hafnarfirði. Raðhús á einstökum útsýnisstað*

Frábærlega staðsett raðhús á tveimur hæðum með mikilli lofthæð á einstökum útsýnisstað innst í Furuási. Húsin er staðsteypt og með hlöðnum milliveggjum. 12,1 fermetra svalir eru útaf stofum og útgengi á verönd úr eldhúsi. Fjögur svefnherbergi og fataherbergi innaf hjónaherbergi. Húsin skilast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð, en að innan skilast húsin tilbúin undir innréttingar.

- **Furuás 23- endahús**
  **– stærð 233,4 fermetrar. Verð 55,0 millj.**
- **Furuás 25- miðjuhús**
  **– stærð 249,2 fermetrar. Verð 55,0 millj.**

**Staðsetning eignarinnar er afar góð í enda götu við opið svæði og stutt er í fallegar útivistarperlur.**

# Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

## Garðatorg 7 - Garðabæ.

Mjög góð 135,6 fm. íbúð á 2. hæð auk 2,6 fm. geymslu á 1. hæð í mjög góðu og vel staðsettu lyftuhúsi við Garðatorg.
Bílastæði í bílakjallara fylgir íbúðinni. Rúmgóð setu- og borðstofa.
Opið eldhús með glæsilegum innréttingum úr kirsuberjaviði.
Suðursvalir með útsýni að Reykjanesi.

**Virkilega falleg eign á góðum stað í miðbæ Garðabæjar þaðan sem mjög stutt er í alla þjónustu.**

## Stórholt. Hæð og ris.

6-7 herbergja 135,4 fm. íbúð á tveimur hæðum í góðu steinhúsi. Húið var tekið í gegn að utan árið 2001 þar sem það var einangrað að utanverðu og steinað. Í dag eru hæðin og risið nýtt sem ein íbúð, en mjög auðvelt er að leigja í sitthvoru lagi eða leigja risið eða hæð sér þar sem sérinngangur er í ris og hæð frá stigapalli. Bílskúrsréttur fylgir eigninni ásamt innkeyrslu/bílastæði að framanverðu.

**Verð 51,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA

**LAUGATEIGUR. EFRI HÆÐ ÁSAMT BÍLSKÚR.**

Björt og vel skipulögð 120,8 fm. efri hæð í fjórbýlishúsi auk þriggja sér geymslna í kjallara og 28,8 fm. bílskúrs. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð hið innra á sl árum, m.a. eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi, raflagnir og tafla og settar nýjar stórar svalir til suðurs útaf stofum. Samliggjandi rúmgóðar stofur og tvö herbergi. Sameign er mjög snyrtileg og stigahús er nýteppalagt og málað. **53,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA

**NAUSTABRYGGJA. ÚTSÝNISÍBÚÐ.**

Glæsileg 130,5 fm. íbúð á 2. hæð að meðtaldri geymslu á þessum frábæra stað niður við smábátahöfnina í Grafarvoginum. Um 22 fm. hornsvalir með allri íbúðinni með frábæru útsýni yfir voginn og víðar. Íbúðin er einstaklega vel skipulögð með stóru hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi innaf. Tvö barnaherbergi með sér baðherbergi með sturtu. **44,5 millj.**

***2ja og 3ja herbergja íbúðir óskast á söluskrá.***

***Skoðum og verðmetum samdægurs.***

## 3JA – 6 HERBERGJA

**LUNDUR 17-23- KÓPAVOGI.**

Mjög vandaðar íbúðir í þessum nýju fjölbýlishúsum. Íbúðirnar eru 2ja, 3ja og 4ra herbergja og eru frá 98 fm. upp í 183 fm. Allar innréttingar verða frá Brúnás, eikarhurðir frá Parka. Vönduð eldhústæki frá AEG og hreinlætistæki frá Tengi. Íbúðirnar eru afhentar án gólfefna nema á baðherbergi og í þvottahúsi verða flísar. **Byggingaraðili: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.**

## 3JA - 4RA HERBERGJA

**STRANDVEGUR - SJÁLANDI. ÚTSÝNI TIL SJÁVAR.**

Mjög glæsileg 3ja-4ra herbergja 118,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi niður við sjóinn. Sér stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi. Tvö herbergi með skápum. Frábært útsýni til sjávar, að Seltjarnarnesi, Bessastöðum og víðar. Skjólsæl verönd með steyptum skjólvegg. **Frábær staðsetning niður við sjóinn.**

**49,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA

**BARMAHLÍÐ.**

Góð 86,2 fm. íbúð í kjallara að meðtaldri 2,3 fm. sér geymslu í kjallara í góðu fjórbýlishúsi við Barmahlíð. Samliggjandi skiptanlegar stofur og rúmgott svefnherbergi. Húsið er nýlega steinað að utan, þak er nýlegt sem og þakrennur og niðurföll.

**31,9 millj.**

## 4RA HERBERGJA

**HELLUVAÐ. GLÆSILEG ÚTSÝNISÍBÚÐ.**

Útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbýlishúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Rauðavatns. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Til suðurs að Bláfjöllum, yfir Heiðmörk og Elliðavatn frá stórum suður svölum og stofu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Góð aðkoma. **43,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA

**LINDARGATA. LAUS STRAX.**

Ný og glæsileg 97,7 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum suðursvölum að meðtaldri sér geymslu og sér bílastæði í bílageymslu við Lindargötu 39. Íbúðin er ný og aldrei hefur verið búið í henni. Allar innréttingar og innihurðir eru úr hnotu og vönduð tæki eru í baðherbergi og í eldhúsi. Granít er á borðum eldhúsinnréttingar og fallegur útbyggður stór gólfsíður gluggi í stofu. **Laus strax.** **54,9 millj.**

## 2JA – 3JA HERBERGJA

**HELLUVAÐ. ÍBÚÐ Á JARÐHÆÐ.**

Mjög falleg og björt 88,0 fm. íbúð á jarðhæð með verönd og sér garði til suðurs auk sér bílastæðis í upphitaðri og lokaðri bílageymslu við Helluvað í Reykjavík. Nýlegt parket á gólfum. Opið eldhús við stofu með fallegum eikarinnréttingum og góðri borðaðstöðu. Stofa með útgengi á verönd. **Stutt í skóla og leikskóla.**

**31,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

*Sala fasteigna frá* **1957**

*Elsta starfandi fasteignasala landsins*

2014 Framúrskarandi fyrirtæki



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali · Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali · Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali · Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali · Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali · Hilmar Þór Hafsteinsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali · Magnea S. Sverrisdóttir lögg. fasteignasali · Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali · Reynir Björnsson lögg. fasteignasali · Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali · Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s. · Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri · Elín Þorleifsdóttir, ritari · Ásdís H. Júlíusdóttir ritari · Anna M. Sigurðardóttir, ritari

## Lækjarberg 30, 220 Hafnarfirði

Glæsilegt frábærlega staðsett ca 209 fm einbýlishús neðst við lækinn m. innbyggðum bílskúr. Húsið sem er teiknað af Ólafi Tr. Mathiesen er einstaklega skemmtilega hannað og óvenjulegt. 4 svefnherbergi, rúmgóðar stofur. Útgengið í garð. Húsið er til afhendingar við kaupsamning. **V. 69,8 m.** 9242

## Laugateigur 20, 105 Rvk.

Falleg og mikið endurnýjuð 170 fm efri hæð í glæsilegu húsi við Laugateig 20 í Reykjavík. Aukaíbúð er í bílskúr. Þrjár samliggjandi stofur til suðurs með rennihurðum á milli og tvö svefnherbergi. Einnig er hægt að nýta með fjögur svefnherbergi. Húsið hefur verið endursteinað að utan. Nýtt dren og frárennsli. Einnig er til sölu 2ja herbergja íbúð í risi frá sama aðila. **V. 58 m.** 9251

## ÁSBÚÐ 80
### 210 GARÐABÆR

Gott 294 fm hús á tveimur hæðum með tvöföldum bílskúr við Ásbúð 80 í Garðabæ. Mögulegt er að hafa aukaíbúð á jarðhæð. Um er að ræða eign í tvíbýli en 86 fm íbúð er líka í húsinu sem fylgir ekki með. **Eignin er laus til afhendingar. Eignin verður sýnd mánudaginn 21.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 64,9 m.** 9222

## EIÐISTORG 3 170 SELTJARNAN.
### ÍBÚÐ MERKT 04-03.

Rúmgóð 178,0 fm 5. herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt bílastæði í bílageymslu. Á neðri hæðinni er forstofa, stigahol, stofa, eldhús, baðherbergi og hjónaherbergi. Á efri hæðinni er hol, þrjú herbergi og baðherbergi með þvottaaðstöðu. Þrennar svalir og stórglæsilegt útsýni. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 22.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 49,9 m.** 9229

## ENNISHVARF 8 203
### ÍBÚÐ MERKT 01-01.

Glæsilegt samtals 541 fm einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað ásamt hesthúsi og rúmgóðum bílskúr við Ennishvarf í Kópavogi. Möguleiki á 6 svefnherbergjum. Eignin er laus til afhendingar, sölumenn Eignamiðlunar sýna. **Eignin verður sýnd mánudaginn 21.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 144 m.** 9231

## KIRKJUVELLIR 5 221 HAFNARF.
### ÍBÚÐ MERKT 02-01.

Góð 93 fm 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi við Kirkjuvelli 3 Hafnarfirði. Eignin er laus til afhendingar. **Eignin verður sýnd mánudaginn 21.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 27,9 m.** 9221

## STRANDVEGUR 7 210
### ÍBÚÐ MERKT 03-04.




Falleg og björt 118,4 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Strandveg í Garðabæ. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Stór stofa, fallegt útsýni og svalir til suðurs. **Eignin verður sýnd þriðjudaginn 22.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 49,9 m.** 9224

## HRAUNBÆR 18 110 RVK.
### ÍBÚÐ MERKT 02-01.

Björt og rúmgóð 4ra herbergja endaíbúð á 1.hæð. ásamt aukaherbergi í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu,eldhús með borðkrók, þrjú herbergi og baðherbergi. Tvennar svalir. Í kjallara er aukaherbergi og geymsla íbúðarinnar. **Eignin verður sýnd mánudaginn 21.desember milli kl. 17:15 og kl. 17:45.** **V. 29,8 m.** 9226

## ÁLFTAMÝRI 6 108 RVK.
### ÍBÚÐ MERKT 04-01

Mikið uppgerð og falleg 137,9 fm 4-5 herbergja íbúð á 4. hæð (efstu). Eigninni fylgir bílskúr og er með tvennum svölum, glæsilegu útsýni og fallegu eldhúsi og baðherbergi. **Eignin verður sýnd mánudaginn 21.desember milli kl. 17:00 og kl. 17:30.** **V. 36,7 m.** 9233

## SÓLHEIMAR 39
### 104 RVK.

Mikið uppgert og fallegt 175,9 fm raðhús með innbyggðum bílskúr. Fallegt eldhús frá Brúnás, stór stofa, tvennar svalir til suðvesturs og 5-6 svefnherbergi. **V. 50,9 m.** 9108

## DUNHAGI 11
### 107 RVK.

Sérlega falleg 4ra herbergja íbúð á efstu hæð í þriggja hæða húsi við Dunhaga. Íbúðin skiptist í fortofuhol, tvö stór herbergi, eldhús með borðkrók, tvær stórar stofur, baðherbergi og geymslur. Íbúðin er mikið endurnýjuð m.a. eldhúsinnrétting og tæki. **V. 39,9 m.** 1370

# Nýbyggingar - sýnum daglega

## Mánatún 7-17

Íbúðir tilbúnar til afhendingar strax.
Glæsilegar og nútímalegar íbúðir á góðum stað.
Aðeins 19 íbúðir eftir.

- 3ja–4ra herbergja íbúðir, 110–186 fm
- Allar íbúðir með sér bílastæði í bílgeymslu
- Vandaðar sérsmíaðar innréttingar
- íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna

## Lindargata – Vatnsstígur

– nýjar 85-255 fm íbúðir

Skuggahverfið er vinsælt hverfi á einum besta útsýnisstað borgarinnar, með útsýni yfir miðborgina og út á Faxaflóann. Stutt er í alla þjónustu; verslanir, veitingastaði, heilsugæslu og afþreyingu af ýmsu tagi.



### VEL BÚNAR ÍBÚÐIR Í MIÐBORGINNI:

- Hiti í gólfum og hágæðagluggar fyrir breytilegt veðurfar.
- Vönduð heimilistæki frá Miele.
- Stæði í bílakjallara fylgir öllum íbúðum.
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna.

## Garðatorg 4

– glæsileg ný byggð í hjarta Garðabæjar

Í desember fylgir gólfefni öllum seldum íbúðum

- Stærð íbúða frá 108 til 137 fm
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Allar innréttingar og fataskápar af vandaðri gerð
- Mynddyrasími verður í öllum íbúðum
- Tvö baðherbergi í mörgum íbúðum
- Gott útsýni er frá flestum íbúðum

## Nýjar íbúðir í Fossvogi: Skógarvegur 12-14

- Glæsilegt lyftuhús með 33 íbúðum, allar íbúðir með stæði í bílageymslu
- Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna
- Stærð íbúða er frá 64 – 162 fm
- Verð frá 36,2 m.kr



Íbúð 201, 301

*Við óskum viðskiptavinum okkar*
*sem og landsmönnum öllum*
*gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*
*Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

FASTEIGNASALA

www.as.is
as@as.is

Frum www.frum.is

Fjarðargötu 17 • 220 Hafnarfirði • Sími 520 2600 • Fax 520 2601

---

STRÁ

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

**www.stra.is**

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

FASTEIGNASALAN
# TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

kraftur • traust • árangur

Sigurður
Fasteignasali
898 6106

Hafdís
Sölustjóri
820 2222

Árni Ólafur
Fasteignasali
893 4416

Dórothea
Fasteignasali
898 3326

Þorsteinn
Fasteignasali
694 4700

Jóhanna Kristín
Fasteignasali
698 7695

Bjarni
Sölufulltrúi
895 9120

Berglind
Fasteignasali
694 4000

Óskar
Sölufulltrúi
893 2499

Þóra
Fasteignasali
822 2225

Þorgeir
Sölufulltrúi
696 6580

Sigríður
Fasteignasali
699 4610

Garðar
Sölufulltrúi
899 8811

Halla
Fasteignasali
659 4044

**ÓSKUM**
VIÐSKIPTAVINUM
SAMSTARFSFÉLÖGUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM

*Gleðilegra Jóla*

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

## Baugakór 20 — 203 Kópavogur — 35.900.000

**OPIÐ HÚS mánudaginn 21.des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 106 m²

Glæsileg og vel skipulögð, 3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílageymslu með sérinngangi frá svölum í góðu lyftuhúsi í Kórahverfi Kópavogs. Innréttingar eru sérsmíðaðar og samrýmdar og gólfefni er parket og flísar. Góðar suðursvalir. Örstutt er í skóla og leikskóla. Íbúðin getur losnað fljótlega.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Vindakór 10-12 — 203 Kópavogur — 35,5-44,8 millj.

**TILBÚNAR ÍBÚÐIR – AFHENDING VIÐ KAUPSAMNING.**

**Herbergi:** 4-5 **Stærð:** 113,6-144,8 m²

Sala er hafin á nýjum 4ra og 5 herbergja íbúðum í glæsilegu 5 hæða fjölbýlishúsi við Vindakór í Kópavogi. Íbúðirnar er með fallegum HTH innréttingum og AEG eldhústækjum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða sólpalli á móti suðri. Sérinngangur er inn í íbúðir og stæði í bílgeymslu fylgir flestum íbúðum.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Álfkonuhvarf 49 — 203 Kópavogur — 34.900.000



**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM: 699-4610**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 103,2 m²

*Frábært útsýni* 4ra herb. íbúð á 3. hæð í lyfturhúsi. Endaíbúð með sérinngangi og stæði í bílageymslu. Sérsmíðaðar eikarinnréttingar og eikarparket. Þrjú herb., eldhús opið við stofu með eyju. Þvottahús innaf baðherbergi. Frá stofu er útgengi út á svalir. Sérgeymsla í sameign ásamt hjóla-og vagnageymslu.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Hátún 7a — 225 Garðabær — 49.900.000




**Herbergi:** 4 **Stærð:** [illegible] m²

Falleg eign á Álfta[illegible] er að ræða parhús á einni hæð með innbyggðum bílskúr og með 3 svefnherbergjum, búið er að útbúa 4 herbergið í bílskúr (hægt að breyta til baka) Mikil lofthæð, fallegur arinn/kamína er í stofu. Samræmdar innréttingar og gólfefni er parket og flísar. Arkitekt er Vífill Magnússon og eignin getur verið laus fljótlega. **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Bakkastaðir 3a — 112 Reykjavík — 34.500.000



**HRINGIÐ OG BÓKIÐ SKOÐUN S. 820-2222**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 105,7 m²

Falleg og rúmgóð 4ja herb íbúð með sérinngangi á efri hæð í litlu og góðu fjölbýli á þessum eftirsóttastað í Grafarvoginum. Frábært útsýni er frá íbúðinni. Um er að ræða eign sem er skráð 105,7 fm. Svefnherbergin eru þrjú og innan íbúðar er þvottaherbergi. Staðsetning er góð, örstutt er í skóla, leikskóla, golfvöll og fallega náttúru. **Upplýsingar veitir Hafdís sölustjóri í gsm: 820 2222**

## Blásalir 19 — 203 Kópavogur — 39.900.000



**BÓKIÐ SKOÐUN Í GSM: 699-4610**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 112,4 m²

*Frábært útsýni* 4ra herb. íbúð á 2. hæð í fjórbýli með sérinngangi. Endurnýjað gólfefni og eldhúsinnrétting og tæki endurnýjuð að hluta. Eldhús opið við stofu með útgengi út á svalir í suðvestur. Mikil lofthæð. Þrjú herbergi, baðherbergi með glugga ásamt sér þvottahúsi með glugga. Geymsluloft og sérgeymsla á 1.hæð.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm: 699 4610**

## Mávahlíð 10 — 105 Reykjavík — 41.900.000

**OPIÐ HÚS mánudaginn 21. des. kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 4 **Stærð:** 101,4 m² **Bílskúrsréttur**

Glæsilegt fjölbýlishús á besta stað í borginni með þremur góðum svefnherbergjum. Íbúðin er 4ra herbergja á 1.hæð. Húsið og íbúðin eru töluvert endurnýjuð. Innan 10 ára var skipt um alla glugga í íbúðinni, endurnýja skolplagnir, skipta um járn á þaki og rennur, steinahúsið að utan, endurnýja dren fyrir framan hús og skipta um rafmagnstöflu. **Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Hlynsalir 5-7 — 201 Kópavogur — 34.500.000

**OPIÐ HÚS mánudaginn 21. des. kl .18.30-19.00**

**Herbergi:** 3 **Stærð:** 91 m² **Bílageymsla**

Mjög falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á efstu hæð (4.hæð) með sérlega rúmgóðu stæði í bílageymslu og miklu útsýni til suðurs. Um er að ræða 91 fm eign í góðu lyftuhúsi. Sérinngangur frá svölum. Innréttingar og gólfefni eru samræmd í íbúðinni, svefnherbergin eru tvö og þvottaherbergi er innan íbúðar.
**Upplýsingar veitir Berglind fasteignasali í gsm: 694 4000**

## Skógarvegur 12-14 — 108 Reykjavík — 36,2- 93 millj.

**NÝJAR ÍBÚÐIR Í FOSSVOGI**

**Fjölbýlishús** **Stærð:** 66 - 161 m²

Glæsilegar, vandaðar og mjög vel staðsettar íbúðir í lyftuhúsi við Skógarveg. Vandaðar innréttingar með spónlagðri eik. Hiti í gólfum. Baðherbergi og þvottahús verða með flísum á gólfi. Íbúðirnar skilast fullbúnar fyrir utan gólfefni. Öllum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Afhending hefst í september 2016.
**Upplýsingar veitir Óskar sölufulltrúi í gsm: 893 2499**

HÖFÐI FASTEIGNASALA

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fast.

Ásmundur Skeggjason
lögg. fast.

Brynjar Baldursson
sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
lögg. fast.

Árni Þorsteinsson
Rekstrarhagfræðingur Msc.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

**Bæjarlind 14-16 Kóp.**

Til sölu eða leigu vel staðsett verslunar og þjónustuhúsnæði á frábærum stað í Lindarhverfinu í Kópavogi. Stórir gluggar og gott aðgengi. Eignin er skráð sem tveir samliggjandi matshlutar og er hvor um sig 100,4 fm. alls 200,8 fm. Sér inngangur er í eignina. Eignin getur verið laus til afhendingar fljótlega. **Söluverð kr. 42 millj.**
Allar nánari uppl. veitir Árni Þorsteinsson s: 898 3459
eða Ásmundur Skeggjason lögg.fast s: 895 3000.

**Vesturgata 52, 3ja herb. íbúð.**




**OPIÐ HÚS! Í dag mánudag frá kl. 17:00-17:30 – Verið velkomin!**
Skemmtileg 67,9 fm, ósamþykkt íbúð í kjallara á þessum frábæra stað. Ekki láta þessa eign fram hjá ykkur fara. **Ásett verð 26,9 millj.**
Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir, s: 896-3038
eða á johann@hofdi.is

**Tröllakór 9 - 11 – 3ja herb + stæði í bílskýli!**




**OPIÐ HÚS! Í dag mánudag frá kl.18:00 - 18:30 – Verið velkomin!**
Falleg 104,6 fm íbúð á jarðhæð ásamt stóru stæði í góðri bílgeymslu. Góðar innréttingar. Íbúðin væri t.d. frábær fyrir fatlaða.
**Ásett verð 33,9 millj.**
Allar nánari uppl. veitir Jóhann Friðgeir s: 896-3038
eða á johann@hofdi.is



Stofnað 1983

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár*

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Sími 520 7500

Magnús Emilsson lögg. fasteignasali
Freyja Sigurðardóttir lögg. fasteignasali
Ágústa Hauksdóttir lögg. fasteignasali.
Helgi Jón Harðarson sölustjóri
Hilmar Þór Bryde sölumaður
Þorbjörn Helgi Þórðarson sölumaður
Hlynur Halldórsson sölumaður
Valgerður Ása Gissurardóttir ritari

Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Microsoft
Windows 10

# Komin á lager

**Lumia 950**
**109.900,-**

**Lumia 950XL**
**124.900,-**

## Galaxy S6 edge

**99.900,-**

## Galaxy S6

**89.900,-**

## Galaxy Xcover 550

**18.900,-**

## LG G4™

**84.900,-**

## LG G3

**56.900,-**

## LG G4C

**32.900,-**

Krókháls 5c, 110 Reykjavík
Sími 546-9000 / www.simar.is

emobi
bara gott verð

# Jólagjöfin þarf ekki að vera flókin

Það þarf ekki að vera erfitt að finna jólagjöf handa kærustunni, mömmu eða systur. Best er að horfa til áhugamáls þegar finna þarf gjöf. Flestar konur vilja föt í jólagjöf eða fallegan hlut fyrir heimilið.

Það þarf ekki að vera erfitt að finna jólagjöf handa kærustunni, mömmu eða systur. Best er að horfa til áhugamáls þegar finna þarf gjöf. Flestar konur vilja föt í jólagjöf eða fallegan hlut fyrir heimilið.

Í könnun sem gerð var á meðal kvenna í Noregi kom fram að flestar óskuðu sér nytsamra hluta.

**Svona lítur listinn út:**

**1)** Bók
**2)** Föt
**3)** Gjafakort
**4)** Ferðalag
**5)** Eitthvað sniðugt fyrir eldhúsið
**6)** Eitthvað fyrir líkamsræktina
**7)** Peningar

Það getur verið mjög sniðugt að skoða netverslanir til að finna hugmyndir. Þar gæti leynst ýmislegt sniðugt. Nýlegt áhugamál kvenna er bakstur og er hægt að fá ýmsa skemmtilega hluti til að skreyta kökur. Þá eru margar konur duglegar að prjóna um þessar mundir og þess vegna gæti karfa undir prjónadót komið sér vel hjá þeim. Ungar konur eru veikar fyrir fallegum hönnunargripum fyrir heimilið, en eins og flestir vita þá hafa vörur frá Kähler slegið í gegn hér á landi, svo sem Omaggio vasinn. Mjúkt og hlýtt sjónvarpsteppi getur komið sér vel auk þess sem nú er mikið úrval af þeim í verslunum. Handtaska eða skór eru alltaf á vinsældalista konunnar.

Sé konan matgæðingur er auðvelt að kaupa fallegan hlut. Falleg svunta, góð kaffikanna eða sniðugir hlutir sem einfalda matreiðsluna eru alltaf vel þegnir að ógleymdum matreiðslubókum. Karfa með sælkeravarningi ætti sömuleiðis að gleðja matgæðinginn. Skartgripir eru að sjálfsögðu alltaf vel þegnir og náttfatnaður sömuleiðis.

Sagt er að karlmenn kaupi dýrari gjafir en konur. Þær ættu því að fá fallegan hlut frá sínum betri helmingi. Karlmenn draga það líka oft fram á síðasta dag að kaupa handa konunni. Þeir ættu að vera fyrr á ferðinni og vera með innkaupalista í farangrinum til að skipuleggja sig.

Norski neytendahagfræðingurinn Silje Sandmæ spurði konur á Facebook hvað þær myndu helst vilja í jólagjöf. Svörin komu nokkuð á óvart.

**1)** Heimaprjónuð húfa eða sokkar
**2)** Heimagerð matreiðslubók með uppskriftum mömmu eða ömmu
**3)** Árskort í skemmtigarð
**4)** Heimagerð jólakarfa þar sem væri bók, jólasælgæti, kerti og te eða kaffi
**5)** Gjafakort fyrir barnapössun frá ömmu og afa
**6)** Stefnumót á veitingahúsi með mat frá kærastanum
**7)** Sælkerakarfa
**8)** Fjölskylduferðalag
**9)** Fjölskylduspil

**Flestar konur vilja persónulega jólagjöf.** MYND/GETTY

**10)** Myndaalbúm með eftirminnilegum fjölskyldumyndum
**11)** Gjafakort í dekur

Samkvæmt netmiðli danska BT eru líkur á að Danir eyði meira í jólagjafakaup þetta árið en í fyrra. Miðillinn segir að í ár óski konur sér persónulegra gjafa svo sem fatnaðar, skópara, ilmvatns eða snyrtivara. Karlmenn vilja heldur „harðar gjafir“. Svo er að minnsta kosti niðurstaða skoðanakönnunar sem PriceRunner gerði á meðal 4.500 Dana. Fyrirtækið hefur rannsakað neysluvenjur um jól í ellefu ár.

Samkvæmt könnuninni vilja konur helst fá gjafakort í verslunarmiðstöð í jólagjöf. Þær vilja sjálfar velja jólagjöfina. Í næsta sæti er ilmvatn frá Marc Jacobs og síðan koma skartgripir. Þar fyrir neðan eru hin klassísku handgerðu trédýr frá Kay Bojesen.

**ENSKI BOLTINN Í DESEMBER**

YFIR 50 BEINAR ÚTSENDINGAR







PIPAR \ TBWA • SÍA

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV, LFC TV og Chelsea TV*** *á 14.990 kr. á mán.*

# FULLT AÐ GERAST Í SPORTINU Í DESEMBER

SPORT

SPORT 2

*Það verður heldur betur hasar á sportstöðvunum okkar í desember. Stórstjörnurnar í enska boltanum verða í bullandi yfirvinnu, karfan, fótbolti út um alla Evrópu, handbolti, NFL og margt annað spennandi um hátíðarnar.* ***Góða skemmtun!***

Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **1 GB** á **1.990 kr.**

**365.is | Sími 1817**

**365**

# BÆKUR LANGVINSÆLASTAR

Bækur eru mest selda varan á netinu samkvæmt breska markaðsrannsóknarfyrirtækinu Forrester Research. Næst á lista eru tölvur og aukahlutir fyrir tölvur. Hér er listi yfir mest seldu vörurnar á netinu 2014:

**1** Bækur. Um 600 milljón bækur seldust á netinu í fyrra.

**2** Tölvur og tölvuaukahlutir. Meira en ein milljón manna keypti tölvur eða aukahluti fyrir tölvur á netinu á degi hverjum árið 2014.

**3** Tölvuhugbúnaður. Sífellt er verið að þróa nýjan og eftirsóknarverðan hugbúnað sem auðvelt er að nálgast á netinu.

**4** Raftæki. Margir hafa komist upp á lag með að kaupa raftæki á borð við síma, myndavélar og annan búnað til einkanota á netinu.

**5** Fatnaður. Mörgum kemur ef til vill á óvart að fleiri skuli kaupa fatnað á netinu en tölvuleiki en sú er raunin. Þá hefur sala á herrafatnaði aukist meira en sala á kvenfatnaði síðustu ár.

**6** Leikföng og tölvuleikir. Netsala á þessum varningi hefur verið sérstaklega mikil fyrir jól en undanfarin ár hefur hún aukist á öðrum árstímum.

**7** DVD myndir voru enn vinsælar 2014 en kvikmyndir og sambærilegt efni færist nú í auknum mæli yfir á stafrænt form.

**8** Heilsu- og snyrtivörur. Sala á þessum vörum eykst jafnt og þétt. Eitt prósent af allri sölu á snyrtivörum í Bandaríkjunum árið 2014 fór fram í gegnum netið.

**9** Tónlist og annar tónlistartengdur varningur hafnar í níunda sæti. Þetta eru m.a. geisladiskar, kassettur, vínylplötur, heyrnartól og MP3 spilarar.

**10** Skartgripir. Gjafavörur almennt eru reyndar mikið keyptar í gegnum netið. Með því að versla skart á netinu þarf fólk ekki að reiða sig á skartgripahönnuðinn á horninu. Heimsmarkaðurinn er undir.

# NETVERSLUN EYKST

Samkvæmt Árbók verslunarinnar 2015, sem Rannsóknarsetur verslunarinnar gaf út í ágúst síðastliðnum, nam velta innlendrar netverslunar árið 2014 um 4,3 milljörðum króna. Sú upphæð er þó einungis 1,2% af heildarveltu smásöluverslunar hér á landi.
Í árlegri könnun Hagstofunnar sögðust 66,4% landsmanna hafa keypt vöru eða þjónustu á netinu einhvern tímann á síðustu 12 mánuðum. Þetta hlutfall var 55,8% árið áður og jókst því um 19 prósentustig á milli ára.
Föt og skór eru þeir vöruflokkar sem Íslendingar versla mest en um 53% neytenda keyptu föt á netinu árið 2014.
Kaupglaðasti hópurinn eru konur á aldrinum 25-54 ára en um 84% kvenna á þessum aldri sögðust hafa keypt vöru eða þjónustu á netinu undanfarið ár. Sá hópur sem keypti minnst á sama tímabili voru karlar á aldrinum 55-74 ára.

# BARRLAUST TRÉ Í STOFU STENDUR

**JÓLATRÉ** *Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður fór ekki troðnar slóðir þegar hún setti upp jólatréð í stofunni hjá sér í fyrra en á því var ekki ein einasta barrnál.*

Ég fékk þessa hugmynd eftir að hafa tekið þátt í sýningu þar sem einn þátttakenda var með ofnæmi fyrir greninálum. Því var brugðið á það ráð að nota barrlaust tré til að skreyta. Lerki fellir barrið á haustin og eftir standa litlir könglar sem mikið skreyti er í. Ég hringdi bara austur á Hallormsstað og fékk sent tré frá þeim," segir Ólöf Erla Bjarnadóttir keramikhönnuður þegar hún er spurð út í barrlausa jólatréð sem trónaði á stofugólfinu hjá henni síðustu jól.

„Tréð reyndist svo fallegt og entist svo vel á sýningunni að ég notaði það heima yfir jólin. Ég hefði sett það upp aftur þessi jól ef ég hefði haft geymsluplass undir það. Ég tók nokkrar greinar af því og þurrkaði og nota þær í vasa þessi jól. Ég sé svona berar greinar mikið í dönskum blöðum, enda eiga þeir svo mikinn skóg en mér finnst að við mættum nýta betur okkar úrval af trjám hér á Íslandi. Mig langar að hafa aftur barrlaust tré þessi jól, ég á bara eftir að finna út hvar ég fæ það hér á Reykjavíkursvæðinu. Það kostaði dálítið að flytja það að austan."

**FRUMLEG** Ólöf Erla Bjarnadóttir keramiker klippti greinar af jólatré síðasta árs og notar í skreytingar þetta árið. MYND/ANTON

Ólöf segist mjög upptekin af jólaskrauti enda hefur hún framleitt jólakúlur og skraut úr postulíni um árabil. Hún segir barrlausar greinarnar bera allt skraut afar vel og það njóti sín jafnvel betur en á grænu greni.

„Jólaskrautið naut sín sérstaklega vel á berum greinum og innan um brúna og gráa tónana. Þarna var ekki þessi hefðbundni græni litur með. Mér fannst þetta gefa aðra möguleika," segir Ólöf. Margir hafi rekið upp stór augu þegar þeir sáu tréð en allir hafi orðið hrifnir. „Barnabörnunum fannst þetta dálítið skrýtið fyrst. Við heimilisfólkið vorum mjög ánægð með þetta. Það er helst að ég saknaði greniilmsins."

**BARRLAUST** „Ég fékk þessa hugmynd eftir að hafa tekið þátt í sýningu þar sem einn þátttakenda var með ofnæmi fyrir greninálum," segir Ólöf Erla en lerki fellir barrið á haustin. MYND/ÓLÖF ERLA

## BÍLAR & FARARTÆKI

KRÓKUR

**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hjólbarðar

VAKA

**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú...
Ófullnægjandi tannvernd hafa áhrif á börn.

### Varahlutir

Startarar & alternatorar
í bíla, báta og vinnuvélar

Bílaraf
Flatahrauni 25 - Hafnarfirði
Sími 564 0400
www.bilaraf.is

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

Smidur.com
s. 897 9933

Múrarameistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

MARKMIÐ VERKTAKAR

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér
að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Smíðum eftir máli

Hurðir & Gluggar
www.hurdiroggluggar.is
Kaplahrauni 17 • Hafnarfirði
S:565 4123 • eljo@internet.is

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMANN?

JÁ IÐNAÐARMENN

Við þjónustum þig með lítil sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jáiðnaðarmenn.is

### Nudd

Glæsileg nuddstofa í 101 opið alla daga s. 787-7481

### Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL

-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR

Sími 618 3525
www.engill.is

KÆRLEIKS-LJÓSIÐ
Spámiðill Tarot lestur
og kristalkúla
Visa 566 7311 euro
Tímapantanir í síma 8694650

**SPÁSÍMI 908 6116**
Ástir, fjármál og heilsa. Einkatímar í s. 823 6393 Sirrý.

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Viðgerðir

CANDY
HOOVER

Varalhluta og viðgerðaþjónusta. Rafinn ehf Askalind 7. Kóp. S. 5572040/8923429

## KEYPT & SELT

### Til sölu

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
Vandaðir krossar á leiði!

JS LJÓSASMIÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

**VASAPÉSI PARTÝLJÓNSINS**
Ódýr viðbót í pakkann. Sendum heim. flokiforlag@internet.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17,**
**Kringlan - 3. hæð**
**(Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

### skötuveisla

# Skötuveisla
## á Cafe Catalinu

*Að venju verðum við með hið margrómaða vestfirska skötuhlaðborð á Þorláksmessu.*

Stórskata • saltfiskur
plokkfiskur • rófur
kartöflur • hamsatólg
hnoðmör • smjör • rúgbrauð
kaffi og konfekt.

**Hlaðborð í hádeginu frá kl. 11:30-14:00**
**og um kvöldið frá kl. 18:00-20:00**
**Húsið opnar kl. 11:00**

Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og aksturs mat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**NÝ TEGUND Á ÍSLANDI.**

Fallegir hreinræktaðir Irish Soft Coated Wheaten Terrier hvolpar til sölu. Yndislegir og fjölskylduvænir sem fara ekki úr hárum. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í s. 694-4170.

Vissir þú að... börn eiga rétt á að leita sér

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**

129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir litlu húsnæði í austurborginni undir mjög léttan iðnað ca. 10-20fm. Bílskúr með rafmagni gæti dugað, þarf ekki að vera merkilegt. Bjarni s. 845 2510

Mjög reglusamur, reyklaus & snyrtilegur maður á þrítugsaldri í fastri vinnu óskar eftir 2-3ja herb. íbúð Skoða allt: s:7725502

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir sem fyrst 100-200fm iðnaðarhúsnæði. Langtímaleiga og greitt fyrifram. Uppl. í síma 8988076 Ari

## Geymsluhúsnæði

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**

óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**ÍSLENDINGAR.EU**

Nýr samskiptavefur - og við bjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

## til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS
S: 520-3500 & 773-4700

**Til sölu nýr framleiðslubúnaður fyrir Bio-Diesel, framleitt úr repju.** Fullkomin sjálfvirk stöð með skilvindu og vatnshreinsibúnaði. Einnig fylgir 1000 lítrar af repjuolíu og1000 lítrar af metanoli, auk fll. Verð aðeins 10 millj og ýmis skipti eru skoðuð. Upplýsingar gefur Óskar Mikaelsson í síma 773-4700 og oskar@atv.is

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali S. 773-4700

## tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulag.is**. Ákvarðanirnar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **19. janúar 2016.**

- **Nýting á kalkþörungaseti í Miðfirði, Húnaflóa,1.200 rúmmetrar á ári.**
- **Allt að 800 tonna ársframleiðsla á lax– og regnbogasilungsseiðum í seiðaeldisstöð Háafells ehf. á. Nautaeyri, Strandabyggð.**

## tilkynningar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

### Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
### Barónsreitur-Skúlagata
**Fjöldi íbúða**
**Hæðir húsa**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 17. desember 2015, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi stefnuákvæði um reit sem afmarkast af Hverfisgötu, Barónsstíg, Skúlagötu og Vitastíg. Í breytingunni felst að heimildir um fjölda íbúða á Barónsreit (reitur nr. 11) verða 80-200 í stað 100 áður. Ákvæði um hæðir húsa á reitnum breytast þannig að skýrt er sett fram að hæðir húsa næst Hverfisgötu verði 4-6 hæðir en næst Skúlagötu verði viðmiðið 6-16 hæðir. Um svæðið næst Skúlagötu skal viðmiðið almennt vera 6 hæðir en ákvæði um 16 hæðir takmarkast við eitt háhýsi. Í samræmi við þetta er reitur 11 nú nefndur Barónsreitur-Skúlagata.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30.-31. gr. skipulagslaga, sbr. gr. 36, 1. mgr., um breytingar á aðalskipulagi. Tillagan var auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi, sem náði til hluta reitsins. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 29. október til 10. desember 2015. Frestur til að gera athugasemdir var til 10. desember. Alls bárust 2 athugasemdir við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum, auk umsagna umsagnaraðila. Athugasemdir og umsagnir gáfu ekki tilefni til efnislegra breytinga á tillögunni og hefur hún verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar.
Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (***skipulag@reykjavik.is***).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

### AUGLÝSING
**Um skipulag í Sveitarfélaginu Vogum.**
**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut.**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 16. desember 2015 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir iðnaðarsvæði við Vogabraut vegna áforma um byggingu súrefnis- og köfnunarefnisverksmiðju. Tillagan er sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð og vísast til hennar um nánari upplýsingar. Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar frá og með mánudeginum 21. desember 2015 til og með mánudagsins 1. febrúar 2016. Tillagan er einnig aðgengileg á vef Sveitarfélagsins Voga, www.vogar.is.
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en mánudaginn 1. febrúar 2016.

*Vogum, 21. desember 2015*
*f.h. bæjarstjórnar,*
*Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri*

### Tillaga að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi.

**Hafnarbraut 9, 13-15 og Bakkabraut 10. Breytt deiliskipulag.**

Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga Teiknistofunnar Traðar fh. lóðarhafa að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Hafnarbraut 9, 13-15 og Bakkabraut 10. Í gildi er deiliskipulag fyrir lóðirnar dags. 19. febrúar 2008 en í því er miðað við að núverandi atvinnuhúsnæði að Hafnarbraut 13-15 verði rifið. Lóðinar að Hafnarbraut 9 og Bakkabraut 10 eru óbyggðar. Í gildandi deiliskipulagi fyrir lóðirnar er miðað við að byggðar verði alls 68 íbúðir. Í auglýstri tillögu felst m.a. að íbúðum er fjölgað á framangreindum lóðum um 10 verða 78 og hluti húsnæðisins verður fyrir atvinnustarfsemi eða samtals 1,260 m2. Hæð fyrirhugaðra húsa er óbreytt miðað við gildandi deiliskipulag þ.e. 4 hæðir auk kjallara. Miðað er við 1,3 bílastæði á íbúð og 1 bílastæði á hverja 50 m2 í atvinnuhúsnæði. Hluti bílastæða eru í niðurgrafinni bílgeymslu. Lóðamörk breytast. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga verður til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 28. desember 2015. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 fimmtudaginn 11. febrúar 2016.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær
kopavogur.is

## Þórir og norsku stelpurnar heimsmeistarar

**Fögnuður** Norðmenn urðu heimsmeistarar kvenna í handknattleik í gær með 31-23 sigri á Hollandi í úrslitaleik. Þjálfari liðsins er Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson en þetta er fimmta stórmótagullið sem norska liðið vinnur til undir hans stjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hef komið sjálfum mér á óvart

**Jón Arnór Stefánsson heldur áfram að gera það gott í spænska körfuboltanum með Valencia sem hefur ekki tapað leik og setti glæsilegt félagsmet um helgina. Jón er afar ánægður með eigin frammistöðu í vetur.**

**KÖRFUBOLTI** „Við erum aðeins að klóra okkur í hausnum. Það eru bara endalausir sigurleikir hjá okkur," segir íþróttamaður ársins, Jón Arnór Stefánsson, og hlær en hann var þá á heimleið eftir enn einn sigurleik Valencia í spænska körfuboltanum.

Liðið situr í efsta sæti spænsku deildarinnar en það hefur unnið alla ellefu leiki sína í deildinni og er því fyrir ofan Real Madrid og Barcelona í deildinni. Þess utan er liðið búið að vinna alla tíu Evrópuleiki sína í vetur og setti félagsmet með 21 sigri í röð. Árið 1999 náði Valencia að vinna 20 leiki í röð. Jón og félagar eru því búnir að skrá sig í sögubækur félagsins.

**Þetta tekur enginn af okkur**

„Við erum að spila svakalega vel og pressan eykst með hverjum sigrinum. Við verðum að vera sterkir andlega til að halda þessu áfram. Við náðum þessum áfanga og það tekur enginn af okkur," segir Jón Arnór en er þetta lið eins gott og úrslitin í vetur sýna?

„Við erum mjög góðir en þetta er þéttur hópur og gott jafnvægi í liðinu. Það eru allir að leggja sín lóð á vogarskálarnar. Það skiptir mestu máli. Hópurinn nær líka vel saman. Kerfið hentar okkar leikmönnum síðan mjög vel. Flestir ná að blómstra í þessu kerfi og við spilum góðan bolta. Þetta er gott lið og varnarleikurinn afar öflugur hjá okkur. Við æfum líka vel og tökum hraustlega á því. Æfum mikið og ekkert væl."

Það er meira en að segja það að glíma við risana Real Madrid og Barcelona en hvað telur Jón Arnór að þetta lið geti gert í vetur?

**21**

**Valencia er búið að vinna alla leiki sína í vetur. Ellefu sigrar eru komnir í deildinni og tíu í Evrópukeppninni.**

„Það er erfitt að segja. Barca og Real eru Golíat sem er erfitt að eiga við. Það er erfitt að eiga við þau í úrslitakeppniseinvígi. Það er enn langt í land á þessu tímabili og gott að vera komnir áfram í Evrópukeppninni. Real og Barca anda ofan í hálsmálið á okkur og það verður ekkert unnið í þessum mánuði. Liðið er með báða fætur á jörðinni og mikið hamrað á því. Við erum ekkert að missa okkur í gleðinni," segir Jón Arnór en hann hefur spilað með mörgum góðum liðum á ferlinum. Er þetta besta liðið sem hann hefur spilað með?

„Það er líklega besta jafnvægið í þessu liði af þeim liðum sem ég hef spilað með. Þetta er eitt af þremur bestu sem ég hef spilað með."

**Það var leiði í mér**

Jón gekk í raðir félagsins eftir EM og fékk til að byrja með aðeins þriggja mánaða samning. Hann stóð sig strax vel og fékk því framlengingu á samningnum út þessa leiktíð.

„Mér hefur gengið rosalega vel og hef í raun komið sjálfum mér á óvart. Það var leiði í mér er ég kom út fyrst eftir EM. Ég var illa upplagður og meiddur. Það hefur því komið mér á óvart hve vel mér hefur gengið og ég hef náð að klóra mig svolítið í gegnum þetta. Ég var mjög slæmur í skrokknum en hef unnið mig út úr því hægt og rólega. Það hjálpar líka til að vinna og ég er brattur í dag," segir Jón Arnór og gleðin skín í gegnum orð hans. Það eru góðir tímar og hann nýtur þeirra.

„Ég er mjög ánægður að hafa fengið samning út tímabilið og tekið þátt í þessu ævintýri áfram. Framhaldið er síðan alveg óljóst og verður ekkert rætt á næstunni. Ég er farinn að eldast og skrokkurinn hangir stundum á bláþræði. Ég er því bara sáttur við að fá að klára tímabilið og svo sjáum við til hvað gerist."

**Fær að halda íslensk jól**

Þessi magnaði íþróttamaður segir að lífið leiki við sig og fjölskylduna í Valencia. Þar sé gott að vera.

„Það er vel haldið utan um allt hjá þessu félagi og góður stuðningur frá fólkinu í borginni. Svo er alltaf gott veður hérna og hægt að sitja úti með kaffibolla og horfa á krakkana leika sér. Það eru lífsgæði," segir Jón hamingjusamur en hann fær ekkert jólafrí en mun þó reyna að halda íslensk jól.

„Tengdó eru komin út til okkar með fullt af íslenskum mat sem og með malt og appelsín. Við munum hafa það hugguleg og borða eitthvað gott. Ég veit ekki hvað en ég er spenntur að sjá." henry@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | |
|---|---|
| Swansea | 0–0 West Ham |
| Watford | 3–0 Liverpool |
| Stoke | 1–2 C. Palace |
| Southampton | 0–2 Tottenham |
| WBA | 1–2 Bournemouth |
| Chelsea | 3–1 Sunderland |
| Everton | 2–3 Leicester |
| Man. Utd | 1–2 Norwich |
| Newcastle | 1–1 Aston Villa |

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Leicester | 38 | Norwich | 17 |
| Arsenal | 33 | Newcastle | 17 |
| Man. City | 32 | Swansea | 15 |
| Tottenham | 29 | Sunderland | 12 |
| Man. Utd | 29 | Aston Villa | 7 |

**Hvað gerði Gylfi?**

Gylfi Þór Sigurðsson var í byrjunarliði Swansea gegn West Ham í gær og lék allan leikinn. Gylfi átti einn af sínum bestu leikjum í vetur. Spilaði virkilega vel og var mjög ógnandi. Ekki vantaði mikið upp á að hann skoraði í leiknum en engum leikmanni tókst að skora.

**Stærstu úrslitin** Norwich kom sér upp úr fallsæti með því að vinna Man. Utd á Old Trafford. Sjötti leikur Man. Utd í röð án sigurs og spurning hvort Louis van Gaal haldi starfi sínu sem stjóri Man. Utd fram að áramótum.

**Hetjan** Charlie Daniels tryggði Bournemouth þriðja sigurinn í röð með marki úr vítaspyrnu rétt fyrir leikslok gegn WBA. Ótrúlegur jólasprettur hjá nýliðunum.

**Kom á óvart** Chelsea spilaði sinn fyrsta leik án Jose Mourinho og það var allt annað að sjá liðið sem vann sannfærandi sigur á Sunderland. Leikmenn virkuðu fegnir að vera lausir við Portúgalann.

NIELSEN Í LANDSLIÐIÐ?

Stephen Nielsen, markvörður ÍBV í Olís-deild karla, er kominn með íslenskan ríkisborgararétt. Nielsen kom til landsins fyrir nokkrum árum og sló í gegn hjá liði Vals. Hann á íslenska eiginkonu og er í dag orðinn Íslendingur.

Nielsen hefur leikið vel með ÍBV í Olís-deildinni í vetur og gæti jafnvel átt framíðina fyrir sér í íslenska landsliðinu. Hann er fæddur árið 1985 í Danmörku.

Hann kemur aftur á móti ekki til greina í landsliðshópinn fyrir EM í Póllandi í janúar en Aron Kristjánsson er nú þegar búinn að tilkynna inn 28 manna hóp. Stephen er ekki í þeim hópi en aðeins leikmenn úr þeim hópi mega taka þátt á mótinu.

SPENNA HJÁ STELPUNUM

Valdís Þóra Jónsdóttir og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir hafa lokið þriðja hring í lokaúrtökumótinu fyrir keppnisrétt á sjálfri LET Evrópumótaröðinni.

Stelpurnar eru báðar á parinu eftir þrjá hringi og sitja jafnar í 41. sæti. Þær þurfa því að gera betur í dag og koma sér nær 30. sætinu sem gefur þátttökurétt á Evrópumótaröðinni. Sem stendur eru þær tveimur höggum frá því.

Leikið er á tveimur keppnisvöllum í Marokkó á lokaúrtökumótinu. Alls eru leiknir fimm 18 holu hringir en aðeins 60 efstu af alls um 120 keppendum á lokaúrtökumótinu leika fimmta hringinn sem jafnframt er lokahringur keppninnar.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.50 | Arsenal - Man. City | Sport 2 |
| 22.00 | Messan | Sport 2 |

# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

**Philips 55PUT4900**
LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming baklýsing. 400 Hz Perfect Motion Rate. Dual Core örgjörvi. Stafræn DVB-T2/S2 móttakari. Gervihnattamóttakari.
2 x USB. 3 x HDMI. USB upptaka. Scart, Component. Heyrnatólstengi. Ethernet, Optical út & CI rauf.

**JÓLATILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ 199.995

Nikon
*At the heart of the image*

**VR LINSA MEÐ HRISTIVÖRN**

**24,2 Megapixla C-MOS myndflaga**

**Nikon D3300KIT1855VR**
Stafræn SLR myndavél með 24,2 milljón punkta upplausn, 24,2 mm CMOS flögu á DX-sniði, EXPEED 4, ISO 100-12800, 3" LCD skjá, Active D-Lighting, D-Movie FHD hreyfimynd, umhverfis- og brellustillingum, hraðri raðmyndatöku, tvöföldu rykhreinsikerfi, HDMI C út. WiFi tengimöguleiki ofl.

Nikon SCHOOL
**Nikon School námskeið fylgir.**

**TILBOÐ**
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995

MiO
**HEILSUÚRIN**
LOKSINS Á ÍSLANDI

**JÓLATILBOÐ**
**15.995**
FULLT VERÐ 19.995

**JÓLATILBOÐ**
**21.995**
FULLT VERÐ 26.995

**JÓLATILBOÐ**
**22.995**
FULLT VERÐ 29.995

Lenco AUDIO-VIDEO

**Lenco Xemio 655**
MP3 spilari með 4GB minni og 1,8" skjá. Upptökumöguleiki. USB 2.0 tengi. Rauf fyrir Micro SD kort að 8GB. Rafhlaða dugar u.þ.b. 8 klst. í afspilun á tónlist og 3,5 klst í afspilun á mynd.

**VERÐ**
**5.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips AE1125**
Ferðaútvarp fyrir útivistinaMeð FM og langbylgju. Innbyggt vasaljós og sírena. Rafall til að hlaða tækið. Micro USB kapall fyrir hleðslu. Góður hljómur. Notar 3xAAA rafhlöður.

*Sveif er framan á tækinu að hlaða það með handafli.*

**VERÐ**
**7.995**
FRÁBÆRT VERÐ

CROCK-POT
THE ORIGINAL SLOW COOKER

*CrockPot Slowcooker hægsuðupottarnir fást hjá okkur.*

**VERÐ FRÁ**
**6.995**
FRÁBÆRT VERÐ

MELISSA

**Melissa 16310147**
Dósaopnari með segul og hnífabrýni. Slekkur sjálfkrafa á sér.

**JÓLATILBOÐ**
**1.995**
FULLT VERÐ 3.995

MELISSA

**Melissa 16240053**
700w Panini heilsugrill með viðloðunarfríum grillplötum.

**JÓLATILBOÐ**
**4.995**
FULLT VERÐ 5.995

MELISSA

**Melissa 16230026**
400w safapressa sem tekur hart grænmeti og ávexti. Engin þörf á að taka fræin úr eða börkinn af. Tveir hraðar. 1,5 lítra aldinkjötsbakki. Auðveld í þrifum.

**VERÐ**
**7.995**
FRÁBÆRT VERÐ

PHILIPS

**Philips FC6162**
Handryksuga með hleðslurafhlöðu skafti og PowerCyclone tækni. Tekur 0.6L af ryki. 12v. 20 mín. notkun á hleðslu. Tri-Active Turbo Parket / Dúk haus. Aðeins 2,9 kg.

**VERÐ**
**26.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**ÞRÁÐLAUS HITAPÚÐI!**

**Leifheit 68050**
Hitapúði með mjúku flísefni öðrumegin til að nota inni, og rakaþolnu efni hinumegin til að nota utandyra. 4 klst hleðsla.

**JÓLATILBOÐ**
**9.995**
FULLT VERÐ 14.995

iRobot

***SÚ ALLRA ÖFLUGASTA***

**iRobot Roomba IRO-880**
Sjálfvirkt ryksuguvélmenni með iAdapt gervigreind. Fjarlægir dýrahár / smáryk / óhreinindi ofl. Hreinsar allt að 50% betur en eldri gerðir.

**JÓLATILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 129.995

## MEDISANA® BAÐVOG OG HEILSUÚR

**Medisana 99526**
**Baðvog með fitumæli og TrackerBluetooth MX3**. Stór skýr LCD skjár. Fitumælir sýnir vatns/vöðva/fitu/beina massa. VitaDock+ app heldur utanum allar upplýsingar. Fitumælir sýnir vatns/vöðva/fitu/beina massa. Minni fyrir 8 einstaklinga. Mælir allt að 180 Kg. 100g kvarði.

**Bluetooth Vifit heilsuúr með hreyfiskynjara**. Mælir eingöngu raunverulega göngu. VitaDock+ app heldur utanum allar upplýsingar. Mælir skrefafjölda, vegalengd, kaloríur. Fylgist einnig með svefnvenjum.

*3ja ára ábyrgð!*

Bluetooth

**VERÐ**
**19.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**OPIÐ TIL 22 ALLA DAGA TIL JÓLA**
**12 MÁNAÐA VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR**

**Heimilistæki** ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Atvinnumannaferillinn gæti ekki farið betur af stað hjá Gunnari Kolbeini sem vann alla fjóra bardaga sína á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þetta var minn besti bardagi

**Eini íslenski atvinnuhnefaleikamaðurinn, Gunnar Kolbeinn Kristinsson, er enn ósigraður eftir yfirburðasigur á Litháa um helgina. Okkar maður keppti fyrir framan 12 þúsund manns í Helsinki á stærsta boxkvöldi í sögu Finnlands.**

**BOX** „Þetta var mjög öruggt," segir boxarinn Gunnar Kolbeinn Kristinsson, kallaður Kolli, en hann barðist í Helsinki um helgina. Það var hans fjórði bardagi sem atvinnumaður og hann er búinn að vinna alla sína bardaga.

Andstæðingur Kolla að þessu sinni var Litháinn Dimitrij Kalinovskij og rimma þeirra var ójöfn þó svo að Kolla hafi ekki tekist að rota hann eins og stefnt var að.

„Ég hef aldrei slegið neinn jafn oft í hausinn með hægri hendinni og þennan strák. Þetta var alveg ótrúlegt og það skildi enginn hvernig hann fór að því að standa þetta allt af sér. Hann fór aldrei í strigann. Ég vorkenni honum í dag," segir Kolli en hann lagði allt í þennan bardaga.

### Marinn á hnúunum

„Ég er alltaf að bæta mig og þetta var líklega minn besti bardagi. Það sér varla á mér eftir bardagann. Nema á hnúunum eftir að hafa lent svona mörgum höggum á hann. Svo er ég líka bólginn í olnbogunum og spurning hvort ég hafi rifið eitthvað. Þetta er frábær byrjun á ferlinum. Þetta var fjögurra lotu bardagi en næst fer ég í sex lotu bardaga gegn erfiðari andstæðingi."

### Því miður bara Rocky I

Þessi bardagi kom upp með aðeins tveggja vikna fyrirvara. Bardagi Gunnars var sá fyrsti á stærsta bardagakvöldi í sögu Finnlands en tólf þúsund manns fylltu höllina til þess að fylgja sínum manni, Robert Helenius, sem var að keppa um Evrópumeistaratitilinn gegn Þjóðverjanum Frankie Franz Rill. Helenius vann þann bardaga og er því ósigraður Evrópumeistari.

Það er gott samband á milli Kolla og Helenius og þeir æfðu saman síðustu vikuna fyrir bardagann. „Þetta var risakvöld og sýnt í sjónvarpi víða um Evrópu. Það var heiður að fá að byrja þetta flotta kvöld. Það var frábært að Helenius skyldi vinna en ég þekki hinn strákinn líka mjög vel. Hann sagði að þetta væri hans Rocky-stund en því miður var þetta bara Rocky I fyrir hann," sagði Kolli léttur en þetta var ekki í fyrsta sinn sem hann æfir með Evrópumeistaranum.



Félagarnir Kolli og Robert Helenius eftir góða æfingu.

„Helenius var ánægður að fá mig í æfingabúðirnar og við græddum mikið á því báðir. Ég þarf að fá að æfa með honum reglulega og það kemur til greina að ég fái að taka heilar æfingabúðir með honum. Það eru tveir mánuðir. Það yrði geggjað."

### Stefnir á sex bardaga

Kolli er að ljúka sínu fyrsta ári sem atvinnumaður og lauk því með stæl. Hann stefndi á að berjast fimm sinnum en náði fjórum bardögum. Hann ætlar sér enn meira á næsta ári.

„Þá er stefnan að ná sex bardögum og tvisvar með Helenius. Stefnan er að vera 10-0 eftir næsta ár og með sex rothögg. Þetta kvöld gaf mér mjög mikið fyrir framhaldið og sýnir mér að ég er á hárréttri leið. Ég fékk mikið hrós og þessi bardagi mun opna fleiri dyr fyrir mig. Svo fæ ég svolitla aukaathygli út á að vera Íslendingur. Sá eini í boxinu. Útlendingunum finnst þetta sérstakt," segir Kolli sem ætlar að hafa það gott um jólin.

„Ég mun borða hamborgarhrygg um jólin. Ég borða venjulega hátt í heilan hrygg sjálfur þannig að það er venjulega alltaf keyptur einn aukalega. Ég verð örugglega orðinn spikfeitur er ég byrja að æfa aftur eftir áramót," segir okkar maður léttur. **henry@frettabladid.is**

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# GRÆJAÐU ÞIG FYRIR JÓLIN !

PHS-BDM3490UC

## PHILIPS 34" CURVED WQHD SKJÁR

**189.995**

Skjáir verða ekki flottari en þessi. Í stað tveggja hlið við hlið færðu stóran 34" sveigðan skjá með meira vinnuplássi og nýrri upplifun. Sveigjan, WQHD upplausn og AH-IPS skjátækni gera hann ótrúlega skarpan og skýran. MHL hraðhleðsla fyrir snjalltæki og hátalarar.

ASU-STRIXGTX960DC2OC

## ASUS 4GB GTX960 LEIKJASKJÁKORT

**49.995**

Spilaðu leikina í betri gæðum um jólin. DirectCU II kælitækni með allt að 40% betri kælingu sem skilar hljóðlausri leikjaspilun í hefðbundnu álagi. Styður 4K og kemur yfirklukkað í 1291 MHz frá verksmiðju. 3 ára ábyrgð.

## VINNUHESTUR MEÐ LEIKJASKJÁKORTI

Hentar fyrir þá sem vilja kraftmikla tölvu fyrir vinnu eða skóla og geta spilað einnig spilað leiki. Intel i5 örgjörvi, hraður 256GB SSD diskur og 2GB NVIDIA GeForce 930M leikjaskjákort. Mikið fyrir peninginn.

**149.995**

TOSHIBA TOS-L50C1VZ

## MINNSTA TÖLVA LANDSINS !

Þessi ótrúlega tölva var að lenda frá Intel. Fullbúin USB tölva á stærð við stóran minnislykil sem tengist í HDMI. Intel Atom örgjörvi, 32GB með Windows 10. Ótal skemmtilegir notkunarmöguleikar.

intel ITL-BOXSTCK1A32WFCL

**29.995**

## OFURHRAÐI MEÐ 240GB SSD DISKI

SanDisk SDI-SDSSDHII240G

**18.995**

## GTX750TI Á LÆGRA VERÐI

ASUS ASU-GTX750TIOC2GD5

**29.995**

## JÓLAVERÐ Á 24" HÁSKERPUSKJÁ

ASUS ASU-VX248H

**36.995**

## 24" SKJÁTÖLVA MEÐ INTEL i3

acer ACE-DQB05EQ002

**149.995**

FULLT VERÐ 169.995

## 4 KJARNAR OG 1TB DISKUR

TOSHIBA TOS-C50DB157

**89.995**

Með fyrirvara um verðvillur og myndabrengl.

## ÍSLENSKT LYKLABORÐ Í LEIKINA MEÐ BAKLÝSINGU

ASUS ASU-CERBERUSKEYBOARD

**9.995**

## STEELSERIES CS:GO RIVAL OPTIC 300 LEIKJAMÚS

steelseries STE-62279

**16.995**

## KRAKEN 7.1 CHROMA HEYRNARTÓL Í LEIKINA

RAZER RAZ-RZ0401250100R3M1

**27.995**

Netgíró

**Þú getur greitt jólainnkaupin hjá okkur 1. febrúar 2016 vaxtalaust með jólareikningi Netgíró.**

Kr. 195 tilkynningar- og greiðslugjald og 3,95% lántökugjald.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

21. DESEMBER 2015 MÁNUDAGUR

## Merkisatburðir

**69** Vespasíanus verður keisari Rómar.
**860** Aðalbert verður Englandskonungur.
**1124** Lamberto verður Honórius 2. páfi.
**1844** Jónas Hallgrímsson yrkir stökur, sem hefjast á: „Enginn grætur Íslending...“
**1929** Varðskipið Þór strandar við Húnaflóa, mannbjörg verður. Þór er fyrsta íslenska varðskipið sem ber fallbyssu.
**1930** Ríkisútvarpið hefur útsendingar.
**1937 Bandaríska leikkonan Jane Fonda er fædd á þessum degi.**
**1945** Ölfusárbrú er formlega opnuð fyrir umferð. Hún er hengibrú með 84 metra á milli stöpla og leysti af hólmi brú frá 1891.
**1952** Kveikt er á stóru jólatré á Austurvelli, sem er gjöf frá Óslóarbúum til Reykvíkinga og hefur það verið fastur siður árlega síðan.
**1981** Belís fær sjálfstæði frá Bretlandi.
**1988** Flugslys verður við Lockerbie í Bretlandi. Alls dóu 270 manns, þar af 243 farþegar, 16 í áhöfn og 11 á jörðu niðri.
**2007** Schengen-svæðið stækkar. Aðildarlönd sem bættast við eru Eistland, Lettland, Litháen, Malta, Pólland, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland og Ungverjaland.

**Lóa Hjálmtýsdóttir, myndlistarkona og söngkona, reiknaði út að ef 100 krónur eru gefnar mánaðarlega er hver og ein kona að gefa 12 þúsund krónur á tíu árum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Safna fé á Facebook í krafti fimmtíu þúsund kvenna

**Hugmyndin að stofnun söfnunarreiknings fyrir ýmsum góðgerðarmálum spratt upp úr Facebook-hópnum Góða systir <3. Stefnt er að því að kjósa um góðgerðarmál mánaðarlega.**

„Ég hef svo mikla tröllatrú á því að fólk sé gott,“ segir Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir listakona en hún hefur, í félagi við Önnu Svövu Knútsdóttur leikkonu og Þórunni Antoníu Magnúsdóttur söngkonu, stofnað söfnunarreikning fyrir ýmsum góðgerðarmálum. Hugmyndin spratt upp úr Facebook-hópnum Góða systir <3.

Í hópnum eru ríflega 51 þúsund konur, eða þriðjungur íslenskra kvenna. Hann var stofnaður með það að markmiði að stuðla að jákvæðri umræðu kvenna um konur og hvetja til kvennasamstöðu. Fljótlega varð hópurinn fjölmennasti Facebook-hópur landsins og tók fram úr hópnum Beauty tips á allra fyrstu dögum hans.

„Við vorum alveg nokkrar sem þekktumst ekki neitt sem fengum þessa hugmynd. Þetta var bara eins og samvitund. Sama hugmyndin á sama tíma,“ segir Lóa.

> **Þetta er nákvæmlega það sem kvenfélög eru búin að gera í tvö hundruð ár. Nema þetta er bara gígantískt. Svona móðurskip kvenfélaga.**
> Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Lóa reiknaði út að ef 50 þúsund konur gæfu hundrað krónur á mánuði til góðgerðarmála þá myndu safnast fimm milljónir á hverjum mánuði. Hugmyndin er að á vettvangi Facebook-hópsins verði kosið um góðgerðarmál mánaðarlega.

„Á tæpum tveimur sólarhringum er búið að safna meira en hálfri milljón króna,“ segir Lóa.

„Þetta er eiginlega bara yfirfærð mynd af kvenfélagi, því þetta er nákvæmlega það sem kvenfélög eru búin að gera í tvö hundruð ár. Nema þetta er bara gígantískt. Svona móðurskip kvenfélaga.“

Í þessum mánuði rennur fjárhæðin til styrktar fjölskyldu Önju Mistar Einarsdóttur, lítillar stúlku sem berst fyrir lífi sínu á Landspítalanum. Hugmyndin er að fyrst um sinn verði áhersla lögð á að styrkja konur og konur með börn.

„Ég veit ekki hvert þetta fer en þetta er að minnsta kosti góð tilraun. Ég þarf á því að halda að líða eins og ég búi í góðu samfélagi og góðum heimi.“

Hún segist hafa tröllatrú á verkefninu. „Það er alltaf sagt að maður sé barnalegur ef maður segir eitthvað svona. En mér finnst það að vera barnalegur ekki skammaryrði,“ segir Lóa.

**snaeros@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 21. DESEMBER 1969

## Húsið Árnagarður vígt

Á þessum degi árið 1969 var Árnagarður formlega vígður en Handritastofnun Íslands var þar til húsa ásamt kennslu- og skrifstofuhúsnæði fyrir Háskóla Íslands.

Árið 1972 var lögum um Handritastofnun Íslands breytt og fékk hún þá heitið Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Kennsla hófst í húsinu haustið 1969.

Árnagarður var í smíðum í tvö ár en húsið er hönnun arkitektanna Kjartans Sigurðssonar og Garðars Halldórssonar sem unnu að húsinu í samvinnu við starfsmenn húsameistara ríkisins.

Húsið var reist í snarhasti til að hægt væri að hýsa forn handrit sem komu til landsins tveimur árum síðar, í apríl 1971. Byggingin er á fjórum hæðum, samtals 829 fermetrar.

Við vígslu hússins afhenti formaður byggingarnefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal, þáverandi seðlabankastjóri, menntamálaráðherra húsið fyrir hönd ríkisins. Ráðherrann Gylfi Þ. Gíslason afhenti svo eigendum húsið og voru það Einar Ólafur Sveinsson, prófessor í íslenskum fræðum og forstöðumaður Handritastofnunar, og Magnús Már Lárusson, prófessor og rektor Háskóla Íslands, sem tóku við húsinu fyrir hönd stofnana sinna.

**Árnagarður var í smíðum í tvö ár en húsið er teiknað af arkitektunum Kjartani Sigurðssyni og Garðari Halldórssyni.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

†

Ástkær eiginkonan mín, móðir og amma,

**Sigrún Þórarinsdóttir (Sirra í Markaðinum)**

Sæviðarsundi 50, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 12. desember. Útför hennar verður gerð frá Áskirkju mánudaginn 4. janúar kl. 13.00.

**Geir Þórðarson**
**Þórarinn Örn Geirsson**
**Geir Ingi Geirsson**
**Guðmundur Geir Þórarinsson**

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs föður okkar,

**Þorsteins Ingólfssonar**

bifreiðastjóra.

Jafnframt sendum við fjölskyldu og vinum hugheilar jóla- og nýárskveðjur.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halla Dröfn, Ásta Ingibjörg og Sigurður Óli Þorsteinsbörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

markhönnun ehf

nettó
í jólaskapi

# Þorláksmessu skatan

OG ALLT MEÐ HENNI
FÆST Í NETTÓ

Kæst skata
**1.347**
kr/kg

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Búðakór· Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss | **tilboðin gilda 21.-23. desember 2015**

1.198 kr./kg

**MATFUGL VEISLUKJÚKLINGUR**
verð 1.198 kr./kg

3.298 kr./kg

**KF TAÐREYKT HANGILÆRI ÚRB.**
verð 3.298 kr./kg

3.698 kr./kg

**FJARÐARKOSTUR HANGILÆRI ÚRB.**
verð 3.698 kr./kg

1.339 kr./kg

**ALI BAYONNE SKINKA**
verð 1.339 kr./kg

1.598 kr./kg

**FK HAMBORGARHRYGGUR**
verð 1.598 kr./kg

3.198 kr./kg

**FK HANGILÆRI ÚRB.**
verð áður 3.198 kr./kg

1.798 kr./kg

**HAMBORGARHRYGGUR**
verð 1.798 kr./kg

598 kr.

**PIK-NIK STRÁ 255G**
verð 598 kr.

2.489 kr./kg

**KF TAÐREYKTUR HANGIFRAMPARTUR ÚRB.**
verð 2.489 kr./kg

316 kr.

**HRÍSGRJÓNAGRAUTUR 1KG**
verð 316 kr.

181 kr.

**GULRÆTUR SMÁAR**
verð 181 kr.

198 kr.

**MAÍSKORN**
verð 198 kr.

198 kr.

**GRÆNAR BAUNIR 400G**
verð 198 kr.

129 kr./flaskan

**COCA-COLA Í GLERI 0,25L**
verð 129 kr./flaskan

1.268 kr.

**PRALÍN OSTAKAKA**
verð 1.268 kr.

2.998 kr.

**MACKINTOSH 2KG**
verð 2.998 kr.

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - Tilvalið gjafakort

EYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

498 kr.

**TOBLERONE 200G**
verð 498 kr.

948 kr.

698 kr.

**KJÖRÍS JÓLAÍS 2L**
verð 948 kr.

**KJÖRÍS JÓLAÍS 1L**
verð 698 kr.

422 kr./pk.

**SERVÉTTUR 33 X 33 CM**
verð 422 kr.

266 kr.

**ORA RAUÐKÁL 580G**
verð 266 kr.

398 kr.

**1/1 DÓS BLANDAÐIR ÁVEXTIR**
verð 398 kr.

398 kr.

**1/1 DÓS PERUR**
verð 398 kr.

798 kr./stk.

**EMMESS JÓLAÍS EÐA HÁTÍÐARÍS 1,5L**
verð 798 kr./stk.

158 kr.

**ORA GRÆNAR BAUNIR**
verð 158 kr.

2.998 kr.

**NÓA KONFEKT 1KG**
verð 2.998 kr.

158 kr.

**MALTÖL Í GLERI**
verð 158 kr.




123 kr.

**APPELSÍN Í GLERI**
verð 123 kr.

758 kr./kassinn

**KLEMENTÍNUR 2,3KG**
verð 758 kr./kassinn

298 kr.

**SNICKERS 4 Í PK. EÐA MARS 4 Í PK.**
verð 298 kr./pk.

598 kr./stk.

**MYLLU JÓLATERTA 3 GERÐI**
verð 598 kr./stk.

598 kr.

**COCOA PUFFS 467G**
verð 598 kr.

184 kr.

**RITZ KEX 200G**
verð 184 kr.

## BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

**MÁNUDAGUR 21. DES. 9:00-22:00**
**ÞRIÐJUDAGUR 22. DES. 9:00-22:00**
**MIÐVIKUDAGUR 23. DES. 9:00-22:00**

FK
FJARÐARKAUP

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Mánudagur




Austankaldi og dálítil snjókoma eða él, en slydda við suðurströndina. Frost víða 0 til 5 stig, en frostlaust syðst.

### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1° | -2° | -1° |
| ← 1 | ↗ 3 | ↘ 9 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2° | 1° | -4° |
| ↖ 9 | ↘ 13 | ↘ 8 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -0° |
| ↖ 6 | ↙ 20 | ↗ 8 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -7° | -1° | -4° |
| ↑ 8 | → 3 | ↑ 7 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. sigtun
6. munni
8. fyrirboði
9. fugl
11. Fyrir hönd
12. flatfótur
14. kvk nafn
16. Skóli
17. eyja
18. andi
20. í röð
21. tangi

**LÓÐRÉTT**
1. ögn
3. klaki
4. þrot
5. lík
7. land í Evrópu
10. Írafár
13. Angan
15. ilmur
16. skst.
19. tveir eins



**LÁRÉTT:** **2.** sjun, **6.** op, **8.** spá, **9.** lóa, **11.** pr, **12.** ilsig, **14.** lilja, **16.** ma, **17.** mön, **18.** ond, **20.** fg, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT:** **1.** moli, **3.** ís, **4.** uppgjöf, **5.** nár, **7.** pólland, **10.** asi, **13.** ilm, **15.** angi, **16.** mðo, **19.** dd.

### Skák Gunnar Björnsson

Stöðumynd dagsins kom upp hjá Albin Planic, sem átti leik gegn Rafael Vaganian í Hastings árið 1974.

**Svartur á leik**

**22...Dc7+!!** (22...Dc6+ leiðir til sömu niðurstöðu). Hvítur gaf verður hann mát eftir 23. Dxc7 Rb3#. Um 150 krakkar tóku þátt í Jólapakkamóti Hugins sem fram fór á laugardag í Ráðhúsinu.

**www.skak.is** Carlen teflir í Katar.

UN WOMEN

JÓLAMARKAÐUR
TIL STYRKTAR
UNICEF&UN WOMEN

Hugsaðu grænt
Verslaðu ódýr&notuð föt.
Gefðu fólki um allan heim ný tækifæri.

Markaðurinn verður haldinn í lista- & menningarrýminu
Kaktus, Akureyri
þann 22. desember n.k. frá 15-21

Kaktus er staðsettur í Kaupvangsstræti 10, undir Listasafninu.

Komdu og verslaðu jólaföt&jólagjafir við ljúfa tóna&léttar veitingar.

Þitt framlag rennur óskipt til
UNICEF&UN WOMEN

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 2 | | 9 | | 7 | 1 |
| 4 | | | 7 | | 8 | 9 | 5 | |
| | 5 | | 6 | | 4 | | | |
| | | 6 | | | 1 | | 3 | |
| | 2 | | | | | | | |
| 8 | 4 | 7 | | 6 | | | | 5 |
| | | | 9 | | 6 | 3 | 1 | 7 |
| | | 4 | | 7 | | 8 | | |
| 9 | | | 8 | 2 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | 9 | | 4 | | 3 |
| | | 9 | 3 | 8 | | 6 | 7 | |
| 5 | 7 | | 6 | | | 3 | | 1 |
| 6 | | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | | 4 | |
| | | | 9 | | | | | |
| 1 | 3 | 5 | | 2 | 4 | | | 9 |
| | 9 | | | 5 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 8 | | 3 | 9 | 2 | |
| 5 | 7 | | | | | 8 | | |
| | | | 1 | 2 | | | | |
| | | 5 | | | 9 | | | |
| | | 4 | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | 3 | | |
| | | 6 | | | | | 4 | |
| 3 | 5 | | | | 8 | | 6 | |
| 9 | | | | | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku ↑**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 7 | 5 | 4 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 |
| 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 4 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 |
| 7 | 5 | 9 | 8 | 4 | 6 | 3 | 1 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 7 | 9 | 1 | 8 | 6 |
| 8 | 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 5 | 3 | 9 |
| 9 | 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 2 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 4 | 7 | 3 | 5 | 8 | 2 | 9 | 1 |
| 3 | 2 | 8 | 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 7 |
| 9 | 5 | 1 | 6 | 7 | 2 | 8 | 3 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 7 | 3 | 1 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 8 | 7 | 4 | 1 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 8 | 6 | 7 | 4 | 9 |
| 7 | 6 | 9 | 5 | 3 | 4 | 1 | 8 | 2 |
| 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 9 | 6 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 8 | 2 | 4 | 6 | 1 | 5 | 9 |
| 6 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 7 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 5 | 9 | 7 | 3 | 6 | 8 |
| 5 | 6 | 9 | 4 | 7 | 8 | 2 | 3 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 | 4 | 8 | 5 |
| 4 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 6 | 9 | 7 |
| 9 | 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 5 | 7 | 8 | 6 | 4 | 9 | 1 | 2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli

**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

# Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims

Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

GEORG JENSEN

by Lassen. Copenhagen

HAY

Joseph Joseph

ROSENDAHL

KÄHLER

# Ég hélt þetta væri af því að ég er svo biluð og skapandi

**Við þurfum að gera minna af því að glápa og meira af því að hlusta, segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur sem sendi fyrir skömmu frá sér skáldsöguna Anna á Eyrarbakka sem átti upprunalega að vera barnasaga.**

Nú rétt fyrir síðustu helgi sendi Elísabet Jökulsdóttir frá sér skáldsöguna Anna á Eyrarbakka og er þar efalítið á ferð allra síðasta bókin í jólabókaflóði ársins. Elísabet segist þó hafa áður verið enn seinna á ferðinni með bók fyrir jólin en að þessu sinni en það hafi þó ekki reynst ýkja vel. „Mér finnst eiginlega mest gaman að gefa út á Þorláksmessu og ég gerði það einu sinni. En það fór svo að ég eiginlega gaf öll eintökin. Hún hét Sjáðu, sjáðu mig – það er eina leiðin til þess að elska mig. Hún var ort upp úr snjóflóðunum á Súðavík og Flateyri og þá tengdi ég einhvern veginn við snjóflóðin í mínu eigin lífi. Fólk var reyndar mjög hrifið af þessari bók en ég gaf öll eintökin og Ísafold gaf mér prentunina."

### Jafningjar í Melabúðinni

Eins og oft áður er Elísabet þessa dagana í Melabúðinni að selja bækur sínar fyrir jólin og hún segir að það hafi reynst sér ansi vel. „Hann Pétur í Melabúðinni er náttúrulega algjör öðlingur. Hann hefur ekkert verið að rukka mig um sölulaun eða neitt slíkt. Við erum þarna bara á jafningjagrunni og okkur finnst báðum jafn mikill heiður að fá að vera með bók þarna. Það er eiginlega eins og að vera með leikhús að vera þarna. Enda mikið af góðu fólki sem leggur leið sína í Melabúðina og það er alltaf langsöluhæsta búðin hjá mér. Þetta eru mikið til fastakúnnar sem koma til mín og segja að þeir geti ekkert verið að halda jól án þess að ég komi með bók og mæti í Melabúðina."

### Eyra á bakka

„Annars ætlaði ég ekkert að vera með bók þessi jólin, Ufsaklettur er búinn að vera að skila sínu í ár, en svo varð þessi saga til. Hryðjuverkaárásarnar í París og stríðið í Sýrlandi koma þarna við sögu og eins og Jón Óskar, vinur minn og kápugerðarmaður, benti á þá vantar oft að íslenskir höfundar séu að fjalla um hlutina þegar þeir eru að gerast. Þannig að þetta einhvern veginn hentaði þó svo að bókin sé alls ekki bara um þetta. En í bókinni kemur lítil stúlka og gefur manneskju eyra á bakka – á Eyrarbakka og í eyranu heyrist um heim allan. Það heyrist í Sýrlandi, það heyrist í París, það heyrist í Litla-Hrauni og víðar að. Þetta er svona alheimseyra. En þetta er svona um það hvað ég er orðin þreytt á þessu glápi. Við þurfum að hætta að glápa og byrja að hlusta. Þröstur Leó leikari kenndi mér að hlusta og það er svo nærandi að hlusta og maður fyllist orku við það að leggja við hlustir."

Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur í Melabúðinni þar sem hún selur alla jafna bækur sínar fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Eyðandi listamaður

Þrátt fyrir þetta þá sér Elísabet sig ekki sem pólitískan höfund í strangasta skilningi þess orðs. „Nei, en ég er pólitísk að því leyti að ég reyni alltaf að segja satt. En ég er ekkert svona sjálfstæðis eða vinstri grænna heldur er ég alltaf í stjórnarandstöðu. Ég var einu sinni í stjórn Geðhjálpar og þá var ég á móti stjórninni. Svo var ég í Listaháskólanum og þá var ég einhvern veginn alltaf á móti líka. En ég segi líka að ég sé eyðandi listamaður, ég er orðin mjög þreytt á þessu skapandi og er búin að skrifa grein um það. En ég er soldið þreytt á því þegar hlutirnir eru bara svona á einn veginn. Ef ég ýti aldrei á delete takkann þá er ekki von á góðu. Það er nefnilega skapandi að ýta stundum á delete. Það verður að vera einhver sláttur þarna á milli. Skapandi og eyðandi er taktur sem verður að fá að dynja. Mamma kenndi mér það að um leið og einhver hlutur er orðinn fastur þá þarf að reyna að losa hann. Nú er þetta skapandi orðið fasti og þá þarf að hnika við því."

### Biluð og skapandi

Upphaflega átti Anna á Eyrarbakka að vera barnasaga en það fór þó ekki þannig. „Ég ætlaði að skrifa barnasögu um kvíðann, af því að sum barnabörnin mín voru illa haldin af kvíða og ég vildi hjálpa þeim, en svo komst ég að því við skriftirnar að ég fæ sjálf mjög slæm kvíðaköst. Ég þurfti til að mynda að komast út af fundi um daginn því ég var viss um að hundarnir væru búnir að borða geðlyfin mín," segir Elísabet og skellihlær. „Ég hafði oft fengið svona áður en ég vissi ekki að þetta væri kvíðakast. Ég hélt að þetta væri bara af því að ég er svo biluð og skapandi. En allavegana, þá skrifaði þessa litla saga sig eiginlega sjálf og þegar ég fór að fikta í henni þá reyndist vera meira undir steinunum eins og gengur. Þá lendir maður sem höfundur í því hvað eigi að gera við verkið. Á maður að skrifa þrjú hundruð síðna skáldsögu eða að leyfa þessu að standa svona og slíkar vangaveltur? Ég á reyndar eftir að lesa bókina og þegar ég er búin að því þá kemst ég kannski að því að það hefði verið leiðin. En að þessu sinni þá var þetta niðurstaðan og vonandi á hún eftir að finna lesendur."

## Kynslóðir fléttast saman

BÆKUR

**Sölvasaga unglings**

★★★★☆

**Arnar Már Arngrímsson**

**Útgefandi:** Sögur útgáfa
**Kápa:** Aðalsteinn Svanur Sigfússon
**Prentun:** Oddi
**Fjöldi síðna:** 255

Sölvasaga unglings eftir Arnar Má Arngrímsson var nýverið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki barna- og unglingabókmennta. Þetta er fyrsta skáldsaga Arnars, sem er íslenskukennari við Menntaskólann á Akureyri.

Sagan segir frá hinum fimmtán ára Sölva sem er sendur austur á land til ömmu sinnar til að dvelja þar sumarlangt, eftir að hafa gengið fram af foreldrum sínum í borginni. Þau hafa áhyggjur af andlegri heilsu hans og telja þetta bestu lausnina, auk þess sem þau þurfa næði til að huga að sínum málum. En það sem verra er: Sölvi má hvorki taka síma né tölvu með sér. Þetta er auðvitað ávísun á mikil leiðindi fyrir nútímaungling og Sölvi er bæði reiður og sár út í foreldra sína. Auk þess finnst honum amma sín algjör herfa. Það er töggur í þeirri gömlu – hún kallar ekki allt ömmu sína – og auðvitað lærir Sölvi heilmikið á dvölinni, þrátt fyrir allan sinn mótþróa.

Frásögnin einkennist dálítið af gamaldags, íslenskum hugsunarhætti, þar sem sveitin er staður sem herðir fólk og mannar, en borgin hálfgerð Sódóma þar sem fólk hefur misst sjónar á aðalatriðunum. Kannski er eitthvað til í því.

Stíll bókarinnar er mjög sérstakur. Höfundur leggur áherslu á að hér segi unglingur sögu sína. Rödd hans er skýr, innskot og hugleiðingar í talmálsstíl unglinga og stafsetning er oft látin fjúka lönd og leið.

Sögumaðurinn Sölvi er afar sjálfsgagnrýninn. Hann rífur sig stanslaust niður, gerir lítið úr frammistöðu sinni og ákvörðunum. Hann er vanur að leita skjóls í stafrænum heimi tölvunnar og á erfitt með að takast á við raunveruleikann þegar tæknninnar nýtur ekki við. Hann er áhugasamur um rímur og rapp og sækir huggun í kveðskapinn þegar illa lætur – og þótt vísurnar séu misgóðar er ýmislegt spunnið í þær. Hugsanlega má einnig líta á kveðskapinn sem tákn um þráðinn sem tengir kynslóðirnar saman. Rímur hafa jú verið kveðnar hér á landi frá örófi alda. Það er einmitt einn meginþráður bókarinnar; þótt það sé erfitt að vera unglingur er líka erfitt að vera manneskja – það er engin galdralausn sem finnst við þeirri plágu, hver og einn þarf einfaldlega að horfast í augu við sjálfan sig.

Sagan, sem er hvorki dæmigerð né fyrirsjáanleg, er áhrifarík og hún vinnur á. Höfundi tekst að skapa sögumann sem er ekki beint viðkunnanlegur en lesandanum fer samt að þykja vænt um og halda með – vonast til að honum líði eins, fari að þykja vænt um sjálfan sig. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifarík saga sem situr eftir í lesandanum, um óharðnaðan ungling sem þarf að læra að standa á eigin fótum og takast á við raunveruleikann.

Silva og Anna Sóley.

## Jóladjass í Djúpinu

Söngkonurnar Silva og Anna Sóley hafa haldið saman nokkra tónleika við góðar undirtektir. Í þetta sinn spilar Anna Gréta Sigurðardóttir með þeim á píanó. Spiluð verða íslensk og erlend jólalög í djassútsetningum ásamt vel völdum standördum. Tónleikarnir verða í Djúpinu í kvöld kl 20.00 og kostar 1.000 kr inn.

Silva og Anna Sóley stunda báðar nám við Tónlistarskóla FÍH en Anna Gréta útskrifaðist frá sama skóla vorið 2014 og stundar nú nám við Kungliga Musikhögskolan í Svíþjóð.

Djúpið er hópasalur á neðri hæð á veitingahúsinu Horninu við Hafnarstræti í Reykjavík. Veitingahúsið Hornið opnaði árið 1979 og er enn í sinni upprunalegu mynd. Hornið er með ítölskum blæ og var fyrsti veitingastaðurinn í þessum stíl á Íslandi. Djúpið var áður þekkt sem djassklúbbur þar sem fram komu ýmsir þekktustu djassleikarar á Íslandi. Djassvakning hélt tónleika, spunameistarar frá Evrópu komu fram og Smekkleysukvöld voru iðulega haldin í Djúpinu svo eitthvað sé nefnt. Staðurinn var vinsæll tónleikastaður vegna þess að hann þótti minna á stemminguna sem myndaðist á djassklúbbum erlendis. **– mg**




X-mart, jólamarkaður listamanna.

## X-Mart í Gallery Gallera

Nokkrir listamenn hafa tekið sig saman og opnað vinnustofu, gallerý og búð á Laugavegi 33, efri hæð, sem kallast Gallery Gallera. Hugleikur Dagsson, Örn Tönsberg, Óli Gumm og Bobby Breiðholt sýna þar verk og starfa þar með einum eða öðrum hætti. Gallerýið stefnir á að gefa ungum listamönnum tækifæri til þess að sýna verk sín með reglulegu millibili og er fyrsti viðburðurinn því tengdur X-Mart eða jólamarkaður í tilefni jólanna. Listamennirnir sem eru með verk á markaðnum eru: Sölvi Dúnn, Viktor Weisshappel, Thordis Erla Zoega, Helgi Einarsson, Óli Gumm, Örn Tönsberg, Hugleikur Dagsson, Kristín Morthens og Bobby Breiðholt.

Listamennirnir Óli Gumm og Örn Tönsberg sáu um undirbúning og þeir hvetja fólk til þess að koma, skoða spennandi listaverk og jafnvel fjárfesta í spennandi jólagjöf. **-mg**

# Jólatónleikar Hymnodiu í Akureyrarkirkju

Jólatónleikar Hymnodiu frá Akureyri fara fram í Akureyrarkirkju annað kvöld, þriðjudaginn 22. desember, en þeir hafa ávallt verið gríðarlega vel sóttir. Á þeim er sköpuð kyrrlát stemning, slökkt er á raflýsingu kirkjunnar, ekkert er talað og engar þagnir eru á milli laga. Tónleikarnir mynda því rúmlega klukkustundar langa heild, þar sem tónleikagestir geta látið þreytu líða úr sér, notið kyrrðar og samveru rétt fyrir jólin.

Eins og venjulega fær Hymnodia góðan gest á tónleikana. Að þessu sinni er það tenórinn Jón Þorsteinsson sem syngur með kórnum. Söngferill Jóns er stórglæsilegur, en hann hefur staðið á óperusviði og í tónleikasölum í flestum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum. Við Ríkisóperuna í Amsterdam söng hann yfir 50 hlutverk. Jón starfar sem söngkennari við Tónlistarháskólann í Utrecht í Hollandi. Í nóvember sl. kom út geisladiskur þar sem Jón og Eyþór Ingi, stjórnandi Hymnodiu, fluttu saman jóla- og áramótasálma.

Hymnodia vill stuðla að nýsköpun en um leið virða venjur í efnisvali. Á tónleikunum verða tvö ný lög frumflutt, Börn Jarðar eftir þá Michael Jón Clarke og Hannes Sigurðsson og Jólaljóð eftir þau Gísla Jóhann Grétarsson og Steinunni P. Hafstað. Auk þess verða fluttir gamlir góðir jólasálmar, lög eftir Sigurð Flosason, ensk jólatónlist, verk eftir Hafliða Hallgrímsson og að sjálfsögðu flytur kórinn tvö lög sem alltaf eru sungin á jólatónleikunum, Það aldin út er sprungið og Heims um ból, í sjö radda hátíðarútsetningu. Eyþór Ingi mun leika á gamalt fótstigið orgel og önnur hljóðfæri.

Hymnodia og Jón Þorsteinsson.

Miðaverð er 2000 kr. og er forsala hafin í Eymundsson, Hafnarstræti. **– mg**

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

**21. DESEMBER 2015**

## Tónlist

**Hvað?** Jólagleði Mid Atlantic
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Lucky Records, Rauðarárstíg
Meðal þeirra sem koma fram á jólagleðinni eru Emmsjé Gauti, AmbAdamA, Úlfur Úlfur og Axel Flóvent. Aðgangur er ókeypis, tónlistarmenn árita plötur sínar.

**Hvað?** Á hæstri hátíð – Söngsveitin Fílharmónía
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Landakotskirkja
Söngsveitin Fílharmónía ásamt sópransöngkonunni Þóru Einarsdóttur og hörpuleikaranum Marie Schoonjans fagna jólunum. Á efnisskránni eru sígild jólalög í bland við ný verk, bæði innlend og erlend. Miðaverð er 2.500 krónur og 1.000 krónur fyrir börn yngri en tólf ára.

**Hvað?** Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Hof, Akureyri
Bubbi Morthens efnir til sinna árlegu Þorláksmessutónleika og verður öllu til tjaldað líkt og venjulega. Í kvöld fara tónleikarnir fram í Hofi á Akureyri og er miðaverð 5.990 krónur.

**Hvað?** KK og Ellen
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Háskólabíó
Jólatónleikar KK og Ellen eru árlegur viðburður. Í kvöld verða þau í Háskólabíói og syngja jólalög og segja sögur af sér og sínum. Á sviðinu með þeim verður fimm manna hljómsveit undir stjórn Jóns Ólafssonar. Miðaverð er 5.990 krónur.

**Hvað?** President Bongo & The Emotional Carpenters
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgata 2
President Bongo, Stephan Stephansson, kemur fram ásamt fríðu föruneyti og flytur efni af plötunni Serengeti. Á tónleikunum koma fram auk President Bongo þeir Davíð Þór Jónsson, Helgi Svavar Helgason, Ómar Guðjónsson og Sigtryggur Baldursson. Miðaverð er 2.000 krónur.

## Sýningar

**Hvað?** Einn-leikur
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Dans- og tónlistarverk þar sem ólíkir listheimar kallast á og vinna saman. Einn-leikur er eftir Tryggva Geir Torfason og sjá þau Friðrik Guðmundsson og Sóley Sigurjónsdóttir um tónlistina í verkinu en þau munu leika frumsamið efni og spuna í bland við þekktari verk. Miðaverð er 2.000 krónur.

## Markaðir

**Hvað?** Jólamarkaður
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Fógetagarðurinn
Hinn árlegi Jólamarkaður Reykjavíkurborgar verður í Fógetagarðinum að þessu sinni. Markaðurinn verður í upphituðu tjaldi og munu yfir tuttugu söluaðilar selja ýmiss konar góðgæti, skartgripi, fatnað og ýmislegt annað sem er tilvalið í jólapakkann. Heimsleikafarar Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins verða með sitt árlega dagatal til sölu og í boði verður að stilla sér upp til myndatöku með þeim.

## Málstofa

**Hvað?** Málstofa
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Sölvhól, Seðlabanki Íslands
Málstofa um atvinnuleit þeirra sem eru í vinnu og þeirra sem eru það ekki. Málshefjandi er Andreas I. Mueller, prófessor við Columbia háskóla í New York í Bandaríkjunum. Málstofan fer fram á ensku.

**Hvað?** Jólatónleikar með Swing Kompaníinu
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg, Klapparstíg
Swing Kompaníið skipa þau Greta Salóme, fiðluleikari og söngkona, Unnur Birna Björnsdóttir, fiðluleikari og söngkona, Lilja Björk Runólfsdóttir söngkona, Gunnar Hilmarsson gítarleikari, Leifur Gunnarsson bassaleikari og Óskar Þormarsson trommuleikari. Miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur.

**Hvað?** Mozart við kertaljós
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Garðakirkja
Kammerhópurinn Camerarctica efnir til sinna árlegu kertaljósatónleika. Á efnisskránni eru meðal annars kvintettar fyrir klarinettu, bassetthorn og strengi. Hópinn skipa þau Ármann Helgason, klarinettuleikari, Hildigunnur Halldórsdóttir fiðluleikari, Svava Bernharðsdóttir víóluleikari og Sigurður Halldórsson selló-leikari ásamt góðum gesti, Einari Jóhannessyni á bassetthorn. Miðaverð er 2.500 krónur og 1.500 krónur fyrir nemendur og eldri borgara.

**Hvað?** Mánudjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustin

**Hvað?** Jóla Hermigervill
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Boston, Laugavegi
Hermigervill flytur nýtt efni á Boston í kvöld. Frítt inn.

Bubbi Morthens verður í Hofi á Akureyri í kvöld.

# GEFÐU SKEMMTILEGA JÓLAPAKKA



SAMFILM

# DAGSKRÁ

# Mánudagur

**20:45**

**THE ART OF MORE**

Stórgóðir og vandaðir spennuþættir sem fjalla um það gerist á bak við tjöldin í listaheiminum í New York en þar er ekki allt sem sýnist. Með aðalhlutverk fara Kate Bosworth, Dennis Quaid, Christian Cooke og Gary Elves.

SKEMMTILEGUR
MÁNUDAGUR!
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

**19:55**

**GRAND DESIGNS**

Kevin McCloud fylgir útvöldu fólki eftir við að byggja draumahúsið og þar er drifkraftur og framúrstefnulegur arkitektúr allsráðandi.

**21:35**

**THE KNICK**

Læknavísindin voru ekki langt á veg komin á Knickerbocker sjúkrahúsinu í upphafi 20. aldar og ekki bætti úr skák að bráðsnjall yfirskurðlæknirinn var háður eiturlyfjum.

**22:00**

**THE HUNGER GAMES: CATCHING FIRE**

Myndin hefst eftir að Katniss Everdeen kemur heim til sín eftir að hafa unnið 74. árlegu Hungurleikana, ásamt félaga sínum Peeta Mellark.



**21:10**

**MY DREAM HOME**

Stórskemmtilegir þættir með tvíburabræðrunum Drew Scott og Jonathan Silver Scott en þeir hjálpa pörum að finna, kaupa og gera upp þeirra draumafasteignir.

**21:30**

**KLOVN**

Óborganlegir gamanþættir með Casper og Frank. Þættirnir eru sýndir frá mánudegi til fimmtudags klukkan 21.30.

**19:05**

**SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ**

Í þessari skemmtilegu mynd sláumst við í för með vinkonunum í heimsókn til Lúsíar.

©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.01** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**07.10** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** The Middle
**08.25** Hot in Cleveland
**08.50** 2 Broke Girls
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Baby Daddy
**10.45** Besti vinur mannsins
**11.05** Matargleði Evu
**11.40** Dulda Ísland
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.05** Dallas
**15.50** Pretty Little Liars
**16.40** How To Live With Your Parents for the Rest of Your Life
**17.05** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi.
**19.25** The Goldbergs
**19.50** Grand Designs Frábærir þættir þar sem fylgst er með stórkostlegum endurbótum á heimilum þar sem oftar en ekki er einblínt á nútímahönnun, orkunýtni, hvernig á að hámarka nýtingu á plássi og útsýni. Hér sjáum við fjölskyldur og einstaklinga leggja allt í sölurnar til þess að eignast sitt fullkomna draumaheimili.
**20.45** The Art of More
**21.35** The Knick
**22.40** Daily Show: Global Edition
**23.05** The Big Bang Theory
**23.30** Empire
**00.15** Office Xmas Party
**01.05** Legends
**01.45** Bones
**02.30** Moulin Rouge
**04.35** Dirty Rotten Scoundrels

## SPORT

**07.00** Real Madrid - Rayo Vallecano
**08.40** Sampdoria - Palermo
**11.35** Atalanta - Napoli
**13.15** San Antonio - LA Clippers
**15.05** Njarðvík - Grindavík
**16.45** Körfuboltakvöld
**18.20** Real Madrid - Rayo Vallecano
**20.00** Spænsku mörkin
**20.30** Pittsburgh Steelers - Denver Broncos
**22.50** Formúla E - Beijing
**00.15** Formúla E

## SPORT 2

**07.00** Watford - Liverpool
**08.40** Swansea - West Ham
**12.40** Chelsea - Sunderland
**14.20** Man. Utd. - Norwich
**16.00** Watford - Liverpool
**17.40** Swansea - West Ham
**19.20** Football League Show
**19.50** Arsenal - Man. City Bein útsending
**22.00** Messan
**23.20** Stoke - Crystal Palace

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** 2015 Presidents Cup Official
**09.55** The Open Championship
**15.00** Golfing World
**15.50** PGA Tour
**19.50** PGA Tour - Highlights
**20.45** 2015 Presidents Cup Official
**21.40** 2015 PGA Tour Review of the Year
**22.30** Golfing World

## STÖÐ 3

**17.55** Project Runway
**18.40** One Born Every Minute
**19.30** Who Do You Think You Are?
**20.15** Hell's Kitchen
**21.05** My Dream Home
**21.55** The Mysteries of Laura
**22.45** Vampire Diaries
**23.30** Labyrinth
**01.00** Who Do You Think You Are?
**01.45** Hell's Kitchen
**02.30** My Dream Home
**03.15** The Mysteries of Laura
**04.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**07.05** Ævintýri Tinna
**07.28** Ofurhundurinn Krypto
**07.47** Hvellur keppnisbíll
**08.00** Brunabílarnir
**08.25** Skógardýrið Húgó
**08.47** Ævintýraferðin
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.45** Doddi litli og Eyrnastór
**09.55** Tommi og Jenni
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveinsson
**10.49** Rasmus Klumpur og félagar
**10.55** UKI
**11.00** Ævintýri Tinna
**11.23** Ofurhundurinn Krypto
**11.47** Hvellur keppnisbíll
**12.00** Brunabílarnir
**12.24** Skógardýrið Húgó
**12.49** Ævintýraferðin
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.45** Doddi litli og Eyrnastór
**13.55** Tommi og Jenni
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveinsson
**14.49** Rasmus Klumpur og félagar
**14.55** UKI
**15.00** Ævintýri Tinna
**15.23** Ofurhundurinn Krypto
**15.47** Hvellur keppnisbíll
**16.00** Brunabílarnir
**16.24** Skógardýrið Húgó
**16.49** Ævintýraferðin
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.45** Doddi litli og Eyrnastór
**17.55** Tommi og Jenni
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveinsson
**18.49** Rasmus Klumpur og félagar
**18.55** UKI
**19.00** Sveppi og Villi bjarga jólasveinunum
**19.05** Skoppa og Skrítla í bíó

## GULLSTÖÐIN

**17.15** The Big Bang Theory
**17.40** Friends
**18.25** The New Girl
**18.50** Modern Family
**19.15** Super Fun Night
**19.40** Sjálfstætt fólk
**20.20** Eldsnöggt með Jóa Fel
**21.00** Sisters
**21.45** Klovn
**22.20** The 100
**23.05** Dallas
**23.45** Nikita
**00.35** Sjálfstætt fólk
**01.05** Eldsnöggt með Jóa Fel
**01.35** Sisters
**02.25** The 100
**03.10** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10.10** Four Weddings And A Funeral
**12.10** Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
**14.30** Jingle All the Way 2
**16.05** Four Weddings And A Funeral
**18.00** Harry Potter and the Prisoner of Azkaban
**20.25** Jingle All the Way 2 Skemmtileg jólamynd sem segir sögu dóttur hans Larry sem dreymir um að fá talandi bangsa í jólagjöf. Það er raunar það eina sem hún vill fá í jólagjöf svo Larry er staðráðinn í að finna talandi bangsa til að gleðja dóttur sína.
**22.00** The Hunger Games: Catching Fire
**00.30** The Conjuring Æsispennandi tryllir frá 2013. Myndin fjallar um rannsakendur sem sérhæfa sig í yfirskilvitlegum atburðum og hjálpa fjölskyldu sem kemst í kynni við illar verur. Sagan gerist árið 1971.
**02.20** Man of Steel
**04.40** The Hunger Games: Catching Fire

## RÚV

**08.00** KrakkaRÚV
**09.40** Drekar
**10.05** Undraveröld Gúnda
**10.20** Tímaflakkið
**10.50** Mr. Magorium's Wonder Emporium
**12.20** Falið lífríki – Snjáldurmýs
**13.10** Fagri Blakkur
**14.55** Saga af strák
**15.15** Jólin hjá Claus Dalby
**15.25** Siðareglur í Downton Abbey
**16.20** Börnin í Búrkína Fasó
**16.50** Jólin hjá Claus Dalby
**17.00** Jólin hjá Claus Dalby
**17.10** Eldað með Ebbu – jól
**17.40** Táknmálsfréttir
**17.50** KrakkaRÚV
**17.51** Jólin með Jönu Maríu
**18.00** Jól í Snædal
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.10** Snjókrili
**21.05** Cilla
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Frú Brown
**22.50** Jólatónleikar í Vínarborg
**00.20** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**12.25** Dr. Phil
**13.05** The Office
**13.30** Top Gear
**14.20** The Good Wife
**15.05** Bundesliga Highlights Show
**16.00** The Voice
**17.40** Dr. Phil
**18.20** The Tonight Show
**19.00** Gordon´s Ultimate Christmas
**19.50** Younger
**20.15** Design Star
**21.00** Rookie Blue
**21.45** Flashpoint
**22.30** Management
**00.05** Bundesliga Highlights Show
**01.00** Madam Secretary
**01.45** Elementary
**02.30** Rookie Blue
**03.15** Flashpoint
**04.00** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radió
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# HÁTÍÐ Í BÆ

*Þú færð jólasteikina í Iceland*

**3299** KR. KG.

ÚRBEINAÐ HANGILÆRI FRÁ KEA

**1499** KR. KG.

ALI HAMBORGAHRYGGUR MEÐ BEINI

Netgíró
Betri leið til að borga

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

## OG ÚRVAL GIRNILEGRA EFTIRRÉTTA

**599** kr.

MILLIONAIRE´S PAVLOVA

**699** kr.

BELGIAN & NEW YORK CHOC CHEESECAKE

**729** kr.

CHOCOLATE YULE LOG

**799**

BELGIAN & NEW YORK CHOC CHEESECAKE

**899** kr.

12 BREADED CHEESE SELECTION

**899** kr.

9 MONTHS MATURED CHRISTMAS PUDDING

Úrval er breytilegt eftir verslunum

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# Stjörnurnar sem skinu skært 2015

Það var mikið af fersku og ungu fólki sem steig fram á sjónarsviðið á árinu og náði að stela senunni.

## Dakota Johnson

Aðalleikkona 50 Shades of Grey hefur heldur betur slegið í gegn á árinu. Þrátt fyrir að kvikmyndin hafi ekki fengið góða dóma þá hefur stjarna Dakotu skinið skært á árinu og þá sérstaklega fyrir flottan klæðaburð hennar. Hún var á öllum helstu tískusýningum á árinu og sat fyrir í auglýsingum og á forsíðum glanstímarita.

## Brooklyn Beckham

Sonur Victoriu og David Beckham hefur notið gríðarlega mikilla vinsælda á þessu ári eftir að hann byrjaði að vera virkur á Instagram. Hann er með 5,4 milljónir fylgjenda þar og ljósmyndarar mynda hann í bak og fyrir þegar hann er á ferðinni. Hann hefur verið að sitja fyrir í auglýsingum fyrir tískumerki ásamt því að hafa verið á forsíðu Teen Vogue í sumar.

## Lily-Rose Depp

Dóttir Johnny Depp og Vanessu Paradis hefur verið að gera það gott á árinu. Í apríl á þessu sat hún fyrir í áströlsku tímariti og eftir það vissu allir hver hún var. Fréttastofa E! Entertainment sýndi frá tökunni og eftir það var Lily-Rose fengin til þess að sitja fyrir í auglýsingum fyrir Chanel, sem verður að teljast góður árangur miðað við að vera aðeins 16 ára. Hún hefur einnig verið að reyna fyrir sér í leiklistinni. Faðir hennar hefur lýst yfir áhyggjum sínum yfir því hversu hratt Lily-Rose sé að fullorðnast enda er hún orðin eftirsótt fyrirsæta um allan heim.

## Fetty Wap

Hinn 24 ára rappari Fetty Wap skaust rækilega upp á stjörnuhimininn á árinu með lagi sínu Trap Queen sem er óhætt að segja að hafi verið lag sumarsins. Hann gaf lagið að vísu út árið 2014 en það varð ekki vinsælt fyrr en um mitt ár 2015 og eftir það hefur hann verið að gefa út hvern smellinn á fætur öðrum. Hann hefur einnig komið fram í fjölmörgum lögum með öðrum tónlistarmönnum á borð við Ty Dolla Sign og Drake. Hann var tilnefndur til tvennra Grammy verðlauna og er ekki hægt að eiga von á öðru en að Fetty verð einn af þeim stærstu í bransanum á næstu árum.

## Gigi Hadid

Ofurfyrirsætan Gigi Hadid skaust svo sannarlega upp á stjörnuhimininn á árinu. Ekki nóg með það að hún hafi landað tískusýningu hjá mörgum af flottustu tískuhúsum heims, þá hefur hún líka setið fyrir á forsíðum fjölmargra tímarita, verið andlit nokkurra tískuhúsa í auglýsingum og er með yfir 10 milljónir fylgjenda á Instagram. Hún hefur verið mikið í sviðsljósinu varðandi sitt einkalíf en bara á þessu ári hefur hún verið á föstu með Cody Simpson, Joe Jonas og nú er talið að hún og fyrrverandi One Direction meðlimurinn Zayn Malik séu að stinga saman nefjum. Hún er besta vinkona Kendall Jenner en þær gengu saman í Victoria's Secret tískusýningunni í fyrsta sinn. Það er óhætt að segja að þetta ár hafi verið árið hennar Gigi.

## Ruby Rose

Það greip um sig æði um allan heim fyrir Ruby Rose sem sló í gegn í Orange is the New Black þáttunum í sumar. Konum og körlum þótti hún ómótstæðileg og er óhætt að segja að hún hafi orðið alheimsfræg á einni nóttu. Fyrir utan leiklistina þá er hún líka vinsæll plötusnúður. Hún sat fyrir í fjölmörgum tímaritum á árinu ásamt því að vera kynnir evrópsku MTV verðlaunahátíðarinnar.

## Daisy Ridley

Stjarna Daisy Ridley skín ansi skært um þessar mundir en hún fer með aðalhlutverkið í nýju Star Wars myndinni. Hlutverkið er það fyrsta sem Daisy tekur að sér í kvikmynd en það er afar stór biti að kyngja. Frammistaða hennar í myndinni hefur fengið frábæra dóma og er því ljóst að hún verði stórt nafn í Hollywood í framtíðinni. Hún ætlar sér þó að hefja háskólanám strax eftir áramót ef svo ólíklega vill til að leiklistardraumurinn dettur upp fyrir.

Falleg glös gleðja augað

FASTUS Veit á vandaða lausn

Síðumúla 16 | Opið mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

## Jóladagatal

### Nýtt jólatilboð

GILDIR AÐEINS Í DAG
21. DESEMBER

Mest seldi hryggurinn í Krónunni

**1099** kr. kg

Verð áður ~~1299~~ kr. kg
Krónan hamborgarhryggur

**1698** kr. kg
Hátíðarlambalæri, án mjaðmarbeins

Hátíðarlambalæri Engu öðru líkt!

**2595** kr. kg
Sambands hangilæri, úrbeinað

Vinsælasta hangikjötið ár eftir ár

ÍSLENSKT

Ferskur kalkúnn

**1989** kr. kg
Kalkúnn ferskur

4,8 kg

**1833** kr. kg
Verð: 8799 kr. stk. 4,8 kg
Aligæs, 4,8 kg

Frönsk gæði á aðfangadag

**3899** kr. kg
Franskar Berberie andabringur

Nýtt

**3290** kr. kg
Kalkúnaskip með salvíusmjöri

2,6 kg

Stærri önd Betri kaup

18% afsláttur

**1153** kr. kg
Verð áður ~~1422~~ kr. kg
Julius önd, 2,6 kg

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Yfir sig heilluð af núvitund

Óskarsverðlaunaleikkonan Kate Hudson mun senda frá sér lífsstílsbók fyrir konur um miðjan febrúar á næsta ári. Ku leikkonan vera yfir sig heilluð af núvitund, líkt og fjölmargir Íslendingar undanfarið ár, og ekki virðast vinsældirnar dala.

Segist Kate loks geta sett fingurinn á það sem flestar konur séu endalaust að leita að, en þær þrái jafnvægi í líf sitt. Það geti þær hæglega fundið í bókmenntum leikkonunnar.

Bókin Pretty Happy: Healthy Ways to Love Your Body verður þannig eins konar leiðarvísir fyrir konur sem vilja verða sterkari, heilbrigðari og búa yfir fegurð sem kemur alla leið að innan, en samt hafa gaman af lífinu. Þetta telur hún hægt með réttu hlutfalli líkamsræktar og þess sem konur velja að setja ofan í sig, en umfram annað snúist þetta um að tileinka sér lífsstíl núvitundarinnar.

# Skírði eftir prinsessu

Dwayne 'The Rock' Johnson og kærasta hans Lauren Hashian eignuðust frumburð sinn á dögunum, og hafa nú gefið stúlkubarninu nafnið Jasmine. Velta menn nú vöngum yfir því hvort nefnt hafi verið eftir Disney-prinsessunni Jasmine sem kom fyrir í myndinni um Aladdín sem varð heimsfræg á tíunda áratug síðustu aldar. Hafa skötuhjúin þó ekkert gefið út varðandi þær vangaveltur, en nýlega skrifaði Johnson undir samning við Disney en hann mun verða aðalstjarnan í næstu afurð teiknimyndarisans, og er um að ræða teiknimyndina Moana. Ef einhver tenging er á milli nafngiftar frumburðarins og samningsins, verður Johnson að teljast einkar húsbóndahollur starfsmaður, sem verður honum eflaust til tekna.

MASTER® HITABLÁSARAR

**Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.**
Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

**Reykjavík:** Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500
**Akureyri:** Lónsbakka, 601 Akureyri, Sími 568-1555
**Vefsíða:** www.thor.is



Stefán Máni
eins og hann gerist bestur!

★★★★ „Óhugnanlega vel skrifuð, vel flétturð og spennandi saga.“ BB í Fréttablaðinu

★★★★★ „Ferlega góður spennulestur.“ Auður Haralds á RÚV



Jón Kári er búsettur í San Francisco og hóf að teikna þekkt kennileiti í Vesturbænum þegar hugurinn fór að reika heim. MYND/DAVÍÐSTEINNSIGURÐARSON

# Hugmyndin var að vekja upp minningar

Jón Kári Eldon teiknaði upp helstu kennileiti Vesturbæjarins og hannaði heimasíðuna 107.is. Hann stundar nám í vefhönnun í San Francisco þar sem hann dundar sér í verkefnum á milli lærdóms.

Vesturbæingurinn Jón Kári Eldon hefur verið búsettur í San Francisco síðastliðin þrjú og hálft ár. Nú þegar hann var að klára seinustu önnina erlendis fór hugurinn að reika heim og hóf hann þá að teikna helstu kennileiti Vesturbæjar. „Ég er að læra vefhönnun og nýmiðlun sem er kannski svipað og grafísk hönnun nema það fókuserar meira á allt annað en prent. Þetta er ekki partur af neinu lokaverkefni heldur fór ég bara að dunda mér í þessu í lærdómspásunum. Ég teiknaði fyrst mynd af Ísbúð Vesturbæjar og deildi henni á Instagram. Hún fékk góð viðbrögð og þá byrjaði ég að deila myndum af öðrum kennileitum annan hvern dag.“

Hugmyndin á bak við myndirnar var að vekja upp minningar. „Þetta er bæði nostalgía fyrir mig og alla aðra Vesturbæinga. Maður á engar myndir af umhverfinu, fólk er bara að taka myndir af sjálfu sér. Þegar ég var að leita að myndum til þess að vinna eftir þá var það nánast ómögulegt. Svo er þetta líka svo fljótt að breytast, enda fannst mér mikilvægt að teikna ísbúðina í gamla stílnum áður en nýju eigendurnir tóku við. Fólk virðist vera að taka vel í þetta enda er ég búinn að fá þó nokkrar fyrirspurnir um að teikna önnur kennileiti og líka frá fólki sem vill kaupa myndir á síðunni.“

Jón þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um þegar hann átti að nefna uppáhaldskennileitið sitt. „Melabúðin verður alltaf uppáhaldið mitt. Hún er klassísk og er í rauninni miðja Vesturbæjarins. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom heim í seinustu viku var að fá mér grillaðan kjúkling í Melabúðinni.“

Jón Kári hefur áður vakið athygli fyrir svipað verkefni en fyrr á árinu stofnaði hann heimasíðuna baggerbogg.is þar sem hann fór yfir ýmsa tölfræði sem fólst í því að hætta að taka tóbak í vörina. „Þegar ég fæ hugmyndir þá byrja ég bara hægt og rólega að vinna í þeim án þess að vita hvað ég ætla að gera með þær. Það var þannig í báðum þessum tilvikum en maður reynir alltaf að vera að gera eitthvað. Það heldur hugmyndafluginu gangandi.“

**gunnhildur@365.is**

> **MELABÚÐIN VERÐUR ALLTAF UPPÁHALDIÐ MITT. HÚN ER KLASSÍSK OG ER Í RAUNINNI MIÐJA VESTURBÆJARINS. ÞAÐ FYRSTA SEM ÉG GERÐI ÞEGAR ÉG KOM HEIM FYRIR Í SEINUSTU VIKU VAR AÐ FÁ MÉR GRILLAÐAN KJÚKLING Í MELABÚÐINNI.**

Uppáhaldskennileiti Jóns Kára í Vesturbænum er Melabúðin. MYND/JÓNKÁRIELDON

Alla daga 8-20

Gleðilega hátíð

## Hamborgarhryggur

Veldu þinn Nóatúns hamborgarhrygg úr kjötborði Nóatúns

**1699** kr./kg

# ALLT Í HÁTÍÐARMATINN Í NÓATÚNI

VIÐ GERUM MEIRA FYRIR ÞIG

Julius önd

Berberi andabringur

Ferskur íslenskur kalkúnn

Húsavíkur hangilæri

Skoskar rjúpur

Íslenskar nautalundir

## OPNUNARTÍMAR YFIR HÁTÍÐIRNAR:

| MÁNUDAGUR | ÞRIÐJUDAGUR | MIÐVIKUDAGUR | FIMMTUDAGUR | FÖSTUDAGUR | LAUGARDAGUR |
|---|---|---|---|---|---|
| 21. DESEMBER | 22. DESEMBER | 23. DESEMBER | 24. DESEMBER | 25. DESEMBER | 26. DESEMBER |
| 08-20 | 08-22 | 08-22 | 08-14 | LOKAÐ | 11-20 |

NÓATÚN
Austuveri

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboðin gilda til 24. desember 2015.

Betra BAK
OPIÐ 21.–22. DES. 10-20
ÞORLÁKSMESSA 10-22
AÐFANGADAG 10-13

15% AFSLÁTTUR

ÞEGAR MJÚKT Á AÐ VERA MJÚKT
ELEGANTE RÚMFÖT – JÓLASENDINGIN KOMIN
22.015 KR.
25.900 KR.

JÓLATILBOÐ

SERTA DELUXE HEILSURÚM
VERÐDÆMI: 160 x 200 cm. með hlífðardýnu og laki.
169.000 KR.*
~~213.200 KR.~~

Í BOÐI VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
14.981 KR. Á MÁN

FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM 120/140/160/180/192 X 200 CM.
* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

EINSTÖK MÝKT

BELLA DONNA ALOE VERA LÖK
Fáanleg í öllum stærðum og ótal litum.



DÚNVÖRUR

Satin dúnsæng og dúnkoddi.
100% satinbómull í áklæði.
Sæng: 90% moskusdúnn, 10% smáfiður.

SATIN DÚNSÆNG
23.900 KR.
~~32.900 KR.~~

SATIN DÚNKODDI
8.900 KR.
~~13.900 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG
QUILTS OF DENMARK

KODDAR OG DÚNVARA Í MIKLU ÚRVALI

TEMPUR ORIGINAL
Þessi veitir góðan stuðning. Hentar vel þeim sem sofa á hlið.
18.900 KR.

15% AFSLÁTTUR
TEMPUR TRADITIONAL
Traditional koddinn er fáanlegur mjúkur, medium og stífur. Veldu kodda sem hentar þér best.
16.915 KR. ~~19.900 KR.~~

DÁSAMLEG JÓLAGJÖF FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

HEILSUINNISKÓR
Heilsuinniskórnir sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um hann. Komnir aftur!
3.900 KR. 1 PAR
6.980 KR. 2 PÖR
9.900 KR. 3 PÖR

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Hljómsveitin Misþyrming spilar black metal tónlist og gaf í ár út plötuna Söngvar elds og óreiðu. MYND/RAKEL ERNA SKARPHÉÐINSDÓTTIR

# Rúsínan í pylsuenda góðs árs Misþyrmingar

Misþyrming á eina af bestu plötum ársins, að mati Noisey. Sveitin hefur vakið athygli á heimsvísu innan black metal-senunnar.

„Ég viðurkenni að þetta var svolítið óvænt," segir söngvarinn sem kallar sig DG og er meðlimur hljómsveitar sem kallast Misþyrming. Á árinu sendi sveitin frá sér plötu sem kallast Söngvar elds og óreiðu og komst í níunda sæti á árslista hins virta tónlistarmiðils Noisey.

Sveitin spilar svokallaða black metal tónlist. Óhætt er að fullyrða að platan hafi slegið í gegn hjá þeim sem hlusta á black metal og má segja að þessi tilnefning Noisey sé rúsínan í pylsuendanum á góðu ári. „Við vorum á tónleikaferðalagi í Brussel þegar við sáum þetta. Ég fékk send skilaboð í gegnum Facebook frá vini mínum sem rak augun í þetta. Þetta var allt voðalega óraunverulegt," segir DG.

## Hafa ferðast mikið

Misþyrming hefur verið á flakki um Evrópu á árinu og hefur farið þrisvar sinnum út til þess að spila. Sveitin er tiltölulega nýkomin heim úr sínu lengsta tónleikaferðalagi. „Við vorum úti í um tvær vikur, frá 1. til 13. desember. Við ferðuðumst á milli margra landa. Lékum í Kraká, Brussel, London, París og fleiri borgum," útskýrir DG. Í Brussel spilaði sveitin á tónlistarhátíð og var þar í viku, en svo tók ferðalag við. „Stærstu tónleikarnir sem við spiluðum á voru fyrir um þúsund manns, það var alveg æðislegt," segir DG enn fremur.

## Kannski lokuð sena

DG segir að netið hjálpi sveitum eins og Misþyrmingu að ná eyrum áhugafólks um senuna. „Þessi tiltekna undirstefna þungarokks á stóran en kannski svolítið lokaðan fylgjendahóp um allan heim. Við höfum tekið eftir því að þetta er mjög dreift yfir heiminn, við sjáum það til dæmis á því hverjir fylgja okkur á Facebook. Þar er fólk úr hinum ýmsu áttum."

Hann bætir við að fólk sem hlustar á þessa tegund tónlistar sé duglegt að ræða málin og benda á ferskar sveitir. „Þessi kimi er duglegur að tala saman á netinu, er með sín samfélög þar. Þar er fólk að skiptast á lögum og svona. Þeir sem heyra í ferskum sveitum reyna svo að finna hvaða öðrum sveitum þær líkjast, til þess að aðdáendur geti uppgötvað nýtt black metal."

## Hafa fundið fyrir áhuga

DG segir að í kjölfar tilnefningar Noisey hafi sveitin fundið fyrir áhuga erlendis frá. „Við höfum alveg heyrt af einhverju. Eitt mjög stórt fyrirtæki í þessari senu setti sig í samband við okkur. En við erum á mála hjá norsku fyrirtæki sem heitir Terratur Possessions. Þar eru tvær aðrar sveitir á mála, Svartidauði og Simmara." DG segir að meðlimir Misþyrmingar séu ánægðir hjá norska fyrirtækinu. „Við fengum áhuga á að vinna með Terratur Possessions eftir að Svartidauði og Simmara gáfu út hjá því. Við lítum svo á að íslenskur black metall sé að fá þessa athygli, ekki bara við, með þessari tilnefningu Noisey," segir DG og bætir því við að hann telji upprisu íslensks black metals markast við útgáfu plötunnar Flesh Cathedral með Svartadauða, sem kom út 2012.

**ÞESSI KIMI ER DUGLEGUR AÐ TALA SAMAN Á NETINU, ER MEÐ SÍN SAMFÉLÖG ÞAR. ÞAR ER FÓLK AÐ SKIPTAST Á LÖGUM OG SVONA. ÞEIR SEM HEYRA Í FERSKUM SVEITUM REYNA SVO AÐ FINNA HVAÐA ÖÐRUM SVEITUM ÞÆR LÍKJAST, TIL ÞESS AÐ AÐDÁENDUR GETI UPPGÖTVAÐ NÝTT BLACK METAL.**

kjartanatli@frettabladid.is

## ÞEKKTAR SVEITIR OG LISTAMENN Á LISTANUM

| | |
|---|---|
| Fetty Wap | 17. sæti |
| Drake | 26. sæti |
| Iron Maiden | 33. sæti |
| Björk | 38. sæti |
| Justin Bieber | 44. sæti |

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# GLEÐILEG JÓLASPIL

## TILVALIN MÖNDLUGJÖF

# Jólabókin í ár

VAXTALAUS LÁN*
EPLI
ALLT AÐ 12 MÁN

## MacBook Air

Verð frá **189.990.-**

## iPad Air frábær jólagjöf

### iPad Air 1 Wi-fi

| | |
|---|---|
| 16GB | **72.990.-** |

### iPad Air 2 Wi-fi

| | |
|---|---|
| 16GB | **84.990.-** |
| 64GB | **104.990.-** |

### iPad Air 2 Wi-fi/4G

| | |
|---|---|
| 16GB | **112.990.-** |
| 64GB | **129.990.-** |
| 128GB | **149.990.-** |

## Apple TV

Verð frá **12.990.-**
(Þriðja kynslóð)

Nýjasta Apple TV er eitt sniðugasta smátækið á heimilinu

***Vaxtalaus greiðsludreifing**

Fram að jólum bjóðum við handhöfum VISA og Mastercard greiðslukorta vaxtalaus kortalán í verslunum Epli.
Við kaup á iPhone bjóðast lánin til allt að 6 mánaða en til allt að 12 mánaða við kaup á öðrum vörum.

Við kaupverð leggst 3,5% lántökugjald og færslugjald, nú 330 kr., við hvern gjalddaga.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur

beats by dr. dre

## Beats Solo 2

Ný þráðlaus útgáfa af vinsælustu heyrnartólunum frá Beats!

Verð **47.990.-**

## Beats Studio

Heyrnartólin sem gera þér kleift að njóta þess að hlusta á tónlistina þína þráðlaust

Verð **59.990.-**

## Powerbeats

PowerBeats 2 heyrnartól með frábær hljómgæði og einfalda þér að stjórna tónlistinni á iOS tækjum

Verð **24.990.-**

## Beats Pill +

Beats Pill hátalarinn er nógu léttur til að hægt sé að lauma honum með hvert sem er

Verð **42.990.-**

## Hue ljósakerfi

Philips hue er þitt eigið þráðlausa ljósakerfi fyrir heimilið

Verð **37.990.-**

## Uproar

Uproar þráðlaus heyrnartólin eru flott blanda af stíl, þægindum og hljóm.

Verð **7.990.-**

## Ollocase

Linsa og taska fyrir iPhone 6S/6S Plus

Verð **14.990.-**

## Kinsa hitamælir,

Kinsa hitamælir,
sá sem krakkarnir samþykkja
með einu orði.

Verð frá **4.990.-**

## iGrill

Kjöthitamælir sem tengist iPhone, iPad

Verð frá **7.890.-**

## Þráðlaus vigt

Þráðlaus vigt, með púls-, fitu- og loftgæðamæli. Þekkir sjálfkrafa allt að 8 mismunandi notendur

Verð **29.990.-**

## Fartölvutaska

Porchester er hönnuð með þín þægindi í huga

Verð **17.990.-**

## Hleðsluhulstur

Energi hleðsluhulstur.

Verð **12.990.-**

Tilboð með keyptum síma **7.990.-**

## Activite Pop Shark

Svissneskt úr sem skynjar og mælir hreyfingu, svefn, hlaup og sund

Verð **29.990.-**

## Lyklaborð og taska

Decoded - Leðurtaska með þráðlausu lyklaborði

Verð **19.990.-**

## Teikniborð

Wacom Intuos Draw er snerti- og teikniflötur, með penna

Verð **14.990.-**

## iPhone hulstur

Glæsileg stílhrein hulstur fyrir iPhone 6 og 6 Plus. Sænsk hönnun frá Richmond and Finch

Verð frá **4.990.-**

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

Þjónustudeild Epli er opin laugardaga 12-16

EPLI

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar


Berglindar Pétursdóttur

## Jólaraunir

Ég er í sambúð með manni sem er svo yndislegur og góður en einn galla hefur hann. Hann er nefnilega þannig gerður að þegar hann langar í eða vantar eitthvað spænir hann af stað með det samme og kaupir það sjálfur. Þetta er hreinasta helvíti fyrir velgjörðarfólk hans, mig og mína vönduðu tengdamóður, þegar líða fer að jólum og allir hafa verið krossaðir af gjafalistum nema hann. Ég hef trekk í trekk þurft að brjóta í tengdó hjartað með fréttum um að okkar maður hafi alveg brjálast á Amazon og eigi nú fyrir það sem hún keypti. Hún hefur ekki undan að skila og skipta góðum gjöfum, hugur minn er því hjá tengdamóður minni þessi jólin.

Ég fann ágætis lausn á þessu mín megin. Ég valdi mér það flottasta sem ég fann, keypti það sjálf og bað impúls-kaupandann að gera það sama fyrir sjálfan sig, með kærri jólakveðju frá mér. Þetta gekk prýðilega. En svo dundu ósköpin yfir. Kjóllinn sem hann gaf mér entist í nákvæmlega hálft jólahlaðborð, þangað til fjörugur kjötbiti tók heljarstökk af gafflinum og skildi eftir sig ljótan blett í silkinu. Ég skautaði beint í efnalaug þar sem íbyggnir starfsmenn tóku á móti mér. Þeir hnöppuðust saman í kringum kjólinn og töluðu lágt sín á milli. Ég hef sjaldan séð jafn alvarlega efnahreinsitækna. „Kjóllinn var gjöf frá kærastanum mínum," kjökraði ég. Og í sömu andrá upplifði ég jólin. Starfmaður efnalaugarinnar lagði hönd sína á mína, horfði í tárvot augu mín og sagði: „Við munum gera okkar besta til að bjarga honum, hafðu ekki áhyggjur." Og í smástund leið okkur báðum eins og hann væri skurðlæknir sem bjarga myndi jólunum.

Desember er sannarlega dramatískur tími.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
Opið 24 tíma
Iceland

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 381
FRÁ ÁRINU 2000

ÁSTRÍÐA
Að breyta þinni hugmynd í veruleika. Færa úr tölvutæku formi í fullkominn prentgrip. Þar liggur okkar ástríða.
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Settu mýkt og gæði á rúmið fyrir jólin

Bellana Deluxe lökin eru málið

Í Bellana Deluxe lökunum er ekkert til sparað þegar kemur að efnisvali. Mikið er lagt í að hafa laki eins mjúkt og mögulegt er auk þess að það megi alls ekki fara að hnökra með tímanum.

Í lökunum er 95% Makó-bómull í hæsta gæðaflokki og 5% elastan. Elastan-efnið er teygjuefni þannig að lakið faðmar dýnuna fullkomnlega, auk þess er teygja allan hringinn undir lakinu.

Verð 14.650 kr.

Diletto Casa

Diletto Casa eru portúgölsk silkidamask rúmföt sem eru ofin úr sérvalinni bómull. Þau eru afar mjúk og eru með „eacy care finish" sem minnkar krumpur og gerir þau auðveldari í meðhöndlun.

Stærð: 140×200 Efni: 100% bómull Þráðfjöldi: 300. Litir: White, ivory, stone, rosa, khaki. Þvottur: 40°

ARGHIII 211215

Jólaopnun Rekkjunar
Mánudagur 21. des. frá kl. 10:00 - 18:00
Þriðjudagur 22. des. frá kl. 10:00 - 18:00
Þorláksmessa frá kl. 10:00 - 18:00
Lokað 24. til 26. des.
Opið 27.- 30. des. frá kl. 10:00 - 18:00
Lokað 31. des. og 1. janúar 2016

rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16